



ÍSLENSKIR FRÍMÚRARARAR

■ LEYND FRÆÐI KARLAKLÚBBS



Já iðnaðarmenn gjaldprota öðru sinni

■ Rekstur hafinn á þriðju kennitölunni

2. NÓVEMBER 2018 / 42. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



EFTIRSÓTTIR PIPARSVEINAR GENGNIR ÚT

Ásdís Rán



ÍSLENSKIR KARLMENN ALLTOF MIKLAR KERLINGAR

■ Vildi ekki sofa hjá forstjóra
■ Missti verslun í hruninu ■ Flytur inn svartar rósir frá Afríku

Þór mokgræðir á mathöllum



Byssu beint að íslenskri fjölskyldu

■ Grétu og öskruðu af hræðslu



Íslendingarnir sem eldast ekki



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Fagnid vinir, gamanleiknum er lokið.“

– Þýska tónskáldið Ludwig van Beethoven (1770–1827)

Á þessum degi, 2. nóvember



1899 – Búar hefja 118 daga umsátur um borgina Ladysmith í Suður-Afríku. Borgin var þá undir yfirráðum Breta.



1936 – BBC kynnir til sögunnar fyrstu reglulegu „háskerpu“ sjónvarpsútsendingar sögunnar. Þá er átt við háskerpu eins og hún þá var skilgreind.



1960 – Máli R gegn Penguin Books Ltd. lýkur. Málalyktir eru þær að Penguin Books er sýknað af ákæru um klám, vegna bókarinnar Lady Chatterley's Lover.



1965 – Norman Morrison, 31 árs kveikari, kveikir í sjálfum sér fyrir framan anddyri aðalbækistöðva bandaríska varnarmálaráðuneytisins, Pentagon. Þannig vildi Morrison mótmæla notkun bandaríska hersins á napalm í Víetnamstríðinu.



1984 – Glæpakvendið Velma Barfield er tekin af lífi í Bandaríkjunum, fyrst kvenna síðan árið 1962 þar í landi.

Íslensk fjölskylda í óhugnanlegum aðstæðum í Los Angeles

Ókunnugur maður miðaði á þau byssu

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dvi.is

Hrafnhildur P. Þorsteinsdóttir og fjölskylda hennar urðu fyrir óhugnanlegri lífsreynslu í Los Angeles þegar ókunnugur maður miðaði á þau skammbyssu. Í nokkrar mínútur höfðu þau ekki hugmynd um hvert næsta skref hans yrði og hvort þau myndu komast lífs af. Atvikið átti sér stað á fjölfarinni götu að morgni til og líkir Hrafnhildur því við að vera stödd í bíomýnd.

Fyrstu viðbrögðin voru að frjósa Í samtali við við blaðamann lýsir Hrafnhildur þessari skelfilegu upplifun en hún og eiginmaður hennar, Þór Þorsteinsson, voru í fríi í Los Angeles ásamt dóttur sinni og vinkonu hennar sem eru 11 og 14 ára.

Að sögn Hrafnhildar átti atvikið sér stað að morgni 31. júlí en fjölskyldan var þá á leið í Six Flags-tívolígarðinn í Santa Clarita og eftirvæntingin var mikil.

„Við erum nýbúin að beygja af Hollywood Boulevard, inn á Highland Avenue og stoppum þar á gatnamótunum á rauðu ljósi. Þá sjáum við þennan mann ganga rólega yfir götuna. Allt í einu stoppar hann úti á miðri götu, um 30 til 40 metrum fyrir fyrir framan bílinn okkar. Hann hendir frá sér fötum sem hann hélt á, fer með höndina ofan í vasann og rífur upp skammbyssu sem hann síðan beinir að okkur með báðum höndum.“

Hrafnhildur segir erfitt að lýsa þeirri skelfingu sem greip um sig á þessu augnabliki. Skyndilega hafi líf þeirra allra verið í höndum byssumannsins. Fyrstu viðbrögðin hafi að sjálfsögðu verið þau að frjósa.

„Það var eins og tíminn stoppaði. Ég heyrði engin hljóð í kringum mig og ég sá ekkert í kringum mig, það eina sem ég sá var hann og byssan. Í þessum aðstæðum verður maður algjörlega varnalaus. Hann var algjörlega með völdin. Ég öskraði á stelpurnar að beygja sig niður. Það heyrðist ekki múkk í bílnum og í augnablik var allt hljótt.“

Fjölskyldan beið milli vonar og ótta næstu sekúndurnar þar sem þau höfðu ekki hugmynd um hvert næsta skref mannsins yrði, hvort hann myndi koma nær bílnum eða hvort hann myndi byrja að skjóta.


Grétu og öskruðu

Hrafnhildur segir að eftir smástund hafi þau hjónin litið ör-lítið upp fyrir mælaborðið í bílnum. Maðurinn var þá byrjaður að ganga í burtu, sallarólegur, og var ennþá með báðar hendur á byssunni.

„Það var ennþá allt stopp í kringum okkur, engin viðbrögð, engin hljóð.“

Eiginmaður Hrafnhildar ákvað að standa bílinn yfir á rauðu ljósi og segir Hrafnhildur að maðurinn hafi áfram beint byssunni að þeim, allt þar til þau voru komin í hvarf.

„Sjokkið kom eiginlega ekki fyrr en við vorum búin að keyra aðeins lengra og gátum loksins stöðvað



Það var eins og tíminn stoppaði

bílinn. Þá fyrst byrjuðu stelpurnar að gráta og öskra af hræðslu.“

Hrafnhildur segir þau hafa rætt saman í dágóða stund og reynt að ná áttum. Fjölskyldan tók síðan þá ákvörðun að halda sínu striki þrátt fyrir þetta óvænta atvik.

„Við ætluðum ekki að láta þetta eyðileggja fyrir okkur ferðina. Þannig að við fórum í tívolígarðinn eins og við höfðum ákveðið að gera. Við vorum ennþá í áfalli, en stelpurnar áttu þó auðveldara með að gleyma sér í öllu fjörinu.“

Þakklát

Hjónin tilkynntu atvikið til lögreglu daginn eftir, með aðstoð vinafólks síns sem búsett er í Kaliforníu.

„Við tókum skýrt fram að við

vildum tilkynna þetta, að við hefðum verið þarna og við hefðum séð þennan mann og værum tilbúin að bera vitni, en við vildum ekki fara að eyða síðustu dögnum af fríinu á lögreglustöð í skýrslutöku eða sakbendingu.

Hrafnhildur segir að þeim hafi þannig tekist að njóta daganna sem þau áttu eftir í Bandaríkjunum en þau fóru heim til Íslands þann 4. ágúst.

„Við vorum bara mjög dugleg að tala um þetta, og við höfum rætt þetta við stelpurnar í hvert sinn sem þær vilja. Ég held að við höfum unnið mjög vel úr þessu öllu saman og við höfum ekki þurft að leita okkur áfallahjálpar



eða neitt slíkt. Þetta hefði auðvitað geta komið fyrir hvern sem er. Við höfum rætt hvað við erum heppin að ekkert okkar dó og við erum að sjálfsögðu ótrúlega þakklát. Við erum reynslunni ríkari eftir þetta og látum þetta að sjálfsögðu ekki stoppa okkur í neinu.“ ■



Sérfræðingur frá Jensen verður hjá okkur í dag og á morgun laugardag, 2.-3. nóvember. Fáðu aðstoð við að velja rúmið sem hentar þér.*

10% afsláttur af öllum pöntunum.


Sérfræðingur í heimsókn

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- 70 ára reynsla. Skandinavísk hönnun.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Hvert rúm er sérsmíðað fyrir þig.

Stillanlegt rúm, Ambassador**

Verð frá:

627.800.-

*Lokadagur til panta rúm fyrir jól er 20. nóvember

**Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

Hver er hún



Hún er fædd í Reykjavík 4. október árið 1942.

Faðir hennar var forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Hún starfaði sem flugfreyja hjá Loftleiðum um tíma.

Einnig sinnti hún starfi sem skrifstofumaður í Kassagerð Reykjavíkur 1971–1978.

Árið 2009 valdi Forbes hana á lista yfir 100 valdamestu konur heims.

SVAR: JÓHANNA SIGURDÓTTIR

Það er staðreynd að...



Það tekur koffín aðeins tíu mínútur að virka eftir fyrsta kaffisöppann.



Jöklar þekja um 11% af flatarmáli Íslands og þar af er Vatnajökull 70%.



Hjörtu kvenna slá yfirleitt hraðar en hjarta í meðalmanni slær u.þ.b. 70 sinnum á mínútu en hjarta kvenna slær að meðaltali um 78 slög á mínútu.



Það eru fleiri lífverur á húð þinni en sagt er fjöldi fólks í heiminum.



Bananatré er í raun hæsta jurt heims og getur náð allt að 20 metra hæð.

„Hann vildi alltaf gera allt fyrir alla til að hjálpa og gleðja“

Söfnun hafin fyrir fjölskylduna

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Brynjar Berg Guðmundsson lést á mánudag langt fyrir aldur fram, en hann var ný orðinn 31 árs. Brynjar skilur eftir sig konu og tvö ung börn.

„Við vorum saman í 13 ár, en við kynntust í sveitinni, við erum bæði úr Borgarnesi,“ segir Kristín Sif Björgvinsdóttir, kona Brynjars, sem tekst nú á við lífið án hans, ásamt börnum þeirra tveimur, sem eru sex og sjö ára gömul.

„Brynjar Berg gerði allt fyrir mig og börnin okkar og var alltaf tilbúinn að hjálpa vinum sínum. Hann vildi alltaf allt fyrir alla gera til að hjálpa og gleðja. Hann var yndislegur sveitastrákur og hrekkjalómur og elskaði að framkalla bros hjá fólkinu í kringum sig. Hann elskaði fjöllin og sveitina og vildi helst vera þar með þeim sem hann elskaði,“ segir Kristín Sif.

Brynjar var hljóðmaður og starfaði hjá Into The Glacier á Langjökli, hann vann einnig í Hörpu og á fleiri stöðum, enda lifði hann og hræðist í hljóðbransanum frá 15 ára aldri, en ferillinn hófst með hljómsveitinni Á móti sól.

„Brynjar var vinur allra og vildi alltaf hafa gaman. Hann á marga vini, það er ótrúlegt hvað það er margt fólk sem saknar hans,“ segir Kristín Sif.

Útför Brynjars fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 8. nóvember klukkan 15.00

Fjölskylda og vinir Brynjars hafa stofnað söfnunarreikning fyrir fjölskyldu hans. Reikningnum er ætlað til að hjálpa þeim að komast í gegnum þá erfiðu tíma sem framundan eru. ■



Þeir sem vilja sýna samhug og leggja fjölskyldunni lið eru hvattir til að leggja inn á reikninginn.

Reikningsnúmerið er á nafni Kristínar Sifjar.

Kennitala 021283-3399, reikningsnúmer 0326-26-003131

Margt smátt gerir eitt stórt.

Hrekkjavaka er amerískur ósiður



Svarthöfði

Idag fékk Svarthöfði bréf í póstkassann frá hverfisráði Fellahverfis. Þar stóð: „Á morgun er Halloween og munu börnin í hverfinu ganga um og gera Trick or Treat. Ef þú vilt vera með og gefa þeim nammi, eða litlar gjafir eins og Pet Shop eða L.O.L. máttu endilega (og við hvetjum þig til að gera það) merkja við á póstkassanum með Spooky límmiða. Settu grænan límmiða ef þú gefur Vegan.“

Hvílík endemis frekja! Á Svarthöfði að fara að eyða bótunum sínum í sælgæti handa hálfu Breiðholtinu? Eru hverfisráðið og Dagur Bergþóruson búin að eyða öllum peningunum í braggann? Fyrir utan það að Svarthöfði skildi varla helminginn af því sem stóð á þessum bleðli.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi ameríski hryllingssiður dúkkar hér upp í hverfinu en Svarthöfði hefur tekið eftir því að hann er að ágerast og fólk að færa sig upp á skaftið. Krakkar valsa hér um klæddir eins og útbuður eða berklausjúkir hreppsómagar og finnst þetta allt voða merkilegt.

„Sjálfsgagt er þetta úthugsað plott kaupmannana, bæði til að sleppa við útlagaðan sælgætiskostnað og einnig til að selja fleiri og dýrari búninga og smink.

Sjálfsgagt læra þau þetta af Hollí-vúddmyndum en foreldrarnir geta ekki firrt sig ábyrgð. Sumir þeirra taka meira að segja þátt í þessum kjánalátum.

Í fyrra sá Svarthöfði nágranna sinn, mann á fimmtugsaldri, vafinn tveimur eða þremur rúllum af salernisspappír. Þegar Svarthöfði spurði grannann hvort hann væri á leiðinni á Kleppspítala sagðist hann vera að leika dauðan faraó. Þá spurði Svarthöfði sömu spurningar aftur en fékk þá að heyra að hann væri leiðinlegur og halló.

Hvað varð um hinn alíslenska öskudag? Það virðist ekki vera nein stemning fyrir honum lengur, eins og þessi hrekkjavaka hafi



Hrekkjavaka Amerískt húmbúkk.

sogað allt fjörið til sín. Öskudagurinn er langtum heilbrigðari siður. Þá klæða drengir sig í kúrekaföt og stúlkur sig í prinsessukjóla. Einnig erum við launþegar látnir í friði og börnin snúka af auðvaldinu sem er aflögufært. Sjálfsgagt er þetta úthugsað plott kaupmannana, bæði til að sleppa við útlagaðan sælgætiskostnað og einnig til að selja fleiri og dýrari búninga og smink.

Próunin er öll í átt til vesturs. Eftir að hrekkjavakan fór að láta á

sér kræla hefur færst í tal að halda Valentínusardag hátíðlegan hér. En það er einhver amerísk frygðarhátíð sem tekur væntanlega yfir bónda- og konudaginn í fyllingu tímans. Hvað næst? Mun 4. júlí taka við af afmæli Jóns Sigurðssonar sem þjóðhátíðardagur? Þakkargjörð taka við af sprengideginum? Kólumbusardagur taka við af sjómanna deginum? Ekki er gott að segja en eitt er víst, krakkarnir í Fellahverfi fá ekki svo mikið sem eina rúsinu frá Svarthöfða í ár. ■



28.287 kr. á mán.*

OPEL CORSA E
Raðnúmer 740107
Nýskráður: '01'18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 46.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.

Tilboð: 2.190.000 kr.



24.443 kr. á mán.*

MERCEDES BENZ M
Raðnúmer 640717
Nýskráður: '06 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 117.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.

Tilboð: 1.890.000 kr.



16.724 kr. á mán.*

TOYOTA AVENSIS
Raðnúmer 340072
Nýskráður: '10 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 156.000 km.
Verð: 1.490.000 kr.

Tilboð: 1.290.000 kr.



25.717 kr. á mán.*

HYUNDAI ix35 GLS
Raðnúmer 103626
Nýskráður: '12 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 144.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.

Tilboð: 1.990.000 kr.



19.294 kr. á mán.*

OPEL ASTRA NOTCHBACK
Raðnúmer 740163
Nýskráður: '16 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.

Tilboð: 1.490.000 kr.



44.989 kr. á mán.*

SSANGYONG KORANDO HLX
Raðnúmer 444978
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 56.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.

Tilboð: 3.490.000 kr.



35.995 kr. á mán.*

SSANGYONG TIVOLI DLX
Raðnúmer 700229
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 26.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.

Tilboð: 2.790.000 kr.



35.995 kr. á mán.*

SSANGYONG REXTON HLX
Raðnúmer 720017
Nýskráður: '14 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 112.000 km.
Verð: 3.190.000 kr.

Tilboð: 2.790.000 kr.



29.572 kr. á mán.*

PEUGEOT 508 RXH ALLURE
Raðnúmer 340017
Nýskráður: '12 / Hybrid - Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 78.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.

Tilboð: 2.290.000 kr.



20.019 kr. á mán.*

SKODA OCTAVIA
Raðnúmer 720043
Nýskráður: '12 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 165.000 km.
Verð: 1.190.000 kr.

Tilboð: 990.000 kr.

Smelltu þér á notaðan á nýrri heimasíðu



Smelltu á
notadir.benni.is



38.565kr. á mán.*

OPEL INSIGNIA LIMOUSINE
Raðnúmer 445218
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 2.990.000 kr.



25.717 kr. á mán.*

OPEL KARL ENJOY
Raðnúmer 150142
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 0 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 1.990.000 kr.



21.863 kr. á mán.*

TOYOTA YARIS
Raðnúmer 445179
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 23.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 1.690.000 kr.



21.863 kr. á mán.*

TOYOTA YARIS
Raðnúmer 445202
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 30.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 1.690.000 kr.



46.273 kr. á mán.*

SSANGYONG TIVOLI HLX
Raðnúmer 444819
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 3.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 3.590.000 kr.



21.863 kr. á mán.*

NISSAN QASHQAI ACENTA
Raðnúmer 150144
Nýskráður: '16 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 121.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 2.290.000 kr.



24.443 kr. á mán.*

SUZUKI SX4 S-CROSS
Raðnúmer 150110
Nýskráður: '16 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 119.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 1.890.000 kr.



38.565 kr. á mán.*

SUZUKI VITARA GLX
Raðnúmer 150145
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 38.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 2.990.000 kr.



29.572 kr. á mán.*

TOYOTA YARIS ACTIVE PLUS
Raðnúmer 445191
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 23.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 2.290.000 kr.



21.863 kr. á mán.*

TOYOTA YARIS H/B ACTIVE
Raðnúmer 150097
Nýskráður: '16 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 16.000 km.
Kemur með vetrardekkjum

Verð: 2.090.000 kr.



690.000 kr.

OPEL CORSA ENJOY
Raðnúmer 720050
Nýskráður: '15 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 145.000 km.

Verð: 690.000 kr.



690.000 kr.

VW GOLF
Raðnúmer 700270
Nýskráður: '08 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 95.000 km.

Verð: 690.000 kr.



250.000 kr.

VW FOX
Raðnúmer 150114
Nýskráður: '06 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 87.000 km.

Verð: 250.000 kr.



420.000 kr.

TOYOTA YARIS SOL 1,3
Raðnúmer 150088
Nýskráður: '05 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 149.000 km.

Verð: 420.000 kr.



270.000 kr.

OPEL ASTRA G CARAVAN
Raðnúmer 150129
Nýskráður: '02 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 211.000 km.

Verð: 270.000 kr.

**Bílaþjón
Benna**

NOTAÐIR BÍLAR
Skoðuðu úrvalið á notadir.benni.is

Reykjavík
Krókháls 9 | Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl. Útreikningur miðaður við 20% útborgun og 84 mánaðarlegar greiðslur.

MYND/DV HANNA

Þverholt 18. Í þessu húsnæði hefur skrifstofa Já iðnaðarmanna verið starfrækt auk þess sem erlendir starfsmenn hafa haldið þar heimili meðan á dvöl þeirra stendur.



Já iðnaðarmenn gjaldþrota öðru sinni

■ Eigandinn heldur ótraudur áfram á nýrri kennitölu ■ Kennir DV um þrotið

HITTU OKKUR Á FACEBOOK ■ REKKJAN

20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

TRYGGDU ÞÉR HÁGÆÐA HEILSURÚM Á FRÁBÆRU VERÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

Royal Corinna
160 x 200 cm
Hágæða málsett fernissvæði skipt heilsurúm með pokagömmakerfi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 98.726 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 141.037 kr.

Royal Layla
160 x 200 cm
Hágæða málsett fernissvæði skipt pokagömmakerfi með áfótum 10 cm mjúkum toppi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 130.414 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 186.306 kr.

Royal Corinna
180 x 200 cm
Hágæða málsett fernissvæði skipt heilsurúm með pokagömmakerfi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 121.737 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 173.910 kr.

Royal Layla
180 x 200 cm
Hágæða málsett fernissvæði skipt pokagömmakerfi með áfótum 10 cm mjúkum toppi ásamt botni og fótum.
ÚTSÖLUVERÐ 157.509 kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 225.013 kr.

20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Björn Þorfinnsson
Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjornth@dvs.is / bjartmar@dvs.is



Á dögunum var tilkynnt um gjaldþrot fyrirtækisins Verk-takar Já Art2b ehf. sem var rekstrarfélag Já iðnaðarmanna um skeið. Stutt er síðan fyrra rekstrarfélag Já iðnaðarmanna var úrskurðað gjaldþrota en það var í byrjun desember 2017. Alls var 126 milljónum króna lýst í félagið en engar eignir fundust.

DV greindi frá því í desember að þrátt fyrir gjaldþrotið héldi eigandi félagsins, Jóhann Jónas Ingólfsson, ótraudur áfram á nýrri kennitölu. Það fyrirtæki heitir Já iðnaðarmenn verkstæði ehf. og er skráð á móður Jóhanns. Í stuttu samtali við DV vill Jóhann meina að gjaldþrot síðara fyrirtækisins sé fréttaflutningi blaðsins að kenna.

Eins og áður segir hefur Jóhann rekið tvö félög í þrot á innan við ári. Skiptum í fyrra félaginu lauk 11. desember 2017 án þess að kröfuhafar fengu nokkuð upp í lýstar kröfur. Félagið hét Já iðnaðarmenn ehf. þar til í 27. mars 2017. Þegar ljóst var að gjaldþrot blasti við, var nafni fyrirtækisins breytt í Verktakar og endurbætur ehf. Félagið var síðan úrskurðað gjaldþrota nokkrum vikum síðar eða þann 12. apríl. Lauk þar með tæplega tveggja ára rekstrarsögu félagsins.

Þá var rekstur félagsins fluttur yfir í félagið Já iðnaðarmenn Art2b verkstæði ehf. Félagið hélt áður utan um rekstur listagallerís í anddyri Bónusverslunarinnar í Kaup-túni en tilgangi félagsins var síðar breytt í fyrirtækjaskrá á þann veg að fyrirtækið væri einnig í verk-takastarfsemi. Í júní 2018 var nafni fyrirtækisins breytt í Verktakar Já Art2b ehf. og rúmum þremur mánuðum síðar var félagið lýst gjaldþrota.

Í dag er reksturinn kominn yfir í félagið Já iðnaðarmenn verkstæði ehf. Það félag hét áður Diddi annar ehf. en heitinu var breytt yfir í núverandi nafn fyrirtækisins í lok desember 2017, skömmu eftir að

fyrsta fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota.

DV hafði samband við Jóhann vegna gjaldþrotsins og tók hann fyrir-spurn blaðamanns óstínt upp. Vildi hann meina að blaðið hefði kipt fótunum undan rekstrinum með því að fjalla um fyrra gjaldþrot og rifja upp langan og skuggalegan afbrotuferil hans.

Þá fjallaði DV einnig um upp-ákomu við Þverholt 18 þar sem egypskur hælisleitandi dró upp hnif eftir að hafa árangurslaust reynt að innheimta laun sín frá Já iðnaðarmönnum. DV hefur heimildir fyrir því að margir séu sárir eftir viðskipti sín við Jóhann og fyrirtæki hans, bæði starfsmenn sem og viðskiptavinir.

Dæmdur fyrir nauðgun á tíunda áratugnum

Jóhann var fyrst handtekinn fyrir þjófnað árið 1974 en ákæru var frestað skilorðsbundið. Þremur árum síðan fékk hann tvo skilorðsbundna dóma fyrir þjófnað. Í frétt Pressunnar í september 1992 kemur fram að Jóhann, sem þá var 35 ára gamall, hafi komist yfir tuttugu sinnum í kast við lögina á átján árum.

Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar sat Jóhann í fangelsi vegna dóms sem hann hlaut fyrir nauðgun. Nauðgunin átti sér stað í heimahúsi að morgni nýársdags árið 1990. Klæddi Jóhann sofandi konu úr fótunum og hafði við hana samræði gegn hennar vilja. Hlaut Jóhann sex mánaða óskilorðsbundinn dóm fyrir ódæðið. Hann sat inni í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í þrjú mánuði.

Í afplánuninni kynntist hann afbrotamanninum Steini Ármanni Stefánssyni og tókst með þeim vinskapur. Steinn Ármann trúði Jóhanni fyrir því að hann ætti von á stórrí kókaínsendingu til landsins. Þær upplýsingar ákvað Jóhann

að nýta sér til hins ýtrasta.

Lykilvitni í Stóra kókaín málinu

Hann var í erfiðri stöðu því í febrúar 1991 hafði hann verið handtekinn með þrjú kíló af hassi. Ákæra í mál-

inu hafði verið gefin út og átti Jóhann því þungan dóm yfir höfði sér. Um leið og hann lauk afplánun nauðgunardómsins gaf hann sig fram við lögreglu, sagði allt af léttu og tók að sér að þykjast ætla að kaupa efnið með það að markmiði að grípa Stein Ármann með það undir höndum. Áætlunin gekk upp og var málið, sem fékk mikla fjölmiðlaumfjöllum, þekkt sem Stóra kókaín málið. Fram kom að Jóhann hafi freistað þess að fá mildari dóm í hassamáli sínu í staðinn fyrir uppljóstrunina.

Ekki verður hér lagt mat á hvort það ætlunarverk Jóhanns hafi tekið en árið 1993 var hann dæmdur í sjö mánaða fangelsi fyrir innflutning á fíkniefnum og kynferðisbrot. Í kjölfarið ákvað Jóhann að yfirgefa landið.

Interpol ekki að standa sig

Þann 26. mars 1999 greindi DV síðan frá því að Jóhann væri aftur kominn til Íslands eftir að dómurinn gegn honum hafði fymst. Starfaði hann þá fyrir breskt heildsölufyrirtæki sem lét til sín taka hérlandis. Í frétt blaðsins kom fram að íslensks yfirvöld hefðu leitað til Interpol til þess að hafa uppi á Jóhanni en án árangurs. Blaðamaður hafði þá samband við Jóhann og bar undir hann hvort hann hefði vísitandi flúið land til þess að komast hjá fangelsisvist. Því svaraði Jóhann: „Nei, ég var ekki að því. Það er ekki við mig að sakast ef Interpol nær ekki að sinna sínu starfi.“ Hélt hann því fram að honum hefði aldrei verið birt boðun um afplánun refsingar og íslensks yfirvöld hefðu auðveldlega getað haft uppi á honum. ■

REYKJAVIK

RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

ÞÓR MOKGRAEÐIR Á MAT

- Leiguverð mathallanna langt undir markaðsverði
- Reykvíkingar kosta framkvæmdir en einkaaðili græðir



GJAFIFA VÖRUDAGAR



GJAFAVARA
20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Björn Þorfinnsson
Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjornth@dv.is / bjartmar@dv.is



Tvö fyrirtæki í eigu Þór Sigfússonar fjárfestis leigja Mathallirnar tvær, Granda og Hlemm, af Reykjavíkurborg á kostakjörum. Húsnæði Mathallarinnar á Hlemmi er í beinni eigu Reykjavíkurborgar en húsnæðið úti á Granda er í eigu Faxaflóahafna sf., sem er í meirahlutaeigu borgarinnar. Fyrirtæki Þórs hafa heimildir til að endurleigja rýmin út til hinna ýmsu fyrirtækja. Samkvæmt ársreikningi félaganna skilar starfsemi félaga Þórs myljandi hagnaði. Skattgreiðendur í Reykjavík sátu uppi með kostnaðinn við endurbætur á fasteignunum. Sá kostnaður fór gjörsamlega úr böndunum varðandi Mathöllina á Hlemmi en DV hefur ekki upplýsingar um hvað framkvæmdirnar úti á Granda kostuðu skattborgara.

Kostnaðaráætlunin þrefaldaðist

Fyrirtækið Hlemmur Mathöll ehf. leigir gömlu strætómiðstöðina við Laugaveg 107 af Reykjavíkurborg. Félagið er í 100% eigu Ocean Innovation ehf. en það félag er síðan í 100% eigu Íslenska sjávarklasans ehf. 100% eigandi þess félags er Þór Sigfússon.

Mikill metnaður var lagður í uppbyggingu matarmarkaðarins en verkefnið hófst í byrjun árs 2016. Alls var gert ráð fyrir að breytingarnar á húsnæðinu myndu kosta 107 milljónir króna. Þær áætlanir stóðust engan veginn. Í desember 2016 samþykkti borgarráð uppfærða kostnaðaráætlun upp á 152 milljónir. Það dugði ekki og endanlegur kostnaður við Mathöllina á Hlemmi varð 308 milljónir króna.

Fyrirtæki Þórs skrifaði undir leigusamning við Reykjavíkurborg snemma í ferlinu eða í febrúar 2016. Leiguverðið er afar hagstætt eða 1.012.000 krónur á mánuði fyrir húsnæði sem er 529 fermetrar að stærð, eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir tæpu ári. Margvíslegar breytingar voru gerðar á húsnæðinu í ferlinu og tók Reykjavíkurborg þann kostnað á sig án þess að það hefði áhrif á leiguverðið.

Veitingarými leigð út á margföldu verði

Samkvæmt ársreikningi Hlemmur Mathöll ehf. námu leigutekjur félagsins 25,5 milljónum króna fyrir árið 2017. Mathöllin var opnuð um miðjan ágúst 2017 og því eru leigutekjurnar aðeins fyrir fyrstu fimm mánuði ársins. Miðað við fjölda veitingabása á Hlemmi þá er leiguverðið um 500 þúsund krónur á hvern. Að því gefnu þá

GRANDI MATHÖLLUM REYKUVÍKINGA



Pór Sigfússon hagnast vel á að endurleigja húsnæði sem skattborgarar í Reykjavík borguðu háar fjárhæðir fyrir að endurnýja.



eru árstekjur fyrirtækisins af útleigu húsnæðisins rúmlega 61 milljón króna á hverju ári en á móti greiðir félag Þórs rúmlega 12 milljónir króna í leigu til Reykjavíkurborgar.

Þá má geta þess að Reykjavíkurborg gerði einnig einkar vel við Hlemm mathöll ehf. varðandi viðbótarlagerhúsnæði sem fyrirtækið vantaði sárlega. Það rými fékkst leigt á Hverfisgötu 115, fallettu íbúðarhúsnæði milli Hlemms og lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu. Þar fékk fyrirtækið 20 fermetra geymslu, í hjarta borgarinnar, til leigu á 25 þúsund krónur á mánuði.

Til samanburðar leigir Reykjavíkurborg 75 fermetra skrifstofuhúsnæði að Hverfisgötu 76. Leiguverðið fyrir rýmið er rúmlega 205.000 krónur á mánuði eða um 2.700 krónur fyrir hvern fermetra. Borgin leigir því dýrt en leigir út ódýrt.

Myjlandi hagnaður af endurleigu úti á Granda

Grandi Mathöll var opnuð með pomp og prakt þann 1. júní síðastliðinn í húsnæði að Grandagarði 16. Eins og áður segir er húsnæðið í 100% eigu Faxaflóahafna, þar sem Reykjavíkurborg er meirihlutaeigandi með um 75% hlut. Húsnæðið er rúmlega 5.258 fermetrar að stærð en rúma 1.800 fermetra af því leigir fyrirtækið Hús sjávarklasans auk afnota af tæplega 200 fermetra kaffistofu. Það fyrirtæki er í 100% eigu Íslenska sjávarklasans sem

Þór á að fullu.

Leigusamningurinn var undirritaður í janúar 2014 og er uppreiknað leiguverð um 1.590 krónur á fermetra. Það þýðir að heildarleigan á mánuði fyrir allt húsnæðið er um 2,8 milljónir króna og á ársgrundvelli 34,5 milljónir króna. Faxaflóahafnir greiddu fyrir breytingarnar á rýminu sem hýsir mathöllina en ekki liggur fyrir hversu mikill sá kostnaður var og hvort áætlanir stóðust.

Alls eru níu fyrirtæki með veitingabása í Mathöllinni úti á Granda. DV hefur ekki upplýsingar um leiguverð sem hver og einn veitingastaður greiðir. Að því gefnu að það sé sambærilegt því sem veitingastaðirnir greiða á Hlemmi þá eru leigutekjur Þórs um 4,5 milljónir á mánuði fyrir veitingarýmið. Á ársgrundvelli eru það 54 milljónir króna. Þá á fyrirtækið eftir að fá leigutekjur af rúmgöðu skrifstofurými á tveimur hæðum á eftirsóttum stað.

„Búin að vera ofboðsleg vinna“

„Ég hef alveg heyrt þá umræðu að samningarnir séu hagstæðir. Þetta er búin að vera ofboðslega vinna að koma þessu verkefni af stað og margir ófyrirséðir kostnaðarliðir sem hafa lent á okkur sem leigutökum. Til dæmis hefur kostnaðurinn við öryggisgæsluna á Hlemmi verið mun meiri en við gerðum ráð fyrir. Það helgast af fyrri starfsemi sem þarna

var sem og nálægðinni við lögreglustöðina,“ segir Þór. Þá segir hann að ýmsar kostnaðarsamar breytingar hafi fallið á leigutaka, til dæmis við innri innréttingar sem og kæligeymslu. Þá segir hann að loftræstikerfið á Hlemmi hafi verið afar kostnaðarsamt og ráðast þurfi í frekari breytingar.

„Loftræstingin hefur verið vandamál í þessu rými og við þurfum að ráðast í frekari framkvæmdir til að laga það,“ segir Þór.

Þór segist ekki hafa upplýsingar um hvort breytingar við húsnæði Granda Mathallar hafi staðist áætlanir. „Það var mun einfaldara að breyta því hús-

næði. Faxaflóahafnir sáu um að gera rýmið klárt, til dæmis með loftræstingu, hita, milliveggjum og salernum auk þess sem þeir skiptu um gler. Við sáum um sameiginlegu rýmin, starfsmannaaðstöðu og þurr- og kæligeymslur,“ segir Þór. ■

Útifuglafóður

Mikið úrval, gott verð

gæludýr.is

Smáratorg · Bildshöfði · Grandi · Hafnarfjörður



Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Athafnamaðurinn Pétur Einarsson er höfundur myndarinnar Ransacked, sem fjallar um áhrif bankahrunsins á líf venjuleg fólks á Íslandi og starfar hann í dag sem sjálfstæður framleiðandi.

Pétur er fyrrverandi forstöðumaður útibús Glitnis í London og fyrrverandi forstjóri Straums, sonur Einars Benediktssonar, fyrrverandi sendiherra, og alnafni skáldsins fræga. Pétur lánaði Baltasar Kormáki bæði íbúðina sína og líkama í kvikmyndinni Eiðinum, en þar var hann staðgengill Baltasars og hjólaði og synti af miklum krafti, sem var lítið mál fyrir Pétur enda annálaður íþróttamaður sem keppir reglulega í Járnkarlunum.

Pétur er í sambandi með Ilonu Grimm, en nýlega deildi hann mynd af þeim á Facebook í tilefni af því að ár var komið síðan þau kynntust. Ilona er frá Þýskalandi, en er búsett í Reykjavík. Nokkur aldursmunur er á þeim, Ilona er 32 ára og Pétur 54 ára, en ástin spyr ekki um aldur eða landamæri.

Tónlistarmaðurinn og upptökstjórinn Logi Pedro Stefánsson er kominn í samband með Hallveigu Hafstað Haraldsdóttur sem starfar hjá 66°NORÐUR. Logi Pedro birti nýlega mynd af þeim á Instagram þar sem hann óskar henni til hamingju með afmælið. Fjögurra ára aldursmunur er á þeim, en þau eru 22 og 26 ára.

Logi á einn son frá fyrra sambandi með Reykjavíkurdótturinni og leikkonunni Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur. ■



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía





Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% vörðisaukaskatt af þessari sölu.

**TAXFREE* AF ÖLLUM
LEIKFÖNGUM
DAGANA 1.-5. NÓVEMBER**

**Taxfree jafngildir 19,36% afslætti*



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

í Orkuhúsinu og Bæjarlind

Afmælistilboð aðeins laugardaginn 3. nóvember.

Allir nýir skór á 20% afslætti og
fullt af frábærum skóm á 12.000 kr.

Höfum opnað glæsilega sölusíðu
www.gongugreining.is

Erum líka í Bæjarlind 4
Kópavogi

Hlaup á hörðu undirlagi s.s. malbik og hlaupabretti



NÝ SKÓGERÐ

23.990,-

Bedlam

- Súper fjaðrandi æfingaskór sem hendir þér áfram
- Stöðugleikarammi allan hringinn
- Nýr byltingarkenndur DNA Amp fjaðrandi miðsóli



22.990,-

Glycerin 16 300 gr. 10mm drop

- Súper mjúkur og höggdempandi æfingaskór með nýjan DNA Loft miðsóla.
- Færir höggið til hliðar og minnkar þannig álag á liði og bak.
- Hlutlaus styrking
- Áreynslulaus færsla frá niðurstigi að frásýrnu
- Yfirbyggingin faðmar fótinn með 3D Fit print.
- Þessi einfaldlega fer frábærlega með þig í löngum stöðum, göngum og hlaupum.



22.990,-

Levitate 2 300 gr. 10mm drop

- Fjaðrandi DNA Amp miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Sveigjanlegur sóli með örvamunstri ýtir þér hratt áfram
- Bólstraður hækappinn minnkar líkur á nuddi og ver hásinina
- 100% meira fjaðrandi en Boost sólinn.



19.990,-

Adrenaline 18 283 gr. 12 mm drop

- Höggdempandi
- Styrktur að innanverðu
- Var að fá Editors choice verðlaun hjá Runners World sem bara 2-4 skór hljóta á ári og einungis þeir skór koma til greina sem skór ársins.



Skór ársins!

19.990,-

Ghost 11

- Höggdempandi og breiður fram
- Hlutlaus styrking
- Líka til Gore tex 100% vatnsheldur
- Kosinn besti hlaupaskór í heimi 2017 og búin að fá EC á þessu ári í 7 sinn á 10 árum.
- Hugsanlega besti hlaupaskór sem þú getur fengið
- Líka til ekstra breiður (bleikur)



18.990,-

Ravenna 9

- Fjaðrandi
- Styrktur að innanverðu
- „Best Buy“ hjá RW, færð einfaldlega mikið fyrir peninginn
- Færir þig hratt en áreynslulaust áfram

Fyrir ræktina



17.990,-

Pure Flow 7 250 gr. 4 mm drop

- BioMoG Höggdempandi miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Yfirbyggingin faðmar þig eins og sokkur
- Rúnaður hællinn og lítið drop færir þig framár á fótinn
- Til í Crossfit, tækjasalinn á hlaupabrettið og í hóptímann.



19.990,-

Pure Cadence 7 255 gr. 4 mm drop

- Höggdempandi
- Guide Rails stýring á niðurstigi
- Rúnaður hællinn og lítið drop færir þig framár á fótinn
- Góður í ræktina og þú færð höggdempun og stuðning



17.990,-

Revel 2 289 gr. 12 mm drop

- Höggdempandi
- Hlutlaus
- Yfirbyggingin faðmar fótinn og gefur frábært Fit.
- Hitameðferð á garninu tryggir að táboxið haldi lögun sinni og styrk.
- Frábær í ræktina eða bara á götuna



19.990,-

Ravenna 9 269 gr. 10 mm drop

- Fjaðrandi
- Styrktur að innanverðu
- „Best Buy“ hjá RW, færð einfaldlega mikið fyrir peninginn
- Færir þig hratt en áreynslulaust áfram



17.990,-

Launch 5 255 gr. 10 mm drop

- Fjaðrandi sóli
- Léttur og lipur á fæti
- Fjaðrandi sólinn færir þig hratt áfram
- Hlutlaus styrking
- Bæði Boss jakkafatakarlarnir í Rvk. maraþoni í fyrra og Boss kjólakonurnar núna hlupu heilt maraþon í Launch

BROOKS

**20%
afsláttur
af uppgefnu verði**

Fyrir náttúruhlaup og göngutúrinn í náttúrunni



19.990,-

Cascadia 13 337 gr. 10 mm drop

- Höggdempandi æfingaskór
- Frábært grip bæði upp og niður brekkur
- Steinaplata í miðsóla
- Fengið fjölda verðlauna á þeim 13 árum sem hann hefur verið í línunni hjá Brooks



19.990,-

Caldera 2 281 gr. 4 mm drop

- Höggdempandi þykkbotna miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Gott grip við allar aðstæður
- Frábær að losa vatn
- Editors choice há RW.... Enn einn verðlauna skórin
- Mýksti utanvegaskórin á markaðinum



18.990,-

Pure Grit 7 273 gr. 4 mm drop

- Heldur þér nálægt jörðinni
- Hlutlaus styrking
- Grip við allar aðstæður
- Frábær í golfið



17.990,-

Mazama 2 264 gr. 6 mm drop

- Hraður og léttur
- Hlutlaus styrking
- Plata sem kastar þér áfram, svipuð og í spretthlaupaskóm
- Recommended hjá RW.... Ef þú vilt hraða

Fyrir sérstaklega breiðan fót



22.990,-

Glycerin 16 301 gr. 10 mm drop

- Súper mjúkur og höggdempandi æfingaskór með nýjan DNA Loft miðsóla.
- Færir höggið til hliðar og minnkar þannið álag á liði og bak.
- Hlutlaus styrking
- Áreynslulaus færsla frá niðurstigi að frásýrnu
- Yfirbyggingin faðmar fótinn með 3D Fit print.
- Þessi fer einfaldlega frábærlega með þig þegar þú stendur, gengur og hleypur



21.990,-

Dyad 4E 10 329 gr. 10 mm drop

- Mikil höggdempun
- 4E extra breiddur og verulega stöðugur
- Sérstaklega gerður fyrir sérsmíðuð innlegg
- Ef þú ert með breiðan fót og notar innlegg



21.990,-

Addiction 13 377 gr. 12 mm drop

- Verulega styrktur að innanverðu
- 2E fyrir extra breidd
- BioMoGo DNA höggdempandi miðsóli
- Ef þú ert að vinna á fótunum, ert þungur/ur eða skökk/skakkur



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100



Hinn ógnarsterki Matteo Salvini

■ Fyrst sigraði hann Ítalíu ■ Næst er það Evrópa

Matteo Salvini
Liggur ekki á skoðunum sínum.

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Matteo Salvini er áberandi í ítölskum og evrópskum stjórnmálum nú um stundir. Hann er innanríkisráðherra Ítalíu og aðstoðarforsætisráðherra landsins. Hann liggur ekki á skoðunum sínum og hefur gengið harkalega fram í umræðunni um flóttamannamál og meðal annars bannað skipum, sem hafa bjargað flóttamönnum á Miðjarðarhafi, að leggjast að bryggju á Ítalíu. ESB er einn höfuðandstæðingur hans en þannig hefur það ekki alltaf verið. Salvini hefur verið virkur í stjórnmálum síðan snemma á tíunda áratugnum. Þá var ESB ofarlega á vinsældalista hans og hann vildi nota ESB sem efnahags- og siðferðislega lyftistöng fyrir Ítalíu. En nú rignir fjarðskapnum nánast

daglega yfir ESB í færslum hans á Twitter og Facebook. Hann hvetur Ítali til að standa saman.

„Látum ríkisstjórnina vinna fyrir Ítali,“ segir hann meðal annars í tengslum við deilurnar um fjárlög ítölsku ríkisstjórnarinnar en framkvæmdastjórn ESB hefur hafnað fjárlögum og segir þau brjóta gegn reglum ESB. Hvort sem það verður Salvini eða ESB sem hefur betur í þessari deilu þá stendur Salvini uppi með pálmann í höndunum. Ef ESB sigrar getur hann sagt að skrifinnarnir í Brussel eigi sök á því að ekki sé hægt að efna dýr kosningaloford eins og að lækka eftirlaunaaldur og skatta. Ef Ítalir sigra stendur hann uppi sem sigurvegarinn, hinn sterki maður sem sigraði alþjóðlega valdið. Sama hvor niðurstaðan verður ofan á, hún gefur honum frábært tækifæri til að undirbúa næsta verkefni sem er

Látum ríkisstjórnina vinna fyrir Ítali

að safna þeim evrópsku flokkum, sem eru fullir efasemda um ágæti ESB, saman og gera þá áhrifamikla í Brussel.

Salvini er 45 ára, fæddur í Mílanó. Hann lauk stúdentsprófi og starfaði sem blaðamaður. Hann hefur verið félagi í Lega síðan 1990 og formaður flokksins síðan 2013. Fyrsta pólitíska embætti hans var þegar hann var kosinn í borgarstjórn í Mílanó 1993. Hann var kjörinn á þing 2008 og hefur setið á Evrópuþinginu.

Pútín og Trump eru fyrirmyndir Vladimir Pútín Rússlandsforseti og



Lega Fylgijó hækkað úr 4 prósentum í 30 undir stjórn Salvini.

Donald Trump Bandaríkjaforseti eru fyrirmyndir Salvini í pólitík. Lega hefur gert vináttusamning við flokk Pútíns og Rússar hafa boðið ítölum fjárhagslega aðstoð vegna mikilla opinberra skulda landsins en þær nema 130 prósentum af vergri þjóðarframleiðslu. Láns-hæfismat landsins er ekki hátt og nú hefur framkvæmdastjórn ESB hafnað fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Meðal annarra vina Salvini eru Marine Le Pen, formaður National Rally, sem hét áður Front National, í Frakklandi, og Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, en þau eru bæði langt til hægri í stjórnmálum og hafa sama markmið og Salvini, að breyta jafnvæginu í framkvæmdastjórn ESB og koma fleiri íhaldsmönnum að í stað jafnaðarmanna.

Margir Ítalir segja að Salvini sé í raun og veru forsætisráðherra landsins þrátt fyrir að Giuseppe Conte gegni því embætti. Hann aðstoðarforsætisráðherrann, Luigi di Maio úr Fimmstjórnuhreyfingunni, virðist heldur ekki eiga séns í Salvini. Hann dregur nær alla athyglina að sér og virðist að vissu leyti marka stefnu ríkisstjórnarinnar.

Salvini þrýddi forsíðu Time í september en blaðið sagði hann vera hið „Nýja andlit Evrópu“. Í langri grein var reynt að útskýra af hverju svo margir óttast hann. BBC var með mikla umfjöllun um hann í ágúst. Salvini er því kastljósi fjölmiðla og er óumdeilanlega sterkasti ítalski stjórnmálamaðurinn þessa dagana.

Reif fylgi Lega upp

Þegar hann tók við formennsku í Lega 2013 mældist fylgi flokks-

ins aðeins 4 prósent, en spilling og frændhygli hafði gengið nærri flokknum og stofnanda hans, Umberto Bossi. Í kosningunum í mars á þessu ári fékk flokkurinn 17,4 prósent atkvæða.

Fimmstjórnuhreyfingin, sem er stærsti flokkur ríkisstjórnarinnar, hefur misst fylgi undanfarið en það mælist nú tæplega 30 prósent. Á sama tíma hefur Lega aukid fylgi sitt og mælist það nú 30,4 prósent. Í heildina styðja um 60 prósent kjósenda þessa tvo flokka sem verður að túlka sem breiðan og góðan stuðning.

Það er auðvitað ekkert nýnæmi á Ítalíu að sterkir stjórnmálamenn séu mikið í sviðsljósinu og njóti mikils fylgis. Silvio Berlusconi er eitt dæmi um slíkan stjórnmálamann en hann kom fram á sjónarsviðið í stjórnmálum 1992 þegar ítalska stjórnmálakerfið hrundi. Í nóvember 2011 var Mario Monti, úr framkvæmdastjórn ESB, settur sem einhvers konar embættismaður í stól forsætisráðherra til að reyna að bjarga Ítalíu en þá var Berlusconi langt kominn með að keyra landið í efnahagslegt þrot.

Í kosningunum 2013 tapaði flokkur Montis síðan miklu fylgi og fékk tæplega 10 prósent atkvæða. Margir sérfræðingar telja að þessi örlög muni ekki biða Salvini. Hann hafi verið í stjórnmálum síðan 1993 en hafi tekist að markaðssetja sig sem „nýjan mann“ og ekki síst manninn sem ætli að takast á við versta ótta Ítala, flóttamenn. Enda hefur Salvini rekið harða og ósveigjanlega stefnu í málefnum flóttamanna eins og fyrr greinir. Þá hefur hann verið sakaður um að kynda undir rasisma. ■

HÁDEGIS TILBOÐ
VIRKA DAGA
GRILLAÐ ÞORSKSPJÓT,
HUMARSÚPA & BRAUÐ
2.850



EILÍF HAMINGJA

Sægreifinn

Við gömlu höfnina



VIÐ ERUM 26 ÁRA BRJÁLUÐ AFMÆLISTILBOÐ!



24" SKJÁTÖLVA: -20.000, 149.995, **129.995**

RGB TURNKASSI: -50%, 47.995, **23.995**

24" 24" IPS SKJÁR: 29.995, -33%, **19.995**

5 HYLKJA PRENTARI: -40%, 19.995, **11.995**

1TB FLAKKARI: 10.995, -27%, **7.995**

LEIKJASTÓLL: 49.995, -20%, **39.995**

LEIKJAHEYRNARTÓL: -28%, 17.995, **12.995**

LG BLUETOOTH HÁTALARI: -62%, 12.995, **4.995**

FIRE TV: 8.995, -33%, **5.995**

GTX 1070 SKJÁKORT: 79.995, -25%, **59.995**

**OPIÐ ALLA
HELGINA!**

SUÐURLANDSBRAUT
OG GLERÁRTORG

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26

AKUREYRI
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK
GARDARSBRAUT 18A

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6

REYKJANESBÆR
HAFMARGÖTU 90

SELFOSS
AUSTURVÉGI 34

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1

Guðni að fá sitt stærsta loforð í gegn - Hverjir sækja um?

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is

KSÍ leitar nú að yfirmanni knattspyrnumála, starfið er nú auglýst laust til umsóknar og hefur KSÍ útlit að hvaða kosti sá einstaklingur þurfi að hafa. Um er að ræða langstærsta loforð Guðna Bergssonar, formanns KSÍ. Hann var kjörinn formaður í febrúar árið 2017 og talaði um að herþúðir KSÍ þyrftu að hafa yfirmann

knattspyrnumála innan sinna raða. Guðni hefur síðan þá, ásamt stjórn KSÍ, verið að móta starfið. Yfirmaður knattspyrnumála á að hafa umsjón með yngri landsliðum og reyna að samrýma vinnubrögð þeirra. Hann á að vinna fyrir félögin í landinu og reyna að miðla af þekkingu sem þar er að finna. Margir koma til greina, en hverjir gætu sótt um starfið? Hér í þessari grein eru nokkrir kostir skoðaðir auk þess sem farið er yfir kröfurnar sem Guðni Bergsson gerir til umsækjenda.



Rúnar Kristinsson

Nafnið sem hefur hvað oftast verið mátað við starfið og Rúnar hefði margt til brunns að bera miðað við starfslýsingu KSÍ. Rúnar er hins vegar byrjaður að undirbúa næsta tímabil með KR og hefur nánast útilokað að fara í þetta starf. Rúnar hefur mikla reynslu úr landsliðum, þekkir hinn stóra heim fótboltans og hefur náð flottum árangri í þjálfun.

Magni Fannberg Magnússon

Magni var lengi vel þjálfari hér á Íslandi, gat sér gott orð í yngri flokkum HK og reyndi einnig fyrir sér í meistaraflokkum. Magni hefur síðan þá starfað í Svíþjóð og Noregi, fyrst hjá Brommapojkarna, þar sem hann var í yngri flokkum félagsins auk þess að vinna í stefnumótun félagsins, og síðan sem þróunarstjóri hjá Brann í Noregi, þar hefur hann unnið gott starf. Hjá Brann hefur hann búið til rauðan þráð í gegnum yngri flokka starf.



Arnar Grétarsson

Margt gefur til kynna að Arnar væri rétti maðurinn í starfið. Hann hefur starfað sem yfirmaður knattspyrnumála hjá stórum félögum í Evrópu og var á dögnum boðið slíkt starf en hafnaði tilboðinu. Arnar hefur þjálfað og með góðum árangri í Kópavogi. Er án starfs í fótboltanum, þekkir að vinna með ungum leikmönnum og gæti reynst KSÍ vel.



Ólafur Kristjánsson

Ólafur er einn af okkar hæfari þjálfurum, vel menntaður og víðlesinn. Hann hefur reynslu í þjálfun hér heima sem og á erlendri grund. Hefur sannað sig með unga leikmenn í þjálfun og gæti haft gott auga þegar kemur að þjálfun yngri landsliða. Ólafur mætir þeim kröfum sem KSÍ setur en ekki er víst að hann vilji yfirgefa FH með óklárud verkefni.



Sigurður Ragnar Eyjólfsson

Sigurður Ragnar þekkir innra starf KSÍ. Þar vann hann í fræðsludeild auk þess að byggja upp besta kvennalandslið sögunnar sem þjálfari. Sigurður hefur aftað sér reynslu síðan þá, hann hefur þjálfað ÍBV í Pepsi-deild karla. Hann fór til Noregs og starfaði hjá Lilleström og eyddi síðan tveimur árum í Kína. Sigurður hefur reynslu og menntunina sem KSÍ sækist eftir.



Arnar Viðarsson

Arnar hefur reynslu úr þjálfva unglunga- og meistaraflokk í Lokeren og góða reynslu úr landsliði. Arnar hefur unnið vel í Belgíu, sagt er að fjölskyldan vilji vera í Belgíu en samgöngur þangað eru greiðar og það ætti ekki að standa í vegi fyrir honum. Arnar gæti verið góður kostur til að sameina öll landslið og starfið í kringum það.



Arnar Bill Gunnarsson

Arnar hefur víðtæka reynslu, einn færasti þjálfari með börn sem Íslendingar hafa séð, hefur reynslu af meistaraflokkspjálfun og þekkir starf landsliða KSÍ afar vel eftir starf sitt innan sambandsins síðustu ár. Hann hefur starfað í kringum landslið okkar og gæti því talist góður kostur.

Næsti kafli
hefst hjá okkur

GIMLI
FASTEIGNASALA

Bjóðum uppá
frítt söluerómat



FOSSALEYNIR 16, 112 REYKJAVÍK

Þjart og rúmgott atvinnuhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu samtals 936,4 fm, þar af skrifstofuhúsnæði, á 2.hæðum, alls 636,2 fm og iðnaðarhúsnæði, 2 bil með innkeyrsluhurðum, alls 300,2 fm

Allar nánari upplýsingar veitir Halla fasteignasali
s. 659 4044, halla@gimli.is

235.000.000 kr.

Tegund Atvinnuhúsnæði
Stærð 936 M²

gimli.is / Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / 570 4800 / gimli@gimli.is

Yfirmaður knattspyrnumála:

- Yfirmanni knattspyrnumála ber að efla faglegt starf KSÍ á knattspyrnusviði sambandsins og heyrir undir framkvæmdastjóra.
- Ábyrgur fyrir samræmingu og framþróun á vinnubrögðum við þjálfun landsliða og ber að sjá til þess að sú þekking sem er innan KSÍ nýtist íslenskrum knattspyrnu sem best.
- Vinnur að því að efla faglega þekkingu og framþróun á knattspyrnusviði sambandsins þannig að sviðið standist alþjóðlegan samanburð. Umsjón og eftirfylgni með markmiðasetningu því tengdu og vinnur að nýrri afreksstefnu sambandsins.
- Yfirumsjón með samskiptum við aðildarfélög sambandsins og yfirþjálfara þeirra þegar kemur að eflingu og stuðningi við þeirra faglega starf.
- Starfar með lands-

liðsnefndum, fræðslunefnd og mótanefnd KSÍ ásamt öðrum fastanefndum eftir atvikum.

- Tengiliður við erlend knattspyrnufélög og önnur knattspyrnusambönd ásamt UEFA og FIFA.
- Fræðsludeild innan handar við skipulagningu viðburða og útgáfu fræðsluefnis í nafni KSÍ.
- Aðkoma að áætlanagerð og skipulagningu við rekstur landsliðanna ásamt ráðningu þjálfara KSÍ.

Hæfniskröfur:

- UEFA A-gráða skilyrði, UEFA Pro æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af þjálfun og/eða stjórnun
- Leiðtogaþæfileikar
- Góð þekking á íslenskrum knattspyrnu
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð tungumála-kunnátta





Sprautu & Bifreiða-
verkstæði **Borgarness**

Vönduð og fagleg vinnubrögð og mikil
reynsla í vinnu við vörubíla og rútur.
Þjónustum öll tryggingarfélög.

Sólbakki 5 | Borgarnesi | 437 1580 | sbb@simnet.is

BÍLAMÁLUN
Málun og rétting
á bifreiðum af
öllum strærðum
og gerðum.



FRAMRÚÐUSKIPTI

Framrúðuskipti í vörubílum, hópferðabifreiðum og vinnuvélum.

NÝJAR umhverfisvænni **UMBÚÐIR**



sem auðveldu þér valið

TAKTU KAFFITÁRSPRÓFIÐ

profid.kaffitar.is



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Upphlaup Jóns

Jón Gunnarsson, fyrrverandi samgönguráðherra, rær nú öllum árum að því að endurheimta sess sinn innan ríkisstjórnarinnar. Jón var ekki sáttur í nóvember fyrir ári þegar ljóst var að hann myndi ekki fá ráðherrastól og sást hann ganga út um bakdyrnar í Valhöll.

Þegar stjórnarsáttmálinn leit dagsins ljós sagðist hann hissa á ákvörðun nýs samgönguráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar, um að fallið yrði frá hugmyndum Jóns um vegatolla. Jón hafði talað fyrir því að tollahlið yrðu sett við akstursleiðir út af höfuðborgarsvæðinu til að fjármagna uppbyggingu í vegakerfinu.

Nú ferðast hann um landið ásamt félögum sínum, Ásmundi Friðrikssyni og Vilhjálmi Árnasyni, til að auglýsa vegatollana. Heitir fundaröðin „Það er til önnur leið“ og er ekki á vegum ríkisstjórnarinnar.

Til að bregðast við þessu upphlaupi hefur Sigurður Ingi sjálfur boðað frumvarp um vegatolla, þótt hann hafi talað gegn þeim í þinginu fyrir átján mánuðum.

Þögn Svandísar

Mörgum þykir undarlegt hvað Svandís Svavarsdóttir er þögn um frumvarp um þungunarpróf sem nú er í umsagnarferli. Verði það að lögum verður heimilt að binda endi á meðgöngu í 22. viku. Gæti þessi þögn stafað af því að frumvarpið hefur fengið óvenju harða gagnrýni, og ekki aðeins úr hinni fyrirsjáanlegu átt. Svandís virðist ekki einu sinni geta treyst á stuðning frá konum af vinstri vængnum og hafa til dæmis Ólína Þorvarðardóttir og Inga Sæland lýst efasemdum um frumvarpið. Það hafa einnig samtökin Þroskahjálpgert og segja þau frumvarpið sýna fordóma í garð fatlaðra. Þögn gæti verið skynsamlegri kostur fyrir Svandísi en að stíga út í þetta fen.



Lýðræðisfatli Sjómannafélagsins

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Í síðasta helgarblaði DV var Heiðveig María Einarsdóttir í ítarlegu viðtali og ræddi þar á meðal um baráttu sína við núverandi stjórn Sjómannafélags Íslands. Eftir að Heiðveig boðaði framboð sitt til formanns hefur verið róíð öllum árum að því að halda henni frá stólnum. Hefur hún verið sökuð um að rægja stjórnina, spilla sameiningu sjómannafélaga og ganga erinda bæði útgerðarinnar og sósíalista, undarlegur bræðingur það.

Hefur hún sagt að lögum félagsins hafi verið breytt á ólöglegan hátt, reglur stangist á og hafi ekki verið birtar á vefsíðu fyrir en hún boðaði framboð sitt. Með hinum nýju breytingum hafi einungis þeir sem greitt hafa í félagið síðustu þrjú ár verið kjörgengir til formanns, en það hefur Heiðveig ekki gert.

Síðan þá hefur Heiðveig verið rekin úr Sjómannafélagi Íslands. Rekin úr sínu eigin verkalyðsfélagi og nýtur þar af leiðandi ekki þeirrar verndar sem vinnandi fólk í landinu þykir sjálfsgöð. Hverjar

Hvað er það í starfi félagsins sem ekki þolir dagsljósið?



eru svo ástæðurnar fyrir þessu?

Samkvæmt forystumönnum félagsins varð að reka Heiðveigu úr Sjómannafélaginu vegna þess að hún gengi erinda Sósíalista og Gunnars Smára Egilssonar. Að framboð hennar væri liður í yfirtöku þeirra á verkalyðsfélögum.

Hefði þetta þegar gerst, til dæmis í Eflingu og forða yrði Sjómannafélaginu frá sömu örlögum. Ekki er hikað við að vitna í stofnum Sovétríkjanna fyrir hundrað árum til að renna stöðum undir þessar samsæriskenningar. Jafnvel þó að Heiðveig hafi verið í framboði fyrir

Sjálfstæðisflokkinn á sínum tíma og eigi samkvæmt sömu gagnrýnisróddum að ganga erinda útgerðarinnar.

Þetta segir sitt um þann lýðræðisfatla sem virðist viðgangast innan þessa félags. Forystumennirnir treysta ekki félagsmönnum til að kjósa um formann. Þeir eiga þetta og þeir ráða hverjir fá að vera í framboði. Ekki er hikað við að beygja reglur og svipta manneskju félagsvernd til þess að verja þá stöðu.

Segjum sem svo að samsæriskenningar þeirra félaga ættu við rök að styðjast. Að skipskokkurinn og viðskiptalögfræðingurinn Heiðveig væri Lenín sjálfur í dulargervi. Þá hefði forystan engu að síður engan rétt til að beita þessum bellibrögðum til að halda henni frá formannsstölnum. Í lýðræðislegum félögum hafa meðlimir rétt til að kjósa hvern sem þeir vilja, hvaða stefnu sem þeir aðhyllast. Það er fullkomlega eðlilegt að fólk í verkalyðsfélögum deili um hugmyndir og stjórnmalaskoðanir. Sumir verða ofan á og aðrir undir en allir eiga sama rétt á að koma sér á framfæri.

Þessar aðfarir í Sjómannafélagi Íslands benda samt til þess að hér sé ekki um hugmyndafræðilegan ágreining að ræða. Það getur hreinlega ekki verið. Hvað er það í starfi félagsins sem ekki þolir dagsljósið? ■



„Glitnir? Hrunið? Nei, þetta er um stelpuna á Hlölla, fylgistu ekki með fréttum!“

Spurning vikunnar

Átt þú von á verkföllum í vetur?





MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

LÍÓSMYNDIR: DV/HANNA



Galdra Tommi vill koma til spjall

Heiðinn frá f



Straumhvörf í neyðvatnsdælum



GRUNDFOS

**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Grundfos Scala 3-45
Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og
hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra
Innbyggð þurrkeyrsluvörn
Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Tómas V. Albertsson ber titilinn seiðgoði hjá Ásatrúarfélaginu og er í daglegu tali kallaður Galdra Tommi. Um árabil hefur hann rannsakað fjölkynngi en einnig er hann þekktur spilasafnari og hefur sankað að sér vel flestum íslenskum borð- og mannsplilum. Tómas situr nú við skrifir og stefnir á að koma upp spilasafni fyrir austan fjall. DV heimsótti þennan sérstaka og heillandi mann.

Tómas er 58 ára gamall og uppallinn í Skagafirðinum en á ættir að rekja undir Eyjafjöll. Frá þrettán ára aldri vann hann verkamannavinnu og segir hann að skrokkurinn sé farinn fyrir vikið. Fer tugur settist hann á skólabeck á Háskólanum á Akureyri og lærði nútímafræði og svo þjóðfræði í Háskóla Íslands og framhaldsnám í Bretlandi. Hefur hann fengist við eitt og annað í gegnum tíðina, til að mynda ættfræðirannsóknir hjá Oddi Helgasyni.

„Það kenndi mér að leita í gögnum. Þegar ég sé fólk fullyrða einhverja vitleysu í dag þá fer ég gjarnan í frumheimildir til að kynna mér hið rétta.“

Tómas er alþýðlegur og hlýr maður með sitt síða hár og skegg. Hann er einstaklega vel máli

farinn og bæði fróður og minnugur en stutt í brosið. Hann er grúskari af guðs náð sem sökkvir sér djúpt ofan í heimildirnar. Heimildir um hluti sem fáir hafa rannsakað áður.

Prestar förguðu umsóknum

Síðan Tómas man eftir sér hefur hann verið heiðinn og árið 2004 var hann vígður sem seiðgoði hjá Ásatrúarfélaginu. Lengi vel var þó lagður steinn í götu hans til að ganga í félagið.

„Ég vissi ekki hvernig ætti að ganga í félagið, það var mikið leyndarmál hérna á árum áður. Á landsbyggðinni sáu prestar um að skila gögnum til Hagstofunnar,“ segir Tómas og hikar. „En þeir skiluðu þeim ekkert, heldur settu þau beint í eldinn. Þeir voru ekkert að sleppa fólk úr hjörðinni sinni. Þess vegna var erfitt fyrir landsbyggðarfólk að ganga í félagið. Að lokum fór ég sjálfur á Hagstofuna og þar var umsóknareyðublaðið falið bak við borð. Það var eins og það væri ríkisleyndarmál hvernig ætti að skipta um trúfélag.“

Hvað er seiðgoði?

„Ég hef verið mikið að rannsaka alls kyns galdra og kukl. Ögmundur Helgason heitinn, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafnsins, uppfindi mig Galdra Tomma og ég nota það nafn enn í dag. Allt þetta galdral og rannsóknir leiddu til þess að ég

Drá inni koma upp Blasafni

Æðingu ■ Rannsakar galdra og spil

var titlaður seiðgoði," segir Tómas og hlær.

Pannig að þú mátt gifta og jarða?

„Já, ég er með öll réttindi og var til dæmis með tvær giftingar í sumar. Þetta dettur inn af og til hjá mér og verður sjálfsgift meira eftir að ég verð allfluttur til landsins. Það er ansi mikið að gera í félaginu, hvað varðar giftingar, nafngjafir, siðfestu og fleira. Við erum að nálgast 5.000 manns og hofið í góðri byggingu. Við erum þegar komin með 60 prósent af fyrsta áfanga," segir hann rogginn. „Án þess að taka lán!“

Galdrar virkuðu

Tómas gerir sér ekki alveg grein fyrir hvers vegna hann hefur haft svona mikinn áhuga á göldrum.

„Mér finnst þetta bara svo gaman. Galdur er í sjálfu sér ekkert svo frábrugðinn sumu af þessu kaþólska bænaveseni. Þetta er aðeins önnur leið að sömu markmiðum. Fólk hefur alltaf verið að leita að leiðum til lækningar og betrunar. Mikið af þessum íslensku göldrum er varnargaldrar fyrir reiði, öfund og fégirnd annarra á þeirra eigið fé til dæmis.“

Virka galdrar að einhverju leyti?

„Já, á sálfræðilegan hátt. Ef þú trúir einhverju, þá virkar það. Það er hægt að sjá það í sögum og sögnum að galdrar auka staðfestu manna. Kröftugustu særingarnar

reyndust oft aðeins vera Faðirvorið á latínu aftur á bak," segir Tómas og skellir upp úr.

Fólk trúði á þetta áður fyrr?

„Já, mjög. Ég hef einnig séð þess merki að sumir hafi framleitt galdrabækur til þess að selja útlendingum sem hingað komu. Var það þá nokkurs konar ferðamannabransi.“

Hafa galdrar fylgt þjóðinni frá landnámi?

„Galdrar og ekki galdrar," segir Tómas hugsi. „Ég held að margir kaþólskir prestar í fyrri tíð hefðu fremur skilgreint þetta sem heiðinsskap heldur en galdur. Elstu heimildirnar eru um konur sem fóru í hella með mat, sem var ákveðin fórnarathöfn en ekki galdur. Þegar lútherisminn kom versnaði svo margt og þá var margt simplað sem galdur þó að það hafi ekki verið það.“

Söfnunaráráttan

Tómas hefur safnað íslenskum borðspilum í fimmtán ár, bæði alíslenskum og þýddum og staðfærðum. Einnig safnar hann íslenskum mannspilum, sem oft hafa verið gefin út af fyrirtækjum og stofnunum. eru borðspilin orðin um 400 talsins, sem Tómas gerir ráð fyrir að sé um 95 prósent af heildinni og mannspilastokkarnir eru orðnir í kringum 2.000.

„Það er vænlegast að telja þetta í brettum og ég er kominn með

tvær Euro-pallettur hérna inni," en spilin fær hann nú að geyma í kjallaranum í Spilavinum. Tómas er nú að vinna að flutningum til Íslands en hann hefur búið í Bretlandi undanfarin ár. „Ég er með eina pallettu í viðbót með Waddingtons-leikjum sem ég ætla að koma með líka, og bækur.“

Tómas er ekki einungis að þessa fyrir sjálfan sig því að hann situr við skrifir að bók um íslensk spil, frá landnámi til dagsins í dag, og stefnir á að gefa hana út um áramótin.

Af hverju hefur þú svona mikinn áhuga á þessu?

„Að hluta er þetta söfnunarárátta," segir Tómas og brosir. „Svo finnst mér þetta áhugavert því það er lítið vitað og þetta hefur eiginlega allt verið frumrannsókn hjá mér. Það hefur ekkert verið tekið saman um hvað hefur verið gefið út. Því hefur verið haldið fram að lítið hafi verið spilað hérna á Íslandi á árum áður en það er vitleysa. Til að mynda var starfræktur klúbbur í Reykjavík frá 1805 til 1843 en mjög lítið hefur verið skrifað um hann.“

Þótti þetta ómerkilegt?

„Já. Þeir sem voru að skrifa einblíndu á hvað væri alíslenskt og spil voru talin útlenskt áhugamál. Það var fyrst og fremst kotran sem fjallað var um af því að hún er íslensk, og skák.“

Kotra er séríslenskt tilbrigði við



„Hér á Íslandi var spilað um peninga og sumir veðjuðu andskoti miklu.“

Backgammon, spilað á sams konar borði.

„Þessi hugsun manna um reglur er 20. aldar hugmynd. Reglur voru ekki svo nákvæmar, fóru frá munni til munns og hliðruðust til eftir stöðum og tíma. Þær voru ekki festar á blað fyrr en á 19. öld þegar bækur fóru að verða algengar.“

Hvað vantar þig mikið?

„Mig vantar helst spil gefin út á árunum 1933 til 1960. Þau sem ég hef mest verið að leita að eru fasteignaspilið Bungaló, Grettisund, Sóknin, Skíðahlaup, Kappflugði í kringum Ísland, Flugtaflið, Stafaleikir með afa og ömmu, Jólaveinn á jeppa og Sýrpuútgáfur. Knattspyrnuspilið á ég tætlur af. Ég náði 10 litlum negrastrákum fyrir tveimur eða þremur árum. Kappflugði til Heklu kom núna fyrir skemmstu. Þetta tínist til.“

Sturlungar spiluðu

Tómas er duglegur að auglýsa að hann sé að safna og hefur fólk komið og fært honum það sem finnst, til að mynda á háaloftum, í bílskúrum og sumarbústöðum. Hann gerir sér þó grein fyrir að sum spilin gætu verið glötuð. Nefnir hann til dæmis Handboltspilið frá 1961 sem seldist illa og líklega var lagernum fargað. „Sum eru líklega alfarið glötuð, en maður veit aldrei.“

Fyrstu spilin sem voru gefin út á Íslandi voru Lúdó og Í kringum Ísland. Síðan varð mikil bylting þegar Matador, íslensk útgáfa af Monopoly, kom út árið 1939. Á sama ári kom út Milljónir, sams konar og Matador, en varð undir í harðri samkeppni.

Íslendingar hafa þó vafalaust spilað alla tíð frá landnámi eins og Tómas bendir á. Í Sturlungu, sem skrifuð var á þrettánda öld, er minnst á kotru og hnefatafl var iðkað á víkingatíma. Á Backgammon-borði spiluðu Íslendingar einnig tilbrigði sem heitir Að elta stelpur. Spil hafa ekki aðeins fylgt Íslendingum heldur mannkyninu öllu og er það elsta Senet, sem fannst í graphýsi faraós í Egyptalandi.

„Spil höfðu gjarnan trúarlegan

tilgang, til dæmis Senet þar sem leikendur voru að spila sig inn til dauða. Slönguspilið, sem í dag er barnaspil, er upprunnið frá Indlandi og var lengi spilað í klaustrum. Það kenndi fólk dyggðir og syndir.“

Skrattinn í spilunum

Af hverju var bannað að spila á jólunum hér áður fyrr?

„Það á fyrst og fremst við mannspil, aðallega púkk og lomber, en ekki borðspil. Það var sagt að kæmi fram aukakóngur í lomber, sem væri skrattinn sjálfur. Þetta var vinsælt jólaspil en menn gátu orðið æstir og farið offari," segir Tómas og brosir út í annað. Lomber var eitt vinsælasta fjárhættuspilið í Reykjavík um miðja síðustu öld. „Þá komu sögurnar um að skrattinn væri kominn í þá. Í sumum fjölskyldum er enn þá bannað að spila á jólunum, í öðrum eru jólin einmitt tíminn til að spila.“

Tómas hefur rannsakað frumheimildir, dómabækur, uppboðsgögn og fleira.

„Hér á Íslandi var spilað um peninga og sumir veðjuðu andskoti miklu. Á uppboðunum sé ég það að spil voru mun algengari en áður hefur verið talið og það voru embættismennirnir sem keyptu þessa muni. Árið 1734 var til dæmis brotist inn hjá kaupmanninum á Hofsósi og fjórum spilastokkum stolið. Það eru einnig til heimildir um spilapeninga á Íslandi rétt fyrir aldamótin 1800, í uppboðsgögnum frá skólástjóra Bessastaðaskóla.“

Tómas segir að spilamennska hafi verið algengari hjá efnuðu fólk, embættismönnum, prestum, kaupmönnum og stórbændum. En þó séu til heimildir um að spilað hafi verið í verbúðum, til dæmis.

„Íslendingar hafa tvímælalaust spilað meira en nágrannaþjóðirnar, til dæmis Bretar, og þess vegna vorum við svo framarlega í skák. Í stærri löndum var önnur afþreying til boða, skemmtistaðir, veðreiðar og fleira og svo hefur veðráttan tvímælalaust haft sitt að segja.“

Auk þess að gefa út bókina þá er Tómas að leita að hentugu húsnæði austan við fjall, þaðan sem hann er ættaður. Þar vill hann koma upp Spilasafni Íslands og í fyllingu tímans rannsóknarsetri um afþreyingu Íslendinga í víðu samhengi. Spilakassana, íþróttafélögin, skátáfélögin og alla dægradvöl landans. ■

ÞEKKTIR ÍSLENDINGAR SEM VIRÐAST BAÐA SIG Í FORMALÍNI

■ Sumir Íslendingar virðast hafa aðgang að æskubrunni ■ Ekki útilokað að einhverjir séu tímalausar vampírir

Eins og gengur þá eldist fólk misvel. Á meðan sumir virðast ávallt eldri en þeir raunverulega eru þá eru aðrir sem virðast hafa gripið æskuljómann tveimur höndum og virðast ekkert á því að sleppa. DV tók

saman nokkra þekktu Íslendinga sem eru reglulega í sviðsljósinu en virðast ekki eldast neitt. Hvort þessir einstaklingar baði sig í formalíni á kvöldin skal ósagt látið en líklega unnu þeir fyrsta vinning í genahappdrættinu.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands, gæti einnig gengið inn í hvaða menntaskóla sem er án þess að vekja neina sérstaka athygli. Hún ber pólitísku reynsluna og ljáandi ábyrgð embættisins ekki utan á sér.



Tónlistarmaðurinn **Gunnlaugur Briem** hefur ekkert breyst frá því að hann kom fyrst fram á sjónarsviðið með hljómsveitinni Mezzoforte. Það er ekki útilokað að hann sé einhvers konar tímalaus vampír.



Mæðgurnar og söngdívurnar, **Svanhildur Jakobsdóttir** og **Anna Mjöll Ólafsdóttir**, virðast hafa fundið æskubrunninn og geisla af heilbrigði og þrótti.

Tónlistarmaðurinn og menningarfrömuðurinn **Jakob Frímagnússon** virðist yngjast með hverju árinu. Óaðfinnanlegar strípur og fagleg líkamsumhirda gerir gæfumuninn.

Íþrótaálfurinn **Magnús Scheving** hefur verið eins í marga áratugi. Það er ekki útilokað að mikil hreyfing og heilbriggt mataræði hafi eitthvað með það að gera hvað frumkvöðullinn er glæsilegur á velli.



Sama gildir um fyrrverandi spúsu Jakobs Frímagnússonar, **Ragnhildr Gísladóttir**, sem hefur verið óbreytt frá því að hún steig fyrst fram á sjónarsviðið fyrir um fjórum áratugum. Það kemur eflaust reglulega fyrir að Ragga sé spurð um skilríki í Ríkinnu

RÁIN
FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK



Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601

Annar sem er góð auglýsing fyrir hreyfingu og mataræði er rithöfundurinn og fyrrverandi knattspyrnumaðurinn, **Porgrímur Þráinsson**. Á meðan flestir eldast eins og brauð þá eldist Porgrímur eins og rauðvín. Samt er hann á móti áfengi.



Sjónvarpsmaðurinn **Gísli Marteinn Baldursson** gæti gengið inn í hvaða menntaskóla sem er, sest á skólabeck og enginn myndi kippa sér upp við það. Þannig hefur það verið í nokkra áratugi og verður eflaust um ókomna tíð.





INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C (því 60 - 75 er það sem lætur þig svitna)
- 4manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 2360W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Cabinet Size: 1650x970x780x1900mm
- Feet Heating Panel on floor



INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C
- 2manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 1845W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Size: 1200x1050x1900mm
- Feet Heating Panel on floor



INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C
- 3manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 2190W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Size: 1500x1050x1900mm
- Feet Heating Panel on floor

FLEIRI VÖRUR MÁ FINNA INNÁ HEIMASÍÐUNNI OKKAR



NUDDBEKKUR

- Ef þú ert mikið fyrir að fara upp á bekk og nudda viðskiptavin þannig þá er þetta bekkurinn fyrir þig því hann tekur það mikla þyngd í vinnu þ.e 340 kg.
- Tekur 340 kg
- Breidd 79cm, lengd 1.84 m fyrir utan höfuðpúða.
- 7.6cm þykkt með memory foam



SNYRTI OG NUDDBEKKUR


- Tilvalið fyrir Snýrtifræðinginn, Nuddarann, fóttaðgerðafræðinginn og aðra í heilsugeiranum
- Lyftir 202 kg
- Breidd 76 cm án arma
- Rafmagnslyfta á efri og neðri hluta
- Höfuðpúði þar sem andlit fellur inn í fylgir
- Svartir og Beige litaðir



TOGBEKKUR

- Togbekkur sem kemur bakinu þínu í lag
- Togbekkur fyrir hryggjaliðina og bakverki
- Gott við allskyns bakvandamálum
- Losar um stress
- Eikur liðleika og hreifigetu

Kepler geimsjónaukinn. Mynd:NASA



KEPLER-GEIMSJÓNAUKINN ER FARINN Á EFTIRLAUN – FANN 2.662 PLÁNETUR

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Eftir níu ára starf úti í geimnum fyrir bandarísku geimferðastofnunina NASA er sjónaukinn Kepler nú farinn á eftirlaun. Hann á það líklega skilið enda hefur hann gert margar tímamótauppgötvánir. Hann fann

2.662 plánetur og sýndi fram á að það eru fleiri plánetur en stjörnur í Vetrarbrautinni.

Kepler hefur lagt 150 milljónir kílómetra að baki í geimnum, verið beint að 530.506 stjörnum og 2.946 vísindagreinum hafa verið birtar á grunni upplýsinga frá honum. En nú er þessu lokið því eldsneyti hans er á þrotum og því hefur verið

ákveðið að hann fari á eftirlaun.

Kepler hefur markað nýja stefnu í geimrannsóknnum, stefnu sem næsta kynslóð vísindamanna mun án efa fylgja að sögn Williams Borucki, fyrirverandi starfsmanns NASA, sem var einn af aðal-hugmyndasmiðunum á bak við Kepler.

Lögreglumenn komu undarlega fram við fatafellur – Þær fá bætur vegna málsins

San Diego í Bandaríkjunum hafa borgaryfirvöld sett reglur um starfsemi nektardansstaða og fatafella. Samkvæmt þeim þurfa fatafellur að vera með starfsleyfi frá borginni til að mega fækka fötum á nektardansstöðum og þurfa að bera sérstök skilríki.

Árin 2013 og 2014 komu lögreglumenn á tvo nektardansstaði í borginni og komu undarlega fram við fatafellur sem þar voru að störfum. Fatafellunum var haldið föngnum í rúmlega klukkustund og þær látnar sæta undarlegum skoðunum og var síðan stillt upp í myndatöku. Vísuðu lögreglumennirnir í fyrrnefnda reglugerð þegar þeir voru spurðir um ástæðurnar fyrir þessu.

LA Times og reason.com skýra meðal annars frá þessu. Fram kemur að lögreglumenn hafi sagt að þeir væru að taka myndir af húðflúri kvennanna til að hægt væri að fylgjast með þeim en svipaðri aðferð er beitt við meðlimi glæpa-gengja.

Sautján fatafellur töldu þetta brjóta gegn stjórnarskrárvörðum rétti þeirra og fóru í mál við borgaryfirvöld. Alríkisdómari í San Diego úrskurðaði síðan að þetta hefði brotið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum þeirra til að tjá sig með því að fækka fötum fyrir framan aðra. Á hinn bóginn úrskurðaði hann að fatafellurnar



yrðu að sætta sig við að lögreglan leitaði á þeim án dómsúrskurðar því þær hafi fallist á „sanngjarna leit“ þegar þær fengu starfsleyfi sem fatafellur. Þar sem það er skylda að fá slíkt leyfi til að mega starfa við fatafækkun í borginni verða konurnar að gangast undir þetta ef þær vilja starfa löglega í borginni.

Nýlega sömdu borgaryfirvöld síðan við fatafellurnar um að greiða þeim bætur vegna aðgerða lögreglunnar og fær hver þeirra um 100.000 dollara í sinn hlut.

Lake Waitaki. Mynd:Realestate.co.nz



Langar þig að eignast heilt þorp? Nú er tækifærið

Ef þú átt mikið af peningum og þarft að fjárfesta, nú eða ef þig langar til að eignast heilt þorp þá er tækifæri til þess núna. Á Nýja-Sjálandi er þorpið Lake Waitaki til sölu í heilu lagi. Það var reist á fjórða áratugnum fyrir fólk sem vann við stíflu á svæðinu. Þegar stíflan var gerð algjörlega sjálfvirk 1989 fluttu allir íbúarnir á brott og þorpið hefur staðið autt síðan.

Fyrir sem samsvarar um 78 milljónum íslenskra króna er hægt að eignast þorpið með öllu sem í því er. Þar eru átta stór einbýlishús, veitingastaður, samkomuhús, níu bílskúrar og vatnsveita.

Ríkið átti þorpið í upphafi en það var selt til einkaaðila 1991

og hefur síðan gengið kaupum og sölum. Margir hafa reynt að blása lífi í þetta gamla þorp en án árangurs þrátt fyrir að hugmyndirnar hafi oft og tíðum verið stórar.

Það er þó einn hængur á þessu öllu samam ef Íslendingur vill kaupa þorpið því nýlega voru sett lög á Nýja-Sjálandi sem banna útlendingum að kaupa fasteignir. En eins og oft vill verða með löggjöf eru krókaleiðir færar. Í þessu tilfalli mega útlendingar sem vilja kaupa fasteign á Nýja-Sjálandi og gera hana að heimili sínu í 183 daga, hið minnsta, á ári kaupa fasteignir.

Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is

Á TOPPNUM Í YFIR 20 ÁR

500.000 eintök seld á Íslandi


„Sannkallaður sagnameistari.“

THE GUARDIAN



GLÆSILEGUR
VINNINGUR LEYNIST
Í EINNI BÓKINNI.
FÆRÐ ÞÚ HANN?

Snilldarleg saga um
brostnar vonir og börn
sem eiga sér hvergi skjól



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

Ásdís einbeitt sér nú að nýju viðskiptatækifæri – innflutningi á svörtum rósum frá Afríku.

MYND: BRYNJA



Fafnréttisbaráttan hefur gert karlmenn að kerlingum

■ Ísdrottninguna Ásdísi Rán þarf vart að kynna ■ Hefur komið víða við á löngum ferli ■ Talar umbúðalaust um MeToo, kvenréttindabaráttu og einhleypa lífið

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Ég er komin á þann aldur að mig langar bara að gera það sem mér finnst skemmtilegt, gerir mig hamingjusama og skilur eitthvað eftir sig," segir fyrirsætan, þyrflugmaðurinn og frumkvöðullinn Ásdís Rán Gunnarsdóttir. Ásdísi þarf vart að kynna en hún er ein farsælasta fyrirsæta Íslands og gengur alla jafna undir nafninu Ísdrottningin. Lítið hefur farið fyrir Ásdísi í sviðsljósinu síðasta árið en nýtt viðskiptatækifæri á hug og hjarta hennar í dag – nefni-

lega innflutningur á kolbikasvörtum rósum frá Afríku. Í einlægu viðtali við DV opnar hún sig um ástina, kvenréttindabaráttu, MeToo-byltinguna og samfélagsmiðlastjörnur.

„Ég er búin að stútfylla draumapakkann," segir Ásdís brosandí er blaðamaður spyr hvort hún sjái eftir einhverju á löngum ferli sínum í sviðsljósinu. „Ég er búin að gera mögulega allt, uppfylla alla mína drauma, prófa allt sem mig langaði að gera og búa úti um allan heim. Þannig að ég gæti bókstaflega dáið sátt núna. Það er ekkert sem ég hefði gert öðruvísi og ég sé ekki eftir neinu sem ég

man eftir eða nagar mig eitthvað. En þar sem ég er búin með svo mikið í mínu lífi er varðar vinnu, frama, lærdóm og upplifun þá er næsta verk einfaldlega að njóta lífsins, finna hamingjuna, fylgja börnunum mínum í gegnum lífið, ferðast, huga að andlegri og líkamlegri heilsu og gera það sem mér finnst skemmtilegt og gerir mig hamingjusama."

Hjartað alltaf í Búlgaríu

Ásdís fæddist á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum 12. ágúst árið 1979, dóttir Gunnars Vignissonar og Eyglóar Gunnþórsdóttur sem nú eru skilin. Hún bjó á Egilsstöðum

um árabíl og einnig nokkur ár á Höfn. Síðar flutti hún til Reykjavíkur og gekk í Breiðholtsskóla. Hún var aðeins fjórtán ára gömul þegar stjórnljósmyndarinn Björn Blöndal tók fyrstu myndina af henni, en gamla brýnið uppgötvaði þessa ungu og efnilegu stúlku á hárgreiðslustofunni Hödd þar sem hún vann með skóla. Ári síðar byrjaði hún að sitja fyrir fyrir alvöru, sem markaði upphaf glæsts fyrirsætufेरils.

Búlgaríu kallaði þegar þáverandi eiginmaður Ásdísar, knattspyrnumaðurinn Garðar Gunnlaugsson, skrifaði undir samning við CSKA Sofia árið 2007.

Ásdís átti góðu gengi að fagna í Búlgaríu og fengu Íslendingar reglulegar fréttir af henni í gegnum búlgarska miðla. Ásdís hefur verið búsett á Íslandi í nokkur ár, en er hún komin til að vera í þetta sinn?

„Ég held að ég verði alltaf með annan fótinn annars staðar. Mér finnst fínt að vera komin hingað og öll fjölskyldan á einum stað. En svo nota ég flest tækifæri sem gefast til að fara til Sofíu eða eitthvert annað. Ég er með fbúð og bíl bæði hér og í Sofíu þannig að ég lít á þessa tvo staði sem heimili mín. Það var alltaf minn draumur frá unga aldri að hafa aðsetur í fleiri

Ásdís er hugfangin af svörtum rósum.
MYND: BRYNJA



líst þó ekki á blikuna þegar talið berst að samfélagsmiðlum og þeim stjörnum sem spretta þar upp eins og gorkúlur.

„Mér finnst svolítið skrytið hvað þetta er algengt í dag vegna þess að ég var nánast ein á þessum markaði frá unga aldri og það var mjög umdeilt. Núna er bara eðlilegt að eða ekki. En mér finnst tímaeyðslan í þessu hjá stelpum fátánleg. Mér finnst hræðilegt að sjá hvað fólk verður heltekið af því að pósta og snappa öllu sem það gerir að það gleymir að njóta augnabliksins og lífsins. Þetta gengur allt út á að fá „like“ eða viðurkenningu frá samfélaginu. Mér finnst fólk ganga fulllangt í að seilast eftir því. Einhvers staðar sá ég góða tilvitnun sem var eitthvað á þessa leið: „Ímyndið ykkur ef Instagram yrði eytt og búmm – þú ert ekki fyrirsæta lengur,“ segir Ásdís, hlær og heldur áfram. „Mér finnst það ekki mikið afrek að vera Instagram-stjarna ef það er ekkert meira þar á bak við en finar mynd-

ir. Það geta flestir orðið Instagram-stjörnur ef þeir nenna að eyða svona miklum tíma í að taka myndir af sjálfum sér, „photoshop“-a þær og koma sér á framfæri með réttum aðferðum alla daga. En svo eru aðrar stjörnur sem hafa tilgang og veita innblástur, til dæmis afreksfólk, alvöru fyrirsætur, heilsugúrur, íþróttafólk og alls konar fólk sem er bara frábært og gaman að fylgjast með.“

Vill hjálpa fólki og miðla reynslu

Þó að Ásdís hafi, eins og áður segir, haldið sér til hlés síðasta árið er aldrei lognmolla í kringum þessa metnaðarfullu konu.

„Ég er í skóla og klára einkaþjálfaranám núna í desember. Þá verð ég löggiltur einkaþjálfari og get farið að miðla minni reynslu sem ég hef viðað að mér síðustu tuttugu ár í þessum heimi. Vonandi get ég hjálpað fólki með heilsu og lífsstíl í aukavinnu, mér til gamans. Þá get ég spunnið saman andlega og líkamlega heilsu, eða markþjálfun, út frá bókinni minni Valkyrjunn og íþróttanáminu. Ég var oft að kenna í ræktinni í gamla daga, en þá þurfti maður engin réttindi. Annars er þetta bara áhugamál og ástríða og mér finnst gaman að hjálpa fólki og

miðla reynslu, þannig að ég ákvað að skella mér í námið út frá því,“ segir Ásdís.

Svalt að gefa karlmanni svarta rós

Samhliða náminu og fyrrnefndri bók, Valkyrjunn, sem kom út í fyrra, er Ásdís komin á kaf í innflutning á kolbikasvörtum rósum frá Afríku.

„Hausinn á mér er mjög virkur og er alltaf að búa til einhverjar hugmyndir. Ég á oft erfitt með svefn út af því. Ég er búin að prófa ótrúlega margt og líka búin að klúðra mörgu. Það hlýtur að fara að koma að því að ég verði rík af einhverju,“ segir hún og hlær. „Þetta var reyndar svolítið öðruvísi með rósinar. Þetta var ekki mín hugmynd. Ég varð bara algjörlega ástfangin af svörtu rósunum í Búlgaríu. Þvílík fegurð, og sú staðreynd að þær eru svartar, geti lifað í marga mánuði án vatns, ekki visnað og ilmað stórkostlega allan tímann heillaði mig upp úr skónum og þær áttu hug minn allan. Ég ákvað að flytja þær inn aðallega út af ástríðu og mig langaði að færa Íslendingum þessa stórkostlegu fegurð,“ segir Ásdís, en þótt rósinar séu að uppruna afrískar er vörumerkið Metanoia De La Rose sem

Ásdís flytur inn búlgarskt.

„Þær eru allar í glæsilegum, lokuðum gjafapakningum með borða og það er eitthvað svo glæsilegt og dularfullt við þessar rósin. Ég geng framhjá þeim í eldhúsinu á hverjum degi og hugsa: Vá.“

Ég er ljón og mikill fagurkeri og finnst gaman að hafa fallega hluti og fegurð í kringum mig,“ segir hún og er gjörsamlega hugfangin af þessum nýja bransa sem hún er komin í.

„Líftíminn hjá svörtu rósunum er misjafn og getur alveg farið upp í ár. Sagan segir að það fari eftir ástinni sem fylgir rósinni þegar hún er gefin. Svarta rósina er einstök. Hún er fallegasta og sérstakasta rós í heiminum. Svo er líka svalt að gefa karlmanni svarta rós og hægt er að gefa hana við hvaða tilefni sem er.“

Fyrsta sending af rósunum kemur til landsins í lok nóvember og verður hægt að pantast þær á heimasíðunni metanoia.is. Ásdís segir að takmarkað magn verði í boði og bætir við að rósinar séu gífurlega vinsælar í alls kyns skreytingar.

„Hótel, veitingastaðir og hönnuðir nota þær mikið í skreytingar því þær endast svo lengi. Það kemur betur út í kost-

aði í staðinn fyrir að þurfa að skipta blómum út vikulega.“

Á skilið ævintýri

Áður en blaðamaður kveður Ásdís verður hann að spyrja hverju hún sé stoltust af á löngum og farsælum ferli.

„Ég held að það sem standi upp úr sé Icequeen-vörumerkið, Íshellirinn og náttúrulega þyrluflugmannsprófið. Svo á ég ótrúlega margar fallegar forsiður og myndatökur að baki, sjónvarpsþætti og fleira sem ég er stolt af,“ segir Ísdrottningin og bætir við að hún sé hvergi nærri hætt.

„Vonandi gengur rósabusinessinn vel og ég verð rósadrottning. Svo væri ég alveg til í að vinna í sjónvarpi aftur. Mér finnst það skemmtilegast en það eru bara fá tækifæri í þeim bransa hér á Íslandi. Ég yrði líklegast að sækja þau tækifæri erlendis, framleiða mitt eigið sjónvarpsefni, leika og fleira í þeim dúr. Kannski fer ég meira í heilsubrannann í framhaldinu af einkaþjálfararéttindunum. Framtíðin kemur mér vonandi á óvart og verður vonandi full af ævintýrum. Ég held að ég eigi það skilið.“ ■

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

Gæði og góð þjónusta

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



ZENUS SÓFAFRAMLEIÐSLA:

Eingöngu besta hráefni sem völ er á

Zenus framleiðir nokkrar tegundir af sófum sem við getum framleitt eftir máli. Jökull hefur verið vinsælasti sófinn hjá okkur. Við framleiðum Jökul allt frá stökum stólum upp í hornsófa með tungu og allt þar á milli. Eiginlega má segja að við getum framleitt nánast allt sem hentar okkar viðskiptavinum," segir Ásgeir F. Ásgeirsson hjá Zenus.

Við leggjum mikinn metnað í að sófagrindurnar séu sterkar og góðar og þess vegna erum við með 10 ára ábyrgð á grindunum á sófunum okkar. Zenus þjónustar bæði einstaklinga og fyrirtæki. Zenus er fjölskyldufyrirtæki byggt á gömlum grunni í eigu Ásgeirs Ólafssonar og hjónanna Ásgeirs og Heiðu. „Við erum mjög heppin að vera með reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk sem endurspeglast í okkar vörum og góðri þjónustu," segir Ásgeir.

Hágæða efni fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir

Zenus notar eingöngu viðurkennd efni og áklæði í hæsta gæðaflokki frá þekktum fagaðilum úti í heimi t.d.

Sörensen Læder, Svensson, Creation Baumann og Camira Fabrics. „Það hefur orðið gífurleg tækniþróun í þessum efnum á síðustu árum. Við erum m.a. að tala um svokölluð hljóðvistunarefni, sem hafa áhrif á bergmál í rými og bæta ótrúlega hljóðvist rýmis. Þetta leiðir að bættu vinnuumhverfi þar sem bergmál í rými er ekki eins mikið vandamál," segir Ásgeir. „Það fer svo eftir hverju verkefni fyrir sig hvaða áklæði hentar best og við hjá Zenus höfum gríðarmikla reynslu í því að vita hvað hentar við hvaða aðstæður." Þess má geta að Zenus er einnig í endurbólstrun á eldri húsgögnum fyrir þá sem vilja.

Gluggatjaldalausnir sér-sniðnar að þínum þörfum
Zenus flytur inn gluggatjöld frá Luxaflex sem býður upp á tilbúna en jafnframt sér-sniðnar lausnir. Hvert gluggatjald frá Luxaflex er einstakt, í mismunandi stærðum og og er það gríðarlegu úrvali Luxaflex að þakka að flestir geti fundið viðeigandi gluggatjöld og kerfi til þess að stjórna þeim. Einnig býður Zenus upp sérsniðin gluggatjöld. „Fólk kemur til okkar og við gefum ráð um hvaða gluggatjaldalausn og efni hentar, hvort sem

það eru hangandi gluggatjöld, rúllugluggatjöld, strimlar, Duette eða hvað annað sem við bjóðum upp á. Við tökum verkið alla leið, komum og mælum og bjóðum svo upp á uppsetningu gluggatjaldanna. Einnig seljum við kerfi til þess að stjórna gluggatjöldunum eins og er orðið svo vinsælt í dag. Við erum líka með mótorá sem passa með hinum ýmsu heimastjórnunarkerfum sem í boði eru í dag, þannig að gluggastjórnunarkerfið verður hluti af heildarheimastjórnunarkerfinu," segir Ásgeir.

Viðhaldsefni fyrir leður- og tauáklæði

„Við bjóðum upp á hágæðavörur frá Leather Master til viðhalds á húsgögnum. Þetta eru afar meðfærileg efni til hreinsunar og næringar á leðri, áklæði og tréhúsgögnum. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á vöru sem lengir líftíma varanna sem við bjóðum upp á," bendir Ásgeir á.

Zenus hefur tekið þátt í fjölda verkefna og í röðum áncægðra viðskiptavina má nefna Íslandsbanka, Landspítalann, Kópvogsbæ, Háskóla Íslands og Icelandair Hotels.

Vefsíða: zenus.is
Netpóstur: zenus@zenus.is

Smiðjuvegur 9,
200 Kópavogi
Opíð mánudaga
til fimmt Vín-
ylparket – Lítið
rask og fljótlegt
að leggja udaga
9–17
Föstudaga frá
9–16
Sími: 554-24 50 ■



Duette gluggatjald Type 7 frá Luxaflex sem hægt er að stýra frá toppi niður og botn upp. Hægt er að fá mismunandi þéttleika á Duette og mikið úrval af litum og áferðum. Zenus býður einnig upp á hangandi gluggatjöld í mismunandi þéttleikum og úrval af gluggatjaldabratum.



HÁRFÍN SAMSKIPTI Í TÍU ÁR:

Modus þakkar viðskiptavinum sínum

Hárgreiðslustofan Modus heldur upp á 10 ára afmæli í vikunni og mun fagna með því að fara í heljarinnar auglýsingarherferð sem er alls ekki nein venjuleg auglýsinga-herferð heldur meira eins og þakkarherferð. „Ég hafði samband við ellefu kúnna sem hafa verið hjá mér í áraradír eða síðustu 10 til 18 ár, bæði fjölskyldumeðlimi sem hafa verið hjá mér frá því ég byrjaði að klippa, en einnig konur sem hafa verið hjá mér mislengi, og sumar í allt að 10 ár og bauð þeim að koma í ljósmyndatöku með mér,” segir Hermann Óli, eigandi Modus.

Sögur og samskipti

„Herferðin fjallar í grunninn um hversu mikils við metum samband okkar við

kúnnann og hversu heilandi þetta samband getur verið. Þessar konur koma til mín oft á ári og í hvert sinn verður sambandið sterkara. Við deilum sögum og þess vegna má segja að hárgreiðslustofan okkar samanstandi af fólki og sögum þess,” segir Hermann. Hann bætir líka við að hárið sé stundum eins og fylgihlutur númer eitt, og það sé jafnframt sá hluti manneskjunnar sem sýnir kannski best hvernig manni líður. „Ef maður er með heilbriggt hár og hirðir vel um það þá er það góð vísbending um að manni líði vel, og öfugt,” segir Hermann.

Þakkarherferð

Herferðin er þannig uppbyggð að hún er eins og samtál. Annars vegar

eru ljósmyndir af kúnnanum með fallegum orðum til Hermanns, og hins vegar er ljósmynd af kúnnanum með Hermannni sem birtist með fallegum orðum frá Hermannni til viðskiptavinarins. Ljósmyndirnar voru teknar af hinni hæfileikaríku Ástu Kristjansdóttur. Svo birtast þessar ljósmyndir hægt og rólega á vefmiðlum okkar. „Með þessari herferð viljum við þakka kúnnum okkar fyrir að vera með okkur síðustu tíu árin og vonumst auðvitað til þess að þeir haldi áfram að koma til okkar, leyfa okkur að draga fram fegurðina í þeim og eiga falleg samskipti við þá,” segir Hermann.

Modus hár- og snyrtistofa + Hárvörur.is - Smáralind

Opið: Mán, Þri, Mið, Fös
- 09.00-19.00
Fim - 09.00-21.00
Lau - 11.00-18.00
Sun - 13.00-18.00

Modus hárstofa + Hárvörur.is - Glerártorgi

Opið: Mán-Fös - 09.00-18.30
Lau - 10.00-17.00
Sun - 13.00-17.00
s: 527-2829

Vefpóstur: harvorur@harvorur.is
www.harvorur.is

Facebook: Modus hár og snyrtistofa

Instagram: [harvorur.is](https://www.instagram.com/harvorur.is)

Snapchat: [harvorur.is](https://www.snapchat.com/add/harvorur.is) ■





COBRA:

Sokkabúðin sem elskar alla

Sokkabúðin Cobra í Kringlunni hefur verið rekin af sömu fjölskyldunni í 20 ár. „Við höfum lagt áherslu á að vera með vandaðar vörur og persónulega þjónustu. Þá hjálpum við til við að finna út úr stærðum og bjóðum upp á að máta fjölmargar gerðir af sokkabuxum í versluninni,” segir Oddný eigandi verslunarinnar.

FALKE: Þekkt fyrir gæði og góða endingu

„Lengst af höfum við verið með merkidið Falke sem er þýskt og notar sérlega vönduð efni í vörurnar sínar. Falke er mjög sterkt í herrasokkum og í boði eru allt að 6 stærðir í mörgum gerðum, allt frá skóstærð 39 til 50.

Sokkabuxurnar frá Falke eru vel þekktar fyrir að vera þægilegar í sniðinu, koma í allt að 7 stærðum, eru mjúkar og endingin er frábær,” segir Oddný. „Vinsælustu sokkabuxurnar okkar eru frá Falke og eru 100 den, alveg þekjandi og mjög endingargóðar. Á köldum haustdögum henta Soft Merino-ullarsokkabuxurnar frá Falke svo einstaklega vel. Það nýjasta frá þeim eru buxur í stærri stærðum eða allt upp í 3XL. Við erum afar ánægð með að geta boðið upp á stórar stærðir í tveimur lengdum þannig að allir ættu að gera notið gæðanna frá Falke,” segir Oddný.

Langvinsælustu sokkarnir

Það lætur ekki mikið yfir langvinsælustu kvensokkunum í búðinni. „Þetta er vara sem spyrst út, þar sem við höfum ekki auglýst þá neitt sérstaklega. En þegar maður kemst á bragðið þá veit maður hvað góðir sokkar hafa fram yfir aðra. Þetta eru Falke-sokkar sem heita Cotton Touch og eru úr 65% bómull, endast mjög vel og passa vel í flesta skó,” segir Oddný.

Wolford: Þægindi og frábær ending

Wolford er austurrískt merki og er þekkt fyrir mikil gæði. Sokkabuxurnar þeirra eru mjög slitsterkar og einstaklega þægilegar. „Þær eru dýrari en



flest önnur merki en þær eru þess virði vegna þæginda og endingar,” segir Oddný. Hún mælir sérstaklega með Wolford 66 den buxum með stuðningi upp fótlegginn, hæl og breiðu stroffi að ofan, þær séu mjög vinsælar.

Hressandi marglitir og misstæðir sokkar

Af herrasokkunum þá eru Happy Socks vinsælastir enda auðvelt að dragast að litadýrðinni. Happy Socks eru ótrúlega liflegir og skemmtilegir sokkar í tveimur stærðum 36–40 og 41–16. „Það hressir heldur betur upp á daginn að byrja á því að skella sér í þá á morgnana. Þeir eru mjög vinsælir í gjafir og gjarnan kallaðir „forsetasokkarnir,” segir Oddný. Hún bætir svo við að Solemate-sokkarnir séu mjög marglitir og úr endurunninni



bómull. „Sokkarnir eru ósamstæðir en mottó hönnuðarins er að „lifð sé of stutt til þess að setja saman sokka,” segir Oddný. Sokkarnir koma í þremur stærðum frá 35 til 41 og eru einstaklega vinsælir í gjafir.

„Að lokum langar okkur að þakka öllum okkar viðskiptavinum fyrir að

koma til okkar. Án ykkar værum við ekki tillit” segir Oddný.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.cobra.is Kringlunni 4–12, Reykjavík cobra@leistar.is <http://www.cobra.is> Sími: 553-7010 ■

PORSCHE DESIGN

AÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR AUGUN.
GLERAUGAÐ:

Þjónusta í hæsta gæðaflokki



Gleraughverslunin Gleraugað var stofnuð árið 1992 í Bláu húsunum við Faxafen í Skeifunni í Reykjavík. Árið 2000 keypti Kristinn Kristinsson sjón-tækjafræðingur verslunina og síðan þá hefur viðskiptavinum fjölgað til muna. Gleraugað hefur alla tíð lagt ríka áherslu á gæði og góða þjónustu enda mætti segja að augun séu okkar mikilvægustu skynfæri. Þess vegna er mikilvægt að þau séu meðhöndluð af nærgætni og alúð. „Í öllum verslunum okkar er að finna sérhæft starfsfólk sem hjálpar til við að finna bestu umgjörðina fyrir hvern og einn og leiðbeina fólki með mismunandi lausnir, hvort sem um er að ræða sjóngler eða linsur,” segir Kristinn.

Rodenstock: Þýsk gæði

Helstu vörumerki þessa stundina, eru m.a. merki frá Rodenstock, þar má nefna sem dæmi Porsche design. „Umgjardirnar frá þeim eru feikivinsælar hjá okkur enda gæðavörur þar á ferð og tímalaus hönnun sem er þekkt úti um allan heim. Þá sjást Hollywood-stjörnur gjarnan með sólgleraugu frá þeim,” segir Kristinn. Rodenstock er eitt besta fyrirtækið í þessum geira og hefur það verið starfandi í 140 ár og er sífellt í stöðugri þróun.

„Við verslum einnig glerin okkar frá Rodenstock, en fyrirtækið er annað af tveimur bestu glerjaframléidendum í heimi og eru glerin framléidd í verksmiðjum þeirra í München í Þýskalandi. Öll þróunarvinna fer einnig fram þar og þannig getum við tryggt að kúnninn fái hágæða gler hjá okkur á sanngjörnu verði með bestu fánlegu glampa- og rispúvörn,” segir Kristinn.

Hvað er í tisku?

Um tiskuna í dag segir Kristinn: „Í dag er mikið af tiskubylgjum í gangi, ef ekki bara öll flóran í tisku. Meira er um uni-sex umgjardir en áður og það hreinlega má „allt“ eins og við



segj- um, en það fer auðvitað eftir hverjum og einum. Flestar umgjardir eru orðnar léttari í sér þó svo að umgjardir hafi ekki verið að minnka. „Það allra nýjasta hjá okkur eru Gigi Barcelona-umgjardir sem hafa komið sterkt inn hjá okkur í sumar. Um er að ræða einstakar, handgerðar umgjardir og mjög falleg gleraugu/sólgleraugu,” segir Kristinn.

Linsur og linsumæling

Gleraugað býður einnig upp á mikið úrval af linsum, hvort sem er til fjarlægðar eingöngu eða þá sjónskekku. „Einnig erum við með margskiptar linsur sem eru alltaf að verða vinsælli. Svo er hægt að panta tíma í linsumælingu og kennslu hjá okkur,” segir Kristinn.

Þess má geta að sjónmæling er innifalin í hverjum gleraugnakaupum hjá Glerauganu og er hægt að panta tíma í sjónmælingu á vefsíðu Gleraugans, í verslunum Gleraugans eða í gegnum símann.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.gleraugad.is
Gleraugað, Bláu húsunum í Skeifunni
Sími: 568-1800
Gleraugað, Kringlunni 4-12
Sími: 568-1800
Vefpóstur: gleraugad@gleraugad.is og kringlan@gleraugad.is
Heimasíða: www.gleraugad.is ■





RÚMFÖT.IS:

Hágæða lúxusrúmföt á góðu verði

Rúmföt.is er ný rúmfataverslun við Nýbýlaveg 28 í Kópavogi. Verslunin sérhæfir sig í hágæða lúxusrúmfötum á góðu verði.

„Allir eiga skilið að sofa í meiriháttar rúmfötum úr allra bestu satín- og silkidamaskefnum sem til eru,” segir Björn Þór Heiðdal verslunarstjóri. „Við seljum tilbúin rúmföt meðal annars frá Ítalíu og Kína. Einnig flytjum við inn efni til að sauma úr. En við erum með æðislega saumakonu sem saumaði meðal annars fyrir Fatabúðina.“

Það má segja að Rúmföt.is sé arftaki Versins og Fatabúðarinnar að einhverju leyti. Eða eins og Björn orðar það: „Þegar þessar tvær rúmfatabúðir hættu starfsemi var erfitt fyrir fólk að fá gæða rúmföt á Íslandi. Ég hef starfað í Þvottahúsi A. Smith sem afi minn, Adolf Smith, stofnaði frá því ég man eftir mér og meðhöndlað rúmföt. Þess vegna veit ég hvernig góð rúmföt eiga að vera.“

Rúmföt.is selur meðal annars vörur frá Quagliotti á Ítalíu sem vefur dúka og sængurföt fyrir bresku konungsfjölskylduna og mörg af flottustu lúx-

ushótelum í heimi, sem dæmi má nefna The Mark í New York, MGM í Macau, Armani í Milanó og 101 Reykjavík.

Það er tilvalið að kíkja í Rúmföt.is og velja sér hágæða rúmföt handa sér og sínum nánustu.

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28, Kópavogi, síminn er 565-1025 og netfangið rumfot@rumfot.is.

Verslunin er opin kl. 12–18 virka daga og kl. 11–15 um helgar.

Heimasíðan er rumfot.is. ■





HEGGUR:

Gamalgróið fyrirtæki í sérsmíðuðum innréttingum.

Heggur Innréttingar var stofnað fyrir 31 ári síðan af þeim Sæmundi Gunnarssyni og Gylfa Skúlasyni og er í dag eitt elsta og traustasta fyrirtæki landsins á sviði sérsmíðaðra innréttinga. Heggur þjónustar í dag mikið til einstaklinga, en sér einnig um sérsmíðaðar innréttingar fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Fólk velur í sífellt meiri mæli sérsmíðaðar innréttingar frekar en staðlaðar enda er kosturinn er augljós. Kúnninn fær innréttingu sem er sérsniðin fyrir það rými sem hann er að vinna með. Innréttingin er úr hágæða efni sem hentar stíl kúnnans og smekk. Það eru engar staðlaðar stærðir heldur fær viðskiptavinurinn alltaf skápa eða hurðir sem passa fullkomlega í rýmið sem viðskiptavinurinn hefur og hentar þörfum hans," segir Gísli Páll Sigurðsson.

Fagfólk á hverju sviði

Hjá Hegg starfar fjöldi manns með gífurlega reynslu við smíði og gerð sérsmíðaðra innréttinga. „Það hefur orðið ótrúleg tæknipróun í vélum og búnaði á verkstæðum. Mikil þróun hefur orðið á þeim búnaði sem notaður er í innréttingar, svo sem skúffubrautum, lómum og öðru. Heggur

hefur alltaf haft það sem markmið að fylgja þessari þróun og vera með góðar og traustar lausnir fyrir viðskiptavinum sínum," segir Gísli sem hefur verið hjá Hegg í um 15 ár og er í dag meðeigandi í fyrirtækinu.

Nánari Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.heggur.is
Bíldshöfða 18 Reykjavík
Sími: 577-1424
Netfang: heggur@heggur.is ■





STEINAR Í 15 ÁR:

Við erum Steinprýði

Steinprýði er nýtt fyrirtæki með gamlan og traustan grunn. Fyrirtækið var stofnað í upphafi árs 2017 en eigendurnir hafa unnið við steinsmiði, múrverk og stjórnun fyrirtækja stöðugt í meira en 15 ár.

Getum smíðað allt

„Það er ekkert sem við getum ekki smíðað er kemur að steinsmiði. Ef það er hægt að teikna það, þá getum við framleitt það,“ segir Pétur Danielsson, framkvæmdastjóri Steinprýði. Í dag er framleiðsla á borðplötum hjá Steinprýði aðallega í quartz og granit. Gríðarleg þróun hefur orðið í framleiðslu á quartz-steini sem gerir það að verkum að hægt er að fá ótrúlegt úrval af quartz-steinum í borðplötur. „Quartz-ið er að auki bæði slitsterkara, vandaðra og náttúrulegra en hér áður fyrr og eru margir sem velja það jafnvel frekar en marmarann,“ segir Pétur.

Mýkt marmarans

Marmari er alltaf vinsæll enda afar fallegur náttúrusteinn. En hann hentar því miður illa í borðplötur þar sem að hann er mjúkur og opinn og getur því

dregið í sig fitu og vökva ásamt því að rispast auðveldlega. „Í dag er marmari því meira notaður til skrauts eins og á veggj og önnur svæði til að draga fram þá mýkt og fegurð sem fylgir fallegum marmara,“ segir Pétur.

Marmara-quartz

„Stærstu fréttirnar í dag eru náttúrulegt marmara-quartz efni sem við erum að bjóða upp á og henta sérlega vel í borðplötur. Fletirnir eru slitsterkir, lokaðir og mjög fallegir. Handslípaðir kantar og steipt samskeyti ná fram ótrúlegri mýkt sem tekið er eftir. Ekki skemmir fyrir að Steinprýði er þekkt fyrir vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.steinprydi.is og www.granit.is
Hvaleyjarbraut 20, 220 Hafnarfirði
Sími: 517-7700
Farsími: 773-7700 ■



FÁST:

Gæði og þjónusta í plexíglari, vélaplasi og íhlutum

Fást er iðnfyrirtæki sem var stofnað árið 1988 og er því rétt rúmlega 30 ára. Fást þjónar ólíkum markhópum með framleiðslu sinni og innflutningi. „Við höfum í gegnum tíðina verið mikið tengdir fiskvinnslunni með framleiðslu á svokölluðu vélaplasi sem er til fjölbreyttra nota. Við erum meðal annars með öflugan yfirfræs, sem veitir okkur mikla möguleika til vinnslu á ýmsum efnum. Vörur sem við framleiðum eru mjög fjölbreyttar, frá skurðarplötum á vinnslulínur, yfir í ýmsa vélahluti og slitleiðara undir færribönd,“ segir Jón Geirsson, framkvæmdastjóri hjá Fást.

„Í Plexígleri þjónustum við aðila sem eru að sýna vöru, heildsala, verslanir, hönnuði og arkitekta. Plexíglerið hefur þá eiginleika að vera glært og skyggja ekkert á vöruna sem er til sýnis. Við hönnum þetta með viðskiptavininum og smíðum eftir þeirra höfði. Til þess notum við afar stóra og öfluga laserskurðarvél sem tekur 1,6 x 2 metra og fer gallalaust í gegnum 20 mm plexíglar,“ segir Jón. Í fiskvinnslufyrirtækjum er plexíglari oft notað sem öryggishlífar á vélum og einnig í vinnslunni sjálfri. Til eru nokkrar efnistegundir af plexíglari, missterkar.

Fást er með öflugan lager af gróðurhúsaplasi eða ylplasi. Efnið er til í mismunandi þykktum og þeim fylgja frágangs- og þéttlistar sem nauðsynlegir eru til að vel sé frá uppsetningunni gengið. „Við leggjum mikinn metnað í þekkingu og góða þjónustu á þeim vörum sem við afhendum.“

Jón segir það vera kost að þjóna svona ólíkum starfsgreinum enda sé mikilvægt á jafnlitlum markaði og Ísland er að koma víða við.

Fást flytur inn margs konar íhluti til notkunar í iðnaði. „Það eru til dæmis stillifætur, tappar í prófíla, keðjur og svo eru það vagnhjólin sem við erum afar sterk í. Við erum með mjög gott úrval af vagnhjólum og gæðin eru framúrskarandi – en vagnhjólin flytjum við inn frá þýska framleiðandanum Blickle. Það er rötgróið og gamalt fjölskyldufyrirtæki og er næststærsti framleiðandi vagnhjóla í heiminum.“

Fást er til húsa að Köllunarklettsvegi 4 og er þar með afar vel útbúið verkstæði þar sem framleiðsla á vörum úr plexíglari og vélaplasi fer fram, auk stórs lagers af fjölbreyttum íhlutum fyrir alls konar starfsemi. Gæðavörur, fagleg þjónusta og ráðgjöf einkenna starfsemi fyrirtækisins. Fást ehf. hefur verið í hópi „Framúrskarandi fyrirtækja“ síðastliðin 6 ár.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni fast.is og símanúmer er 587-6677. Einnig er gott að senda fyrirspurnir á netfangið fast@fast.is. ■





CONCEPTA:

Hágæða danskar innréttingar

Concepta er nýtt fyrirtæki sem selur danskar hágæða innréttingar frá Modulia. Modulia hefur 50 ára reynslu af framleiðslu innréttinga fyrir öll herbergi heimilisins.

Auk eldhús- og baðinnréttinga framleiðir Modulia einnig fataskápa og rennihurðir og er þekkt fyrir mikil gæði og vandaða vöru.

Hjá Concepta er hægt að fá innréttingarnar samsettar eða ósamsettar og einnig er boðið upp á sérlausnir ef með þarf.

Ásamt því að vera með úrval af borðplötum selur Concepta líka handlaugar og eldhúsvaska, spegla og ljós og í boði eru líka heimilistæki frá Gram á góðu verði.

Concepta er í Síðumúla 3 í Reykjavík og er verslunin opin alla virka daga frá 10 til 16 og á laugardögum frá 12 til 15.

Þangað er gott að koma og skoða úrval af fallegum innréttingum, fataskápum og fleiru fallegu fyrir heimilið. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf svo þú finnur góðar lausnir sem henta þínu heimili og þínum óskum.

Kaðlín Kristmannsdóttir er eigandi Concepta og með henni starfar Marínó Sigurðsson.

Sjá nánar á cepta.is og á Facebook-síðunni Concepta innréttingar. ■





Framúrskarandi þjónusta með nýjustu og bestu tækjum

Starfsmenn fyrirtækisins Bortækni leysa fagmannlega af hendi öll verkefni, stór sem smá, á fljótlegan og skilvirkan hátt. „Við höfum rúmlega 36 ára reynslu sem er dýrmæt og nýttist viðskiptavinum okkar vel. Strax í upphafi var sérstök áhersla lögð á fagleg vinnubrögð og þrífalega umgengni,“ segir Halldór Kristjánsson verkstjóri.

Nýjustu og bestu tækin

Halldór segir að Bortækni annist margvísleg verkefni, eins og til dæmis kjarnaborun og steypusögun auk þess sem fyrirtækið sérhæfir sig í niðurrifi. „Bortækni hefur á hátt í fjögurra áratuga ferli ávallt lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og persónulega þjónustu. Með nýjustu og bestu fánægum tækjum er okkur kleift að bjóða hraða þjónustu á sanngjörnu verði,“ segir hann.

Leiðandi á íslenskum verktaka- markaði

„Bortækni hefur verið leiðandi í íslenskum verktakamarkaði í gegnum tíðina og ekkert verk er of stórt eða of smátt fyrir okkur. Í dag erum við með með 10–12 starfsmenn sem eru allir búnir að vera lengi í faginu. Okkur er mjög umhugað um vinnuöryggi og heilsu okkar starfsmanna. Bortækni vinnur mikið í heimahúsum við að saga glugga, hurðarop og stiga. Fyrirtækið tekur einnig að sér að saga fyrir hita í gólf og sér um að rífa allt, eins og innréttingar, veggj og gólfefni. Við komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu,“ segir Halldór að lokum.

Bortækni ehf., Miðhrauni 14, 210 Garðabær
Símar: 567-7570, 693-7700
Netfang: bortækni@bortækni.is
www.bortækni.is ■





FARIS KYNNIR LACUNA:

Opnaðu út í garðinn

Lacuna er ný gerð fellihurða frá Faris. Nytsamleg og orkusparandi hönnun Lacuna hleypir miklu náttúrulegri inn. Hurðakerfi Lacuna er hannað og framleitt með hátt einangrunargildi sem er náð með tvöföldum þéttikanti í rammanum og þreföldum þéttikanti í falsi. Lacuna-hurðir eru framleiddar til að þola hitastig frá -60°C til um $+50^{\circ}\text{C}$. Þetta er ástæða þess að Lacuna-fellihurðir virka allt frá norðurheimskautinu til Suður-Afríku. Góð þétting virkar í báðar áttir.

Í öllum máluðum fellihurðum Lacuna er notast við hitaðan beykivið sem þenst ekki út í raka. Hitaður beykiviður er jafn þolinn og tekkiviður. Beykiviðurinn er með hærra einangrunargildi en fura og annar óunninn viður. Vegna rakapóls beykiviðarins brotnar málningin ekki og þarf því ekki að mála hurðirnar í 15–50 ár, eftir veðurastæðum.

Faris er með lausnirnar – glæsilegur sýningarsalur

Faris ehf. er innflutningsfyrirtæki á sviði byggingaiðnaðar og mannvirkja-gerðar. Sigurður Magnússon framkvæmdastjóri segir: „Stefna okkar er að veita viðskiptavinum eftirsóknarverða þjónustu og áreiðanlegar lausnir. Markmiðið er meðal annars að koma til móts við þarfir leikra sem lærðra á íslenskum byggingamarkaði. Við erum meðvitaðir um mikilvægi umhverfisverndar og veljum því að bjóða vörur frá birgjum sem vinna stöðugt að umhverfisvernd með framleiðslu sinni.“

Faris fagnar 10 ára afmæli í des-

ember næstkomandi en glæsilegur sýningarsalur fyrirtækisins að Gylfaflöt 3 hefur verið stækkaður og gerður enn betri. Þar er gott að koma, þiggja rjúkandi kaffi og skoða Lacuna-hurðirnar og aðrar vörur. Má þar nefna hina framsæknu Velfac Edge- og Velfac Energy-glugga sem eru með

þreföldu gleri sem færir U-gildið á standard glugga niður í 0,8 og gerir gluggann þar með gríðarlega einangrandi og orkusparandi. „Þetta er fánlegt í öllum Velfac-gerðum: Velfac 200, RiBo og Velfac Classic. Velfac Edge og Energy eru með einstöku svifandi útliti. Sterkbyggð hönnun

glugganna hefur árlega verið þrouð og betrubætt frá árinu 1985. Með Velfac-gluggum sameinar þú alla þessa kosti,” segir Sigurður.

Faris er til húsa að Gylfaflöt 3. Skrifstofan er opin frá kl.10.00 til 17.00 mánudaga til föstudaga. Heimasíða er faris.is. ■



1000 ÁRA SVEITAPORP:

Kartöflusúpa systrana klikkar ekki



Kartöflusúpa systrana

„Kartöflusúpa systrana er tekin úr Ívars-Gunnu, en það er dagbók Kvenfélagsins Sigurvonar úr Þykkva-bæ. Hún er frá árinu 2000. Þetta er klassasúpa sem klikkar ekki,” segir Ársæll sem hér lætur ljós sitt skína sem matreiðslumaður. Kartöflusúpa systrana er svo sannarlega ekki fyrsta súpan sem hann hefur eldað:

„Fyrsta súpan sem ég eldaði var hundasúrusúpa, þegar ég var 10 ára. Þannig að kokkurinn hefur blundað í mér í þó nokkurn tíma, ég er búinn að læra góð undirstöðuatriði í eldamennskunni sem hafa nýst mér vel.”

Ein frægasta súpa í söguvitund þjóðarinnar er naglasúpan en Ársæll hafði alveg sérstök kynni af þeirri sögu í æsku: „Ég man eftir þjóðþekktu sögunni um umrenninginn og naglasúpuna. Ég lék nefnilega umrenninginn í barnaskóla þegar leikritið var sett upp. Ég er dálitill súpugerðarmaður í mér eins og umrenningurinn. Ef ég á beikon og papriku í ísskápnunum þá er ekki vitlaus hugmynd að bæta því út í.”

Uppskriftin að Kartöflusúpu systrana er eftirfarandi:

8–10 meðalstórar kartöflur
Grænmetisteningur
1 dós rjómaostur
Púrrulaukur
Paprika
Gulrætur
Sveppir
Hvítlauksrif

Kartöflurnar skornar í teninga og soðnar þannig að vatnið fljóti vel yfir.

Grænmetisteningurinn settur út í. Grænmetið steikt á pönnu og síðan sett

úti soðið hjá kartöflunum þegar þær eru soðnar. Soðið saman í smá tíma ásamt rjómaostinum. Borið fram með nýbökðu brauði.

„Galdurinn á bak við þetta er að vera óhræddur þó að vanti nákvæmar mælieiningar.

Súpur eiga að vera sirka og slump, segir hún mútta mín.”

Sjá einnig vefsíðuna <https://1000arasveitathorp.is/#>

Hann Ársæll Markússon, hjá 1000 Sveitaporp, teflir hér fram uppskrift að afar ljúffengri og nærandi kartöflusúpu. Umhverfisvæn kartöfluræktun er hugsjón hjá Ársæli en kartöflurnar frá honum eru í umhverfisvænum umbúðum:

„Ég er búinn að vera í kartöflum frá því ég var þínulítill patti og í gegnum tíðina hef ég séð hvað plastnotkun hefur aukist gríðarlega. Ég spurði sjálfan mig hvernig gæti ég breytt nærumhverfi minu til að sporna við þessu og svarið var sérvaldar og handpakkðar kartöflur í

fallegum, umhverfisvænum umbúðum,” segir Ársæll.

Kalla má 1000 ára sveitaporp fjölskyldufyrirtæki en Ársæll, sem er alinn upp við kartöfluræktun í Þykkvabænum, starfar einn í fyrirtækinu en nýtur aðstoðar foreldra sinna sem eru gamalgrónir kartöfluræktendur. Ársæll er 32 ára gamall, menntaður matreiðslumaður og hefur starfað í Bandaríkjunum, Frakklandi og Danmörku. „Síðan kom ég heim og þá var gott að leita aftur til upprunans, komast með hendurnar aftur í jörðina, í gróðurmoldina,” segir Ársæll. ■



STEINSMIÐJA AKUREYRAR:

Steinar um allt land – stóraukið úrval

Hjónin Sunneva Árnadóttir og Birnir Reyur Vignisson eiga og reka Steinsmiðju Akureyrar. Þau bjóða fjölbreytt úrval legsteina og fylgihluta. Alls býður Steinsmiðja Akureyrar yfir 150 gerðir í lögun og lit. „Nú bjóðum trúlega eitt mesta úrval landsins af legsteinum.“ Efniviðurinn kemur víða að úr heiminum, m.a. frá Indlandi, Kína og Ítalíu auk Íslands en íslenska stuðlabergið er alltaf vinsælt, þar sem hver steinn hefur sína ólíku lögun og áferð. Fyrirtækið býður upp á frían flutning á legsteinum um allt land.

Gæði og persónuleg þjónusta

„Áherslur okkar eru ávallt gæði og framúrskarandi þjónusta. Markmiðið er að viðskiptavinir okkar séu fullkomlega ánægðir,“ segir Birnir Vignisson sem ásamt konu sinni, Sunnevu Árnadóttur, hefur rekið steinsmiðjuna frá því í desember 2016. Viðskiptavinir okkar geta valið úr fjölbreyttu úrvali hráefnis og mismunandi hönnun minnisvarða. Þá eru myndir og ítarlegar upplýsingar á vefsíðu fyrirtækisins, minnimerki.is. „Við hönnum og

smíðum minnisvarða úr íslensku grjóti og einnig úr innfluttu graníti en sú steintegund er sú harðasta sem til er og endist í mannsaldra. Við hugsum einnig um gæði þegar kemur að aukahlutum, eins og lugtum, vösuum og fuglum, við viljum að þetta endist vel með steininum,“ segir Birnir enn fremur.

Saltlampar

Steinsmiðja Akureyrar flytur einnig inn saltlampa frá Himalajafjöllum í Pakistan. Birta lampanna þykir einstök og hafa þeir notið mikilla vinsælda hin síðari ár, einkum í skammdeginu. „Það eru nokkrar verslanir sem eru með lampa frá okkur auk þess sem þeir eru seldir í verslun steinsmiðjunnar,“ segir Birnir.

Persónulegur minnisvarði

„Þegar kemur að legsteinum skipta gæði auðvitað höfuðmáli. Legsteinum er ætlað að standa lengi og þola veður og vinda til lengri tíma. Það er því mikilvægt að vanda valið. Legsteinn er persónulegur minnisvarði og við smíðum eftir þeim hugmyndum eða tillög-



um sem okkar viðskiptavinir koma með. Þar er persónuleg þjónusta í fyrirrúmi,“ segir Birnir.

Steinsmiðja Akureyrar býður þá þjónustu á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu að setja legsteina upp í kirkjugörðum og sjá um allan frágang í kringum það. Frír flutningur er á legsteinum um allt land.

Sjá nánar á minnimerki.is ■



SMART PARKING :

Góð geymsla fyrir bílinn meðan þú ferðast

Smart Parking bilastæðapjónustan á Keflavíkurflugvelli hóf starfsemi sína í janúar. Þjónustan er einföld, fljótleg og á góðu verði. Smart Parking hefur verið vel tekið og umsagnir á Facebook-síðu eru afgerandi um góða þjónustu, þar er fyrirtækið með hæstu einkunn.

„Viðskiptavinir sjá um að bóka sjálfir í þremur skrefum inni á heimasíðu okkar eða Facebook-síðu,” segir Jóhann Eggertsson, stjórnarformaður Smart Parking. „Síðan hringir viðkomandi í okkur þegar hann á eftir 15–20 mínútna akstur að flugstöðinni, við tökum svo á móti bílnum á afhleðslustæðunum og billinn er síðan geymdur á afgangi og vöktuðu svæði stutt frá.”

Þjónustan er svokölluð „drop-off“-þjónusta, þannig að ekki þarf að leggja bílnum, heldur tekur starfsmaður Smart Parking strax við bílnum. „Við heimkomu þá erum við með allar upplýsingar, fylgjumst með fluginu og tökum svo á móti í komusalnum þar sem viðskiptavinurinn greiðir okkur með posa. Og við erum á vakt allan sólarhringinn.”

Smart Parking býður upp á ódýrasta daggjaldið 450 kr. og þjónustugjald er 4.000 kr. Hámarks- eða lágmarkstími er enginn. „Ef þú vilt vera með bílinn hjá okkur í 12 mánuði þá semjum við bara

um það,” segir Jóhann. „Við erum með viðskiptavinum sem eru hjá okkur í 3–4 mánuði. Við bjóðum upp á afslátt fyrir fasta viðskiptavinum, hópaflátt og 10% eldri borgara afslátt.”

Smart Parking býður einnig upp á þrif á bílnum, og áfyllingu á bensíni og rúðupissi, gegn vægu gjaldi. ■

Nokkrar umsagnir viðskiptavina:

„Allt stóðst 100% hjá þeim og verðlagningin sanngjörn, munum klárlega nota þessa þjónustu aftur!”

„Frábær þjónusta. Standa við allt sem þeir segja.”

„Frábær þjónusta. Þeir taka við bílnum við brottfararsalinn og biða svo með hann tilbúinn við komusalinn við heimkomu.

Gæti ekki verið þægilegra og ekki skemmur verðið fyrir. Ég gef þeim bestu einkunn og hvet fólk til að kynna sér þjónustuna og verðið sem þeir bjóða upp á. Ég mun örugglega nýta mér þessa þjónustu aftur.”

„Frábær þjónusta, um leið og við komum upp á Leifstöð var beðið eftir okkur og billinn tekinn, engin bið og þegar við komum að utan 2 vikum síðar beið starfsmaður Smart Parking með bílinn fyrir utan kl. ca. 10 um kvöld, mjög þægilegt, mæli með þessu.”



SMART PARKING – BÓKAÐU ÞINN BÍL Á SMARTPARKING.IS.

Þrjú punktar sem gott er að hafa í huga:

*Þú þarft ekki að leita að bílnum á langtímaæðinu

*Við sjáum um að skafa bílinn þegar þarf

*Billinn er volgur, jafnvel heitur þegar þú sest í hann





FAGUS:

Sérsmíði eftir þínum óskum og þörfum

Fagus er blómlegt trésmíða-fyrirtæki í Þorlákshöfn sem sérsmíðar innréttingar fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Eldhúsinnréttingar, baðinnréttingar, fataskápar og innihurðir eru helstu verkefni fyrirtækisins en stærsta markaðssvæði þess er höfuðborgarsvæðið. Fagus sendir hins vegar um allt land og núna eru starfsmenn til dæmis að smíða inn í verkefni fyrir Stykkishólm og fyrir stuttu var lokið við verkefni fyrir aðila á Ísafirði. Persónuleg og sérniðin þjónusta eru aðalmerki hjá Fagus en viðskiptavinir geta komið með tilbúna teikningar sem smíðað er eftir eða fengið ráðgjöf hjá Fagus við uppröðun.

„Hér hafa verið sömu eigendur frá árinu 1991 þegar fyrirtækið var stofnað. Hér á lóðinni var trésmíðaverkstæði sem brann og keyptu fyrrverandi starfsmenn það upp. Það voru Hannes, Gestur og Óskar – allt smíðir. Það var gamalt plötu-hús hér á lóðinni og þeir keyptu rústirnar, grunninn og plötu-hús og byrjuðu að smíða innréttingar,“ segir Dagbjört Hannesdóttir, framkvæmdastjóri hjá Fagus.

Óhætt er að segja að upp úr rústunum hafi risið blómlegt fyrirtæki, starfsemin hefur síaukist og starfsmenn eru í dag 15 talsins, flestir smíðir og verkamenn. „Hægt og bitandi byggðu þeir aftur upp brunna verksmiðjuhúsið. Síðan höfum við verið að flytja inn í það í áföngum og byggja við það. Núna störfum við hér á um 1.250 fermetrum en starfsemin byrjaði á aðeins 180 fermetrum,“ segir Dagbjört.

Sem fyrr segir er sérsmíði aðalmerki Fagus „Við sérsmíðum allt og erum ekki með neina tilbúna framleiðslulínu. Við smíðum bara þína innréttingu, fólk leitar gjarnan til arkitekta og kemur þaðan með teikninguna, eða við aðstoðum viðkomandi við að ljúka við teikninguna,“ segir Dagbjört.

Auk þess að smíða innréttingar fyrir einstaklinga og heimili vinnur Fagus mikið fyrir skóla, leikskóla, ýmsar stofnanir á borð við elliheimili, og hótél. Varðandi það síðastnefnda hefur fyrirtækið fundið fyrir aukningu vegna vaxandi ferðamannastraums. „Við erum líka með sterk tengsl við uppsveitirnar á Suður-



landi og þar er ferðþjónustan orðin mjög þróuð. Á þessu svæði er fólk mikið að endurbæta og innrétta upp á nýtt.“

Að sögn Dagbjartar er starfsemin heldur að aukast. „Það er að visu dálítið erfitt að keppa við innfluttar innréttingar núna út af sterkri krónu en þá förum við meira út í sérsmíði. Hún þykir eftirsóknarverð því það eru margir sem vilja ekki vera með alveg eins innréttingu og einhver annar. Rýmið er skilgreint og síðan reynum við að finna út hvað passar inn í það.“

Meðal nýlegra stórverkefna hjá Fagus eru innréttingar í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Suðurgötu. Þá má nefna verkefni fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, Dvalarheimilið Lund á Helli og hótelið Northern Lights Inn við Grindavík.

Nánari upplýsingar um starfsemi hjá Fagus er að finna á heimasíðunni fagus.is eða Facebook-síðunni Fagus ehf. Einnig er gott að leita upplýsinga í síma 483-3900 en fyrirtækið er staðsett að Unubakka 18-20 í Þorlákshöfn. ■





Cover Iceland svala- og handriðalausnir

Bjóðum venjuleg kerfi og einnig sérhönnuð kerfi fyrir aðstæður þar sem krafist er sérstaks styrkleika vegna vindálags

Cover Aluproducs hefur verið frumkvöðull í hönnun á glerbrauta-prófilum síðan á níunda áratug síðustu aldar og er kerfið orðið vel þekkt um allan heim. Cover er finnst gæðafyrirtæki og hafa Íslendingar tekið vel við sér því á aðeins þremur árum hafa verið sett upp um yfir fimm hundruð svalir og sólstofur um allt land. „Við erum með glerhandriða lausnir fyrir vertaka með möguleika fyrir svalalokun fyrir kaupendur íbúða. Cover Iceland býður einnig upp á kaup á heilum kerfum á hagstæðu verði,“ segir Þuríður Kristín hjá Cover Iceland.

Hentar íslenskum aðstæðum

Cover hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður þar sem getur orðið ansi vindasamt, kalt og blautt eins og við höfum mörg hver fengið að reyna á eigin skinni bæði í allt sumar og líka síðasta vetur. Í dag gera svo flestir íslenskir arkitektar og verkfræðingar kröfur um sérstakt vindálagspól því það hefur sýnt sig að héraendis geta vindhviður orðið afar snarpar og sterkar vegna ýmissa landfræðilegra skilyrða. Cover Iceland býður meðal annars handrið og svalalokunarkerfi sem er sérstaklega hannað og þróað kerfi fyrir íslenskt veðurfar og er sérstaklega vindþolið. Þá er glerið allt að 20 mm og 15 mm í svalalokum. Bilum milli glerja er lokað með PVC-þéttlistu sem kemur í veg fyrir að snjór og vatn komist inn. Þannig býður Cover Iceland 100% vatns- og vindþétt svalalokunarkerfi.

„Cover-svalalokunarkerfin veita skjól allan ársins hring og lengja til muna þetta stutta sumar sem okkur

á norðurhveli jarðar býðst ár hvert. Þannig eykur Cover notagildi svalanna og jafnframt verðmæti fasteignarinnar,“ segir Þuríður.

Öryggi og hljóðeinangrun

Glerið sem notað er í Cover-kerfin er fjórum sinnum sterkara en venjulegt gler af sömu þykkt. „Öryggið felst í því að ef það brotnar þá molnar það í ótal litla mola í stað hvassra stærri brota í venjulegu gleri. Einnig geta glerjaðar svalir með einföldu gleri minnkað hávaða að utan um 7 desíbel. Og ef um er að ræða 2500 Herz-hávaða þá minnkar hljóðið um 13,5 desíbel,“ segir Þuríður.

Hágæða kerfi

Hjólábúnaðurinn er eitt af aðalmerkjum Cover-glerbrautarkerfisins en hjólalegurnar gera glerbrautarkerfið afar þægilegt í notkun. Hjólin eru jafnstór að ofan og neðan sem gerir það að verkum að Cover-svalalokunarkerfið er skröltfrítt og glerflekinn er algjörlega njörvaður niður, sem er nauðsyn hér á landi. Glerflekarnir hanga ekki í efri braut heldur renna til á jafnstórum hjólum í efri og neðri braut sem tryggir jafnt álag og útilokar glamur og stíðleika.

Þarf ekki lengur að moka snjó

„Það nýjasta hjá okkur eru svo rennihurðir og glerskálar með þaki. Einnig er hægt að fá stök þök svo sem yfir tröppur og skýli við útidyr. Þá þarf ekki að moka snjóinn úr tröppunum,“ segir Þuríður.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.covericeland.is

CoverIceland ehf.
Auðbrekka 10, 200 Kópavogur
(+354) 519-7771 – 777-7001
covericeland@covericeland.is ■





ONESYSTEMS:

Íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað

OneSystems er íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað fyrir íslenskar aðstæður og þróar hann á Íslandi," segir Ingimar Arndal, sem hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins frá upphafi. Fyrirtækið var stofnað árið 2002 og sérhæfir sig í að bjóða upp á upplýsingatækni-lausnir sem bæta og efla starfsemi fyrirtækja og auka skilvirkni og framleiðni. „OneSystems stefnir að því að viðskiptavinir og notendur kerfanna geti verið að mestu sjálfbjarga með daglegan rekstur á kerfunum, svo sem að stilla upp ferlum, verkum og sniðum að bréfum, vefeyðublöðum og svo framvegis," segir Ingimar.

OneSystems fyrir alls konar fyrirtæki

OneSystems býður upp á allt að 70 mismunandi kerfiseiningar sem hægt er að raða saman allt eftir þörfum viðskiptavinarins og með það að markmiði að lausnin henti flestum

fyrirtækjum og stofnunum. „Það er því auðvelt og fljótlegt að laga One-kerfin að þörfum viðskiptavinarins," segir Ingimar og bendir á að hugbúnaðarlausnir OneSystems séu afar sveigjanlegar og falli vel að fyrirtækjum og stofnunum í örum vexti. „Stækkanlegar hugbúnaðarlausnir okkar hjálpa fyrirtækjum við að halda kostnaði og áhættu niðri með því að byrja smátt og stækka síðan auðveldlega eftir því sem aðstæður breytast." Meðal ánægðra viðskiptavina OneSystems má nefna öll helstu sveitarfélög landsins og margar af stærri ríkisstofnunum, en einnig eru mörg einkafyrirtæki búin að taka One-kerfi í notkun.

Smíði vefumsókna án forritunarkunnáttu

OneSystems byggir eins og áður sagði á 70 mismunandi kerfiseiningum sem virka á mismunandi hátt. „OnePortal Self-service vefgáttin gerir til dæmis fyrirtækjum og

sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir t.d. íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sjálfa sig á sjálfvirkna máta með innsendingu umsókna og erinda á vefnum. Með eyðublaðasmíð geta viðskiptavinir sjálfir búið til sín eigin umsóknareyðublöð og tengt þau við innri ferla sem viðskiptavinir geta einnig gert sjálfir," segir Ingimar.

Samþætting hugbúnaðarkerfa og nýjasta forritunartækni

Hugbúnaður OneSystems er hannaður samhlíða nýjustu forritunartækni til þess að keyra auðveldlega með helstu uppsetningum, hugbúnaði og stöðlum. „Með nýjustu tækni geta hugbúnaðar-einingar OneSystems átt samskipti við hugbúnað frá þriðja aðila í gegnum internetið. Við byggjum lausnir okkar ofan á Microsoft Windows-miðlara, Microsoft SQL-gagnagrunn og vafra fyrir viðmót kerfanna. Einnig sérhæf-

um við okkur í hlutbundnum, stækkanlegum alhlíða lausnum. Kerfin nota „Single Logon“ IWA – Integrated Windows Authentication til auðkennningar og innskráningar. Auk þess vinna kerfin mjög vel á móti Microsoft Office, Outlook, Word og Excel."

Róbotalausnir – spennandi nýjung

OneSystems hefur nýlega tekið upp spennandi nýjung sem bætur enn fremur skilvirkni og sjálfvirkni í opinberri stjórnsýslu. „OneSystems hefur undanfarin ár þróað lausnir í sjálfvirkum róbotalausnum, sem kemur í stað handavinnu við skjalavinnslu, mál, erindi, umsóknir og umsýslu. Slíkt getur sparað allt að 40% af vinnu starfsmanna sem geta þá sinnt eftirliti fremur en tímafrekri handavinnu.

Nánari upplýsingar um OneSystems má finna á one.is

Síðumúla 21 (Selmúlamegin), 108 Reykjavík.

Sími: 588-1050 og 660-8551

Opið alla virka daga 9–17. ■



Hurðir og gluggar í hálfra öld

Gluggar og hurðir eru okkar ær og kýr, við erum ekki í inn-réttingum heldur sérhæfum okkur í þessu. Einhvern veginn hefur þetta þróast þannig að við vinnum mest fyrir einstaklinga og algengustu verkefni eru hurða- og gluggasmíði í einbýlishús eða lítil fjölbýlishús," segir Jónas Sigurðsson, eigandi SB Glugga- og hurðasmiðju. Starfsemi byggir á afar traustum grunni en fyrirtækið stofnaði faðir Jónasar, Sigurður Bjarnason, árið 1974, og starfaði Jónas í fjölskyldufyrirtækinu frá unga aldri en keypti fyrirtækið af föður sínum árið 1991.

„Við erum mikið í að smíða mjög vandáðar og dýrar hurðir þar sem fólk vill fá öðruvísi útlit og leggja mikið í anddyri hússins. Fjölbreytnin hefur aukist mikið í þessum efnum," segir Jónas en fyrirtæki hans leggur áherslu á sérsmíði og gæði.

Gluggar og hurðir láta mikið á sjá með tímanum í íslenski veðráttu og raunar hvar sem er í heiminum en SB Glugga- og hurðasmiðja leggur þunga áherslu á vönduð efni og traust vinnubrögð í þessum efnum.

„Regn og vindur slitur gluggum og hurðum en langverst er samt sólin. Með tímanum eyðileggja útfjólubláir geislar timbur, járn og hvað sem er. Það er nefnilega ekki til neitt sem er viðhaldsfritt og það fer mjög í taugarnar á mér að sjá yfirlýsingar um slíkt í auglýsingum," segir Jónas en fyrirtæki hans smíðar glugga og hurðir ávallt með langtímaendingu í huga:

„Þetta er allt hágæðavara sem við framleiðum. Við erum ekki að eltast við þetta ódýrasta og sem dæmi erum við eingöngu með ryðfríar lamir á hurðum og svo framvegis. Við keyrum á gæðum en ekki á lægsta verðinu og til lengri tíma er það alltaf hagstæðast fyrir kaupandann."

Starfsmenn hjá SB Glugga- og hurðasmiðju eru um tíu talsins og það er ávallt nóg að gera. Það gefur hins vegar auga leið að verkefni stóraukast á vorin og sumrin. Fyrir þá sem þurfa að endurnýja útihurðir eða glugga á næstunni hlýtur SB Glugga-



og hurðasmiðja að vera áhugaverður kostur, eða eins og Jónas segir: „Það hlýtur að segja sitt að maður hafi

unnið í sama faginu í yfir 40 ár."

SB Glugga- og hurðasmiðja er til húsa að Hvaleyrarbraut 39, Hafnar-

firði. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 565-4151 og heimasíða er sbggluggar.is.

Máni, sem Friða vann í samstarfi við systurdóttur sína



FPD DESIGN SYMBOLS OF LIFE:

Einstakir gripir með mikla þýðingu

Silfurskartgripirnir hennar Friðu Pálmadóttur hafa fengið lof hvar sem þeir hafa sést enda eru gripirnir fallegir og margir hverjir algerlega einstakir.

Innblástur frá náttúrunni

„Ég fæ mikinn innblástur frá náttúrunni og hef til dæmis hannað línur með stuðlaberg og regndropa í huga. Einnig hannaði ég línu með fjöruna í forgrunni. Svo hef ég verið að prófa mig áfram með mánaðarsteinna og hefur fólk tekið ótrúlega vel í það,“ segir Friða. Nýjasta lína Friðu heitir Máni og hannaði hún þá línu í samstarfi við unga systurdóttur sína.

Lífstáknin og merkingin

„Þegar ég hanna nýjan skartgrip er ég nánast alltaf með lífstáknin fjögur í huga. Þaðan kemur nafnið Symbols of Life á hönnunarfyrirtækinu. Lífstáknin eru sem sagt eldur, vatn, jörð og loft og mætti tengja allt sem ég hef hannað við þessi fjögur lífstákn. Fyrsta línan mín hét svo Lífstáknin og notaði ég þá táknin beint í hönnunina. Svo bætti ég við zirkon-steinum sem táknuðu andann. Í síðari línunum hef ég leyft mér að túlka þessi fjögur fyrirbæri lengra og leikið mér meira með þau,“ segir Friða. Galdrastafir og rúnir eru Friðu líka hugleikin tákn um hið forna og finnst henni gaman að hanna og smíða þau. Hefur hún einnig verið að smíða skartgrip með áletruðum rúnum og táknum; táknum eins og von, angurgapi, ósk, ást og samsettar rúnir sem mynda orðið Ísland. „Skemmtilegt er svo að segja frá því að sonur minn gifti sig í sumar og ég

smíðaði giftingarhringana og gróf í þá rúnaletur,“ segir Friða.

Einstakir gripir

Það má segja að Friða sé eins og konurnar sem eru alltaf „með eitthvað á þrjónunum“ í þeirri merkingu að hún er sífellt að hanna og smíða eitthvað nýtt. Hún hefur smíðað ógrynnin öll af einstökum gripum. „Margir hverjir eru bara til í einu eintaki og því ertu í raun að kaupa einstakan skartgrip sem enginn annar á,“ segir Friða. Friða segist einnig vera opin fyrir samstarfi og verkefnum. „Ef einhver viðskiptavinur hefur til dæmis hugmynd að skartgrip sem hann vill að ég skapi fyrir sig þá er ég mjög opin fyrir því og hef bara gaman af því. Ég hef til dæmis fengið til mín steina sem kúnni vildi að ég smíðaði skartgrip um og gerði ég það með glöðu gæði,“ segir Friða.

Úrval fyrir herrana

Þess má geta að Friða gleymir ekki herrunum þegar kemur að skartgripasmíði. „Þeir geta verið alveg jafn glysgjarnir og konurnar,“ segir hún. Friða er með flott úrval af ermahnöppum, hringjum, menum og armböndum fyrir herrana og bætir við að það hafi allir rétt á því að skreyta sig fallegum munum.

Skartgrip Friðu FPD design má finna á eftirfarandi sölustöðum:

www.gadget.is

www.etsy.com/shop/fpddesign

Í húsi blóma í Spönginni, Grafarvogur
Minjasafn Akureyrar

Laufás gestastofa í Eyjafirði

Fleiri myndir má meðal annars sjá á Facebook-síðunni Silfurskart.

Sími: 893-4747 ■

Herrahringir



Galdrastafir og rúnir



Fjaran



Regndropinn





Við smíðum söludrifna og leitarvélavæna vefi sem virka!

REYKJAVÍK DIGITAL:

Sérfræðingar í vefsíðugerð.

Reykjavík Digital er ungt og fram-sækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í WordPress-vefsíðugerð. Okkur finnst afar spennandi að vinna með WordPress fyrst og fremst vegna þess að það er Open-Source og kostar ekki neitt. Í dag keyrir WordPress u.þ.b. 30% af öllum vefsíðum á internetinu og er því langstærsta vefumsjónarkerfi í heiminum.

Á bak við Reykjavík Digital er öflugt teymi sem hefur gífurlega mikla reynslu í WordPress og vefsíðugerð. Gunnlaugur Arnar Eliasson, sérfræðingur í netmarkaðssetningu og einn eigenda Reykjavík Digital, segir fyrirtækið smíða fallega, leitarvélavæna og skilvirka vefi sem virka hnökralaust í öllum tækjum og eru hannaðir til að selja vörur eða þjónustu. Reykjavík Digital vinnur með smáum sem stórum viðskiptavinum og er ávallt opið fyrir nýjum verkefnum.

Hvað þarf að hafa í huga þegar þú kaupir vefsíðu?

Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar farið er út í að versla nýja vefsíðu. Vefsvæðið þitt er það mikilvægasta sem þú hefur til að ná til þíns markhóps og því skal vanda vel til verks áður en farið er út í vefsíðugerð. Hér koma fjórir einfaldir punktar sem geta aðstoðað þig áður en þú kaupir þér nýja vefsíðu.

■ Val á vefumsjónarkerfi

Þegar farið er út í nýja vefsíðu skiptir val á vefumsjónarkerfi miklu máli. Hér er mikilvægt kynna sér hvaða kerfi eru í boði, hvaða kerfi hentar þínum vef svo vefurinn uppfylli þínar kröfur og markmið. Reykjavík Digital notar eingöngu Open Source-vefumsjónarkerfi sem þýðir að við læsum þig ekki inni í okkar eigin kerfi. Þannig að ef þú „filar“ ekki eitthvað við okkur, þá ertu ekki bundinn þjónustunni okkar.

■ Leitarvélbestun/SEO

Það er ekki sjálfgefið að þótt þú greiðir fyrir fallega vefsíðu að umferðin í gegnum hana aukist af sjálfri sér. Ef leitarvélarnar skilja ekki nýju vefsíðuna þína er mjög ólíklegt að þú munir birtast ofarlega á leitarvélum eins og Google. Við hugsum til leitarvélanna, hvort þær skilji vefina okkar og hvað þeim finnst um þá. Við vitum hvernig leitarvélarnar hugsa og hvað þær vilja sjá.

■ Vefhýsing

Það finnst engum gaman að bíða. Ef nýja vefsíðan þín er lengi að hlaða sig þá hafa notendur ekki þolinmæði til að skoða vefinn þinn nema af algjörrri nauðsyn. Leitarvélarnar verðlauna vefsíður sem eru leiftursnöggar og því er val á vefhýsingu

einnig mjög mikilvægur liður í því að setja nýjan vef í loftið. Við aðstoðum okkar kúnna með val á vefhýsingu.

■ Viðhald á vefsíðu

Get ég breytt efninu á vefnum eða þarf ég að greiða fyrir hvert skipti sem ég vill breyta einhverju? Þetta er enn ein ástæða fyrir því að Reykjavík Digital notar einungis WordPress. Vefumsjónarkerfið er einfalt og þægilegt í notkun og okkur þykir einstaklega gaman að sjá hvað það kemur viðskiptavinum okkar sífellt á óvart hversu auðvelt það er að stjórna innihaldi WordPress.

Vefsíður

Við viljum vita allt um fyrirtækið þitt áður en við setjum upp nýja vefsíðu. Við elskum að rýna í gögn, skoða heimsóknartölur og fylgjast með hvernig notandinn hegðar sér á netinu. Gott vefsvæði á að uppfylla væntingar notenda og birta viðeigandi upplýsingar á réttum stað og réttum tíma. Við tryggjum að þetta verði að veruleika.

Netverslun

Lykilatriði í góðri netverslun er að það sé einfalt að versla á netinu. Viðskiptavinir eiga að geta fundið vöruna sem þeir leita að fljótt og örugglega. Ferðalagið frá vörulýs-

ingunni yfir í að ljúka við pöntun þarf að vera stutt og áreynslulaust. Ef þú ert að hugsa um að setja vefverslun í loftið þá erum við rétta fólkið til að tala við.

Viðbætur og tengingar

Ef lausnin sem þú leitar að krefst sérsníðinnar virkni getum við þróað hana með þér. Forritarar okkar eru vanir að byggja upp flókin verkefni frá grunni og nota nýjustu staðla fyrir hönnun og þróun í WordPress.

Ef fyrirtækið þitt hefur áhuga á að fara yfir vefmálin þá er hægt að hafa samband við okkur í gegnum síma 781-2000 eða senda okkur póst á hallo@reykjavikdigital.is

Einnig er hægt að kynna sér betur þjónustu Reykjavík Digital á <https://reykjavikdigital.is> ■



REYKJAVÍK

Digital

VÍNYPARKET:

Lítið rask og fljótlegt að leggja

Múrefni ehf. er fjölskyldufyrirtæki í Desjamýri 8 í Mosfellsbæ sem sérhæfir sig í ýmiss konar múrvöru, þéttiefnum, múrklæðningum og fleiri byggingarlausnum. Síðastliðin fimm ár hafa vinylgólfefnin bæst í flórana og eru nú sívaxandi þáttur í starfseminni. Vinylnefni eru nýjasta tiskubylgjan í gólfefnum og sífellt fleiri eru að uppgötva kosti þeirra.

„Við flytjum efnin inn frá breska vinylnframleiðandanum Design Flooring sem hefur 40 ára reynslu á þessu sviði og er heimsþekktur fyrir mikið úrval og vandaða vöru, þeir eru m.a. mjög stórir á Bandaríkjamarkaði,“ segir Ásgeir Stefánsson, vörustjóri hjá Múrefni ehf.

Vinylgólfefnin eru seld undir vörumerkinu Vinylparket og eru með vefsvæðið www.vinylparket.is auk þess að vera á Facebook undir Vinyl gólfefni. Hjónin Sigurður Hansson og Alda Kristinsdóttir eru eigendur Múrefna og Vinylparkets og með þeim starfar einnig Ásgeir Stefánsson sem sölustjóri og ráðgjafi.

Margir og stórir kostir

Ásgeir segir að kostir vinylgólfefna séu margir og engin furða að þau séu orðin svona vinsæl: „Kostir vinylgólfefna umfram önnur gólfefni eru fjölmargir og í mörgum tilfellum ástæðan fyrir að svo margir kjósa þessa lausn á gólf sín. Vinylgólfín er slitsterk, algjörlega vatnsheld, auðveld í þrífum og auðveld í meðförum. Hljóðvistin er afbragðsgóð og hentar afar vel í hótél og inn í rými þar sem hávaði eða kliður getur verið vandamál. Efnin eru sérstaklega hönnuð til að leiða vel hita þar sem hiti er gólfum og eru mjög örugg lausn fyrir verktaka og fasteignafélög því þótt hratt sé byggt og hugsanlegur raki sé í gólfum þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Einnig er bæði einfalt og fljótlegt að leggja vinylparket, og ryk og hávaði í algjöru lágmarki því í mörgum tilfellum eru einu verkfærin dúkahnífar, vinklar og málbönd,“ segir Ásgeir.

Litaúrvalið er ótrúlega mikið, bæði í viður- og náttúrusteinsútliti og hægt að velja milli margra mismunandi áferða hvort sem útlitið er ljóst og nútímalegt eða með útlit gamalla viðarpilja og allt þar á milli. „Áferðin er afar edlileg og falleg. Flestir sem ganga á vinylgólfum hafa orð á því hvað þau séu mjúk,“ segir Ásgeir. Þar að auki er hægt að skapa ýmis þrívíddaráhrif, fúgulínur, skrautmynstur, útlínuramma og margt fleira. Því getur sköpunargleðin farið á flug þegar vinylgólfefnin eru valin.

Smellt, lauslagt eða niðurlímt

Vinylgólfefnin hjá Múrefni skiptast í þrennt: smellt, lauslagt og niðurlímt. Smellta vinylparketíð er bæði fánlegt 4,5 mm þykkt án undirlags og 6,5 mm þykkt með áföstu undirlagi. Þar er vinsælasta gerðin Korlok sem eru langir og breiðir plankar með fallegu og edlilegu útliti amerískra viðartegunda.

LooseLay er 4,5 mm lauslagt með stömum undirlagsrákum sem gerir það að verkum að hægt er að leggja gólfefnið á vel undirbúið gólf án þess að líma það niður en þó án þess að



það smelli saman. Aðeins er borinn undir límkenndur klisturgrunnur sem gerir það að verkum að auðvelt er að taka planku úr miðju gólfi og skipta út ef eitthvað gerist sem skemmir gólfefnið. LooseLay-efnin eru líka auðveld í meðförum og afar fljótlegt að leggja ásamt því að vera mjúk að standa á og hljóddempandi.

Niðurlímdu efnin (Gluedown Collection) eru þau gólfefni sem mest vöxturinn er í um þessar mundir og skiptast þau í nokkra flokka eftir útliti, þykkt, slitstyrk og áferð. Ódýrustu efnin eru í Rubens-vörulínunni en ART Select er dýrasta línan enda er mikið lagt í útlit, hönnun og gæði sem skilar sér í gólfum sem líta út eins og niðurlímt, fasað plankaparket eða vandaður náttúrusteinn, en án reglulegs viðhalds eða kostnaðarsamrar vinnu við niðurlögn. Niðurlímdu efnin eru frá 2–3 mm og hafa í gegnum tíðina mest verið límd beint á vel undirbúin eða flotud gólf.



Vinylplankar og flisar á undirlag með límfilmu

„Nýjasta viðbótin er síðan Fastlay LVT-undirlagið sem er 2 mm harðpressað PU-undirlag með 20 DB hljóddempun og límfilmu sem þú límir vinylplanka og flisar úr niðurlímdu línunni á,“ segir Ásgeir.

Þessi aðferð er fljótleg og þægileg og veldur lágmarksraski á framkvæmdatíma. Þessi aðgerð sameinar að vissu leyti kosti lauslagðra efna og smelltra því vinnan við þetta er minni en í smelluparketi en að sama skapi getur þú í mörgum tilfellum lagt yfir önnur gólfefni sem sparar þá tímafreka og erfða vinnu við að fjarlægja t.d. flisar.

Fljót og skilvirk sérpöntunarþjónusta

„Afgreiðslutími gólfefnanna er mjög stuttur en ekki er hægt að vera með lager af vörum þar sem svo margar gerðir og litatóna er um að ræða. Við sérpöntum fyrir hvern og einn og sendum út pantanir í hverri viku og gólfefnin koma til landsins á 10–14 dögum.“

Múrefni ehf. og Vinylparket er með skrifstofu og glæsilegan sýningarsal að Desjamýri 8 í Mosfellsbæ og er opið alla virka daga frá 08–17. Síminn er 517-9604 og þú finnur vörurnar á vefsvæðunum www.murefni.is og www.vinylparket.is. ■



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI:

Líkkistur, innréttingar, tréstiggar og sumarhús

Trésmiðjan Stígandi á Blönduósi smíðar vandáðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar með viðartegund að vali kaupanda. Kisturnar eru afgreiddar fullbúnar, fóðraðar og með kotta, sæng og blæju. Líkklaði er einnig hægt að kaupa sé þess óskað. Kisturnar eru sendar daginn eftir pöntun hvert á land sem er.

Að sögn Guðmundar Arnar Sigurjónssonar, eins eigenda Stíganda, afgreiðir fyrirtækið um 30 líkkistur á ári. Flestar eru keyptar í héraðinu, einhverjar fara á Blönduós og Hvammstanga, og svo eru nokkrar afgreiddar vítt og breitt um landið, meðal annars til Reykjavíkur. Segir Guðmundur að ástæðurnar fyrir því að líkkisturnar frá þeim nái svo langt út fyrir héraðið bæði vera gott orðspor fyrirtækisins í líkkistusmiði og að verðið á þeim þyki afar hagstætt miðað við mikil gæði.

Starfsemi Trésmiðjunnar Stíganda hvílir á gömlum og traustum grunni. Fyrirtækið var stofnað árið 1947 og hefur ávallt verið staðsett á Norðurlandi, en stofnendur þess komu þó úr Reykjavík. Í dag eru þrjú starfsmenn fyrirtækisins í eigendahópnum en starfsmenn eru alls 13, meirihlutinn trésmiðir.

Að sögn Guðmundar er starfsemin afar fjölbreytt en þó er sérsmíði á innréttingum mjög stór þáttur af starfseminni:

„Við erum stærsti aðilinn á svæðinu í viðhaldi og nýsmíði og því mikið leitað til okkar varðandi alls konar verkefni. Við erum í raun þjónustufyrirtæki á vakt hér og það er feikilega mikið að gera.“

Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíða starfsmenn fyrirtækisins nánast hvað sem er, allt eftir óskum viðskiptavina. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.

Innréttingar, tréstiggar og sumarhús

Á heimasíðu Stíganda, stigandihf.is, má finna fróðlegar upplýsingar um ýmsar vörur fyrirtækisins. Aður eru líkkisturnar nefndar en auk þeirra framleiðir Stígandi til dæmis mikið af falllegum og vönduðum innréttingum af ýmsu tagi. Þrautreyndir starfsmenn eru viðskiptavinum til ráðgjafar varðandi efnisval og útfærslu, en möguleikarnir eru endalásir.

Þá smíðar Stígandi tréstiga af öllum



stærðum og gerðum þar sem nýtt er í senn nýjasta tækni og dýrmæt reynsla iðnmeistarar fyrirtækisins af gömlu handbragði.

Enn fremur framleiðir Stígandi sumarhús og smáhýsi til flutnings hvert á land sem er. Meðal annars eru í boði svokölluð hraðhús, sem eru 55 fermetra, byggð úr tveimur einingum sem eru smíðaðar á starfssvæði Stíganda og fluttar á byggingarstaðinn ásamt forsteyptum undirstöðum. Auðvelt er að bæta þriðju einingunni við hvenær sem er og stækka húsið þar með upp í 82 fermetra.

Trésmiðjan Stígandi
Húnabrat 29, Blönduósi
Sími: 452-4123
Netfang: gummi@stigandihf.is
Heimasíða: www.stigandihf.is ■





Hágæða gluggatjöld frá Bólstraranum

Bólstrarinn við Langholtsveg var stofnaður 1944 af Gunnari V. Kristmannssyni. Í dag er fyrirtækið rekið af syni hans, Hafsteini Gunnarssyni, og má með sanni segja að fyrirtækið sé með landsins mesta úrval af áklæðum, gluggatjöldum og veggfóðri. „Við bjóðum upp á gríðarlegt úrval af ýmiss konar gæðaefnum frá fremstu framleiðendum heims. Við erum algerlega óhrædd við að flytja inn dýrari efni því það hefur komið á daginn að fólk vill frekar fá góð efni sem endast vel, og er tilbúið til þess að borga aðeins meira til þess að upplifa alvöru gæði og góða endingu,” segir Hafsteinn.

Veglegt velúr

„Stöðugt eru að koma nýjar tegundir bæði af klassískum efnum og tískuefnum og hefur velúr til dæmis verið að koma sterkt inn í innanhússhönnun í dag. Við flytjum inn ótrúlega áferðarfalllegt velúrefni í hæsta gæðastaðli frá ROMO sem er textílfyrirtæki í fremstu röð með dýr og flott efni,” bendir Hafsteinn á. Bólstrarinn býður einnig upp á fjölbreytt úrval af veggfóðri frá þekktustu merkjum í Evrópu. Og að sjálfsögðu, eins og nafnið gefur til kynna, býður Bólstrarinn upp á fyrsta flokks bólstrarþjónustu.

Gluggatjöld í öllum heimsins litum, stærðum og áferð

Bólstrarinn þjónustar hvort sem

er einstaklinga, arkitekta eða innanhússarkitekta við innréttingar og nýbyggingar. „Fólk er mikið til að velja gluggatjaldæfni sem hefur góða hljóðdempunareiginleika. Þetta er orðið sérstaklega mikilvægt í nýbyggingum þar sem íbúðir eru hannaðar til þess að vera opnari og rýmri, gólfteppi og annar textill eru mikið til horfinn og harðari gólfefni eru valin í staðinn. Þetta getur valdið slæmri hljóðvist í íbúðinni og þá verður nauðsynlegt að velja hágæða gluggatjöld sem minnka bergmál,” segir Hafsteinn.

Bólstrarinn býður upp á fjölmargar prufubækur sem hægt er að fá lánaðar heim þegar velja skal rétta efnið. „Það er eiginlega nauðsynlegt að fara með efnið heim til þess að skoða það í þeirri birtu sem er í rýminu og sjá það í samhengi við það sem er þar fyrir,” segir Hafsteinn. Bólstrarinn býður einnig upp á þá þjónustu að fá fagaðila heim til þess að taka mál, ráðleggja við val á gluggatjöldum og jafnvel hjálpa til við uppsetningu þegar þar að kemur.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.bolstrarinn.is

Bólstrarinn er staðsettur að Langholtsvegi 82
Sími: 568-4545
bolstrarinn@islandia.is
Opnunartími: mán-fös 09.00-18.00 ■



SUÐUR SÚKKULAÐI:

Handgert konfektsúkkulaði

Þetta súkkulaði er ekki eitthvað sem þú kaupir þegar þig langar í nammi úti í sjoppu, heldur meira þegar þú vilt gera virkilega vel við þig eða færa einhverjum sælkeragjöf," segir Finnur Bjarki Tryggvason en hann rekur súkkulaðigerðina Suður Súkkulaði ásamt eiginkonu sinni, Magneu Þóreyju Hilmarsdóttur. Þau framleiða sex tegundir úr hágæða hráefni frá belgísk/frönskum framleiðanda og einnig er konfektframleiðsla í pípunum.

„Við kaupum hráefni sem er unnið úr kakóbaunum. Þetta er því hrein og góð afurð. Það er ákveðið hollustugildi í svona konfektsúkkulaði, unnu úr kakómassa og kakósmjöri. Það er töluverð upplifun og metun í hverjum mola, er mér óhætt að segja.“

Fjórar af sex tegundum sem Suður Súkkulaði framleiðir eru hreint súkkulaði, misjafnlega dökkt, en í tvær er blandað dödlum og heslihnetum annars vegar og hins vegar pekanhnetum og kirsuberjakrispi.


„Ein af tegundunum okkar er lífrænt, dökkt súkkulaði og í því eru þrjú innihaldsefni, lífrænn hrásýkur, lífrænn kakómassi og lífrænt kakósmjör.

Ég held að við höfum veðjað á rétt með því að fara út í þetta lífræna því þeir sem eru fyrir dökkt súkkulaði vilja gjarnan fara alla leið.“

Nýjasta góðgætið í vörulínunni hjá Suður Súkkulaði er Ruby. „Ruby er kallað fjórða súkkulaðið, unnið úr Ruby-kakóbauninni og er án litar og aukabragðefna. Alveg frábært súkkulaði, rúbínrautt á litinn með ávaxta/berjatónum,“ segir Finnur. Ruby er 47,3% súkkulaði frá Callebaut í Belgíu.

Suður Súkkulaði er með lögheimili á Hvolsvelli en starfsstöð að Goðalandi í Fljótshlíð. „Við höfum verið mest á Suðurlandinu en erum að teygja okkur víðar um landið, til Reykjavíkur, í Borgarfjörð, á Suðurnes og austur á við og það var nokkuð stórt skref að fara í flugstöðina,“ segir Finnur en Suður Súkkulaði kom fyrst með vöru á markað í júní 2017.

Fyrirtækið stækkar hægt og rólega en bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn kunna vel að meta þetta handgerða gæðasúkkulaði þar sem sú hollusta sem gott súkkulaði býr yfir fær að njóta sín ásamt ljúffengu bragði. ■



SPORT



Opnar verslun á Íslandi

PLAY.



24% opnunarafsláttur og frábær opnunartilboð

Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á 

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Prönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Allt frá því að Briell Decker var lítil stúlka vissi hún hver framtíð hennar yrði, hver örlög hennar yrðu. Henni beið það sama og systur hennar. En þegar dagurinn rann upp skalf hún og nötraði. „Komdu og sestu í kjöltu mína,“ sagði Warren. Briell var skelfingu lostin, 18 ára og nýorðin kona Warrens Jeffs, númer 65. Þetta gerðist fyrir 16 árum. Þetta hafði að vonum mikil áhrif á Briell og líf hennar. Fortíðin hefur alla tíð sótt á hana og litað líf hennar og gerir enn í dag mörgum árum eftir að Warren Jeffs var dæmdur í fangelsi. Hún hefur helgað líf sitt því að hjálpa þeim sem hafa gengið í gegnum svipaða lífsreynslu og hún og rekur nú athvarf í húsinu sem hún flúði úr fyrir sex árum, frá Warren Jeffs.

Saga Warrens Jeffs, sem var trúarleiðtogi stórs hóps sem aðhyllist mormónatrú, er ótrúleg en samt sem áður sönn. Hún vekur upp spurningar um hvernig einn maður geti náð svo miklum heljar-tökum á fólki að það gerir allt sem hann segir og sættir sig við allt. Af hverju mörg þúsund manns trúðu að fjölkvæni væri ávísun á beina leið til himna? Að þeim mun fleiri konur sem hver karl ætti, þeim mun nær væri hann guði? Að hár kvenna ætti að vera sítt svo hún geti þveg-ið fætur eiginmanns síns með því þegar hún kæmi til himna? Að hjón mættu ekki stunda kynlíf og aðeins 15 „útvaldir sæðisberar“ mættu stunda kynlíf með konunum? Þetta var meðal þess sem Jeffs sagði við áhangendur sína og vitnaði ávallt í opinberanir frá guði. Ekki er annað að sjá en hann hafi einmitt fengið margar slíkar opinberanir.

Það var þó Joseph Smith, stofnandi mormónahreyfingarinnar, sem fékk fyrstu opinberunina sem leiddi til þess að fjölkvæni varð talið nauðsynlegt til að komast til himna. Þetta var árið 1843. En fjölkvæni var og er ólöglegt í Bandaríkjunum og eftir átök árum saman við ríkisstjórnir landsins lét mormónakirkjan undan og 1910 fordæmdi hún og bannaði fjölkvæni. En það voru



Bókstafstrúar mormónar
Heilabvottur og ofbeldi er mikið vandamál.

HVERNIG GAT WARREN JEFFS NÁÐ ÓGNVÆNLEGUM TÖKUM Á SÖFNUÐI SÍNUM?

■ Átti 80 eiginkonur ■ Bannaði hjónum að stunda kynlíf
■ Aðeins 15 karlar máttu stunda kynlíf með konum í söfnuðinum

ekki allir sáttir við þetta og klofningshópur úr samfélagi mormóna stofnaði árið 1913 sinn eigin söfnuð sem heitir Fundamentalist Church of Jesus Christ of Latter-Day Saints (FLDS). Þessi söfnuður fer ýmsar aðrar leiðir en aðrir mormónar og lofsamar til dæmis fjölkvæni. Hreyfingin kom sér fyrir í Short Creek, sem er afskekkt svæði í Arizona, til að fá frið fyrir forvitnum augum umheimsins.

Eftirlitssamfélag

Ekki er vitað hvað gerðist hjá söfnuðinum fyrstu áratuginna en vitað er að Rulon Jeffs, faðir Warrens, var leiðtogi safnaðarins frá 1986 til dauðadags 2002. Vitað er að hann dró ekki af sér því hann átti 75 konur þegar hann lést, þar af voru margar á barnaldri, og 65 börn. Eitt þeirra var einmitt fyrrnefndur Warren. Hann tók við veldissprotanum af föður sínum og stýrði söfnuðinum harðri hendi næstu árin. Samfélag-

ið breyttist í algjört eftirlitssamfélag. Eftirlitsmyndavélar voru settar upp alls staðar og tengdar beint heim til Warrens svo hann gat setið heima í stofu og fylgst með öllu og öllum og þannig refsað þeim sem fylgdu ekki strangri hugmyndafræði hans.

Skyndilega var notkun ákveðinna orða bönnuð. Vinir máttu ekki lengur umgangast. Leikföng voru tekin af börnunum. Ekki má gleyma hótunum, en fólki var í sífellu hótad að það yrði aðskilið frá fjölskyldum sínum í refsingarskyni vegna óhlýðni.

Kynferðisofbeldi

Kynferðisofbeldi var eitt sem Warren Jeffs beitti í miklum mæli og bar hann fyrir sig að þetta væri bein fyrirskipun frá guði. Þegar hann var ákærður og dreginn fyrir dóm kom fram að fórnarlömb hans voru allt niður í 12 ára aldur. Hann batt barnungar stúlkur oft við sérsmíðað borð, sem líklegast má kalla nauðg-



Warren Jeffs Dæmdur
í 130 ára fangelsi.

unarborð, og nauðgaði þeim. Þetta gerði hann fyrir framan eiginkonur sínar og sérlega útvalda fylgismenn sem voru honum trúir og traustir. En enginn spurði spurninga eða ef-aðist um gerðir hans.

„Þegar þér hefur verið innrætt allt lífið að hann sé spámaðurinn, sá útvaldi, þegar þér er alltaf sagt að hann sé ósnertanlegur og sá sem talar við guð, fær heimsóknir frá guði, þá rembist þú við að vera meðal þeirra sem hann tekur með sér til himna,“ sagði eitt hinna heilaþvegna safnaðarbarna.

Þetta átti einmitt við um fyrrnefnda Briell Decker en hún var fædd og uppalin í Short Creek. Hún segir þennan fyrrverandi eiginmann sinn hafa verið „viðbjóðslegan“. Hún gerði allt sem hún gat til að forðast hann.

„Annars hefði hann neytt mig til að vera með í hof-hlutunum sínum,“ sagði hún um eiginmanninn og bætti við að þar ætti hún við kynferðislega ofbeldi.

Handtakan

Briell var svo lánsöm að hjónabandið varði aðeins í þrjú ár, því 2005 var alríkislögreglan FBI á hælum hans vegna rannsóknar á hjónabandi hans og 16 ára stúlkunna. Hann var handtekinn ári síðar. Í bíl hans fann lögreglan fjórar tölvur, 16 farsíma, þrjár hárkollur, mörg sólgleraugu og mikið reiðufé. Þegar húsleit var gerð á heimili hans komst lögreglan að því að hann hafði kvænst fjölda barnunga stúlkna. Talið er að hann hafi kvænst um 80 konum og ungum stúlkum. Til samans eiga þær um 200 börn.

Warren var dæmdur í 130 ára fangelsi. Hann situr nú í fangelsi en talið er að hann stýri söfnuði sínum

„Ég vona að þau vakni dag einn og átti sig á að allt sem þau hafa trúad á er ekki sannleikurinn“

samt sem áður harðri hendi þaðan en margir safnaðarmeðlima telja hann vera „spámanninn“.

En þrátt fyrir að Warren hefði verið handtekinn sat Briell enn föst í klóm safnaðarins en safnaðarmeðlimum var haldið í járngreipum hans með ógnarstjórn þrátt fyrir handtökuna. Henni var hótad lífláti ef hún reyndi að flýja. En 2012 tókst henni það.

Hún býr nú í Short Creeks með nýjum eiginmanni sínum. En þar hefur orðið breyting því venjulegt fólk er flutt í bæinn til að lifa venjulegu lífi án trúarofstækis.

Þegar ríkið ákvað að selja hús Warrens, sem er með 40 svefnherbergjum, og höfuðstöðvar kirkjunnar á uppboði keypti Briell húsið í samvinnu góðgerðasamtök í Kaliforníu. Hún rekur nú athvarf þar fyrir fyrrverandi safnaðarmeðlimi og núverandi ef þeir kjósa að yfirgefa söfnuðinn.

„Ég vona að þau vakni dag einn og átti sig á að allt sem þau hafa trúad á er ekki sannleikurinn,“ sagði hún um þá mörgu sem enn tilheyra FLDS en þar á meðal er móðir hennar. ■

Gerid gæða- og verðsamanburð

Sofðu betur á **BODYPRINT**

vefverslun svefnogheilsa.is

BODYPRINT X Reverie

Stillanlegt hjónarúm
Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is

12 mána. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

Svefn & heilsa ★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagna- og Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Banani greip æpli



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.

**AVAXTA-
BILLINN**
Avaxtaðu betur

www.avxtabillinn.is • avxtabillinn@avxtabillinn.is • 517 0110

HELSTU PYNTINGARTÓL MIÐALDA

■ Pyntingar tóku of marga daga ■ Þeir sem lifðu af örkufluðust

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Pyntingar eru árangursrík aðferð til að knýja fram

játningar og í gegnum aldirnar hafa þær verið óspart notaðar til þess. Miðaldirnar í Evrópu eru beinlínis frægar fyrir hugmyndaauðgi böðlanna. Flestar tóku pyntingarnar langan tíma og leiddu gjarnan til dauða. Skipti það yfirvöld litlu máli ef hinn pyntaði játaði glæpi sína. Hér eru nokkur af helstu tólunum sem notuð voru í Evrópu á miðöldum.

Trúvillingagaffall Hugmyndaauðgi spænska rannsóknarréttarins.



Trúvillingagaffallinn

Mikið notaður hjá spænska rannsóknarréttinum. Gaffallinn var oddhvass á báðum endum og var hann bundinn með leðuról utan um háls fórnarlambins. Grófust þá oddhvössu endarnir inn í hökuna og inn í bringuna. Þetta olli því að fórnarlömbin gátu ekki sett höfuðið niður og ekki sofð, jafnvel svo dögum skipti.

RekkiFórnarlamb slitið í sundur.



Rekkinn

Sennilega eitt þekktasta pyntingartól sögunnar og notað allt frá fornöld. Fórnarlambið var bundið við rekkann og það síðan smám saman strekkt. Til að byrja með fóru öll liðamót úr skorðum, þá slitnuðu sínar og vöðvar. Ef togað var nógu lengi rifnuðu hendurnar eða fæturnir alveg af fórnarlambinu. Þeir sem lifðu af urðu alvarlega bækladir.

Likkista Sjóræningjar voru látnir hanga í henni.



Likkistan

Algengt aðferð til að pynta og aflífa sjóræningja. Likkisturnar voru í raun búr sem fórnarlömbin voru sett í og hengd hátt upp til að allir sæju. Sjóræningjar voru gjarnan hengdir upp niðri við höfnina öðrum til viðvörunar. Það tók fórnarlambið nokkra daga að deyja úr ofþornun eða kulda.

Hausakremjari Augun spíttust út og kjálkinn brotnaði.



Hausakremjarinn

Algengt pyntingartól hjá spænska rannsóknarréttinum. Kremjarinn var nokkurs konar þvinga með rá sem fór undir hökuna og hjálm yfir höfuðið. Með því að snúa skrúfuhægt var hjálminum ýtt niður á móti ránni og þrýstingurinn jókst á höfuðið. Til að byrja með brotnuðu tennurnar eða þrýstust inn í kjálkann. Síðan brotnaði kjálkinn alveg og beinin í andlitinu og augun spýttust út. Þetta gat tekið langan tíma því böðullinn herti og losaði til skiptis. Þeir sem lifðu af fengu oft heilaskaða.

Brjóstárfarinn

Einnig kallaður kóngulóin. Tækið var aðallega notað á konur sem voru sakaðar um að hafa framið hórðómsbrot eða eytt fósturi. Brjóstárfarinn var yfirleitt hitaður vel upp áður en fjórum klóm hans var læst utan um brjóst konunnar. Þá var brjóstið annaðhvort togað eða rífið af konunni sem gat hæglega leitt til dauða. Ef hún lifði af yrði hún afskræmd það sem eftir var.

Brjóstárfari Notaður á ótrúar konur.



Júdasarstóllinn

Einnig kallaður Júdasarvaggan og var notaður víða um Evrópu og sérstaklega vinsæll hjá spænska rannsóknarréttinum. Fórnarlambið var afklætt og bundið ofan við stóllinn í sitjandi stöðu. Síðan var það látið síga hægt niður þannig að oddhvassi endinn færi upp í endaparm eða kynfæri. Stundum var fórnarlambinu mjakað og olía notuð til að stjæksetja það og gat tekið nokkra daga.

Járnfrú Innblástur að þungarokkssveit.



Járnfrúin

Járnfrúin minnir á líkkistu egyptsku faraóanna en er í raun þýsk uppfinning frá fjórtánda öld. Innan í járnfrúnni voru hárbeyttir gaddar á öllum hliðum. Óljóst er hvort fórnarlömbin hafi verið kramin í járnfrúnni og þeim blætt út eða að þau hafi verið látnin standa inni í henni og ekki getað hreyft sig án þess að stinga sig. Ekki er heldur víst hvort gaddar hafi verið í þeim öllum.

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Klofsög Tvo þurfti til verksins.



Klofsög

Þessi aðferð var notuð á miðöldum í Evrópu, Miðausturlöndum og Kína við ýmsum glæpum, þar á meðal hórðómsbrotum, göldrum og guðlasti. Fórnarlambið var afklætt og fætur þess bundnir við staura. Hékk það þá á hvolfi með klofið gleitt. Tveir böðlar notuðu svo stóra trjásög til að saga fórnarlambið í tvennt og byrjuðu á klofinu. Þar sem fórnarlambið var á hvolfi rann blóðið niður í heila og var því lifandi lengi.

Rottubúr Fórnarlömb étin lifandi.



Rottubúrið

Fórnarlambið var bundið liggjandi og hálftrútt eða fata með lifandi rottu sett yfir kviðinn. Síðan voru heit kol sett ofan á búrið og rottan byrjaði að grafa og naga sig burt frá hitanum, inn í mjúkt holdið. Fyrst er minnst á þessa aðferð í hollensku þýtingunni á sautjándu öld og síðast var hún notuð af einræðisherranum Pinochet í Chile.

DEKKJASALAN



Dekk og flottar felgur

Dekkjasan, Dalshrauni 16, Hafnarfirði - 587 3757 - dekkjasalan.is

ÍSRÖR.



Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR.



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldvatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Líklega besta verðið

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

Bryndís Jónatansdóttir Verk-
efnastjóri ÚTÓN.

Mikilvæg tengsl myndast á Iceland Airwaves

ÚTÓN stendur fyrir ráðstefnu

MYND DV/HANNA

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Dagana 7.–10. nóvember fer fram tónlistarhátíðin Iceland Airwaves. ÚTÓN (Útflutningsstofnun íslenskrar tónlistar) mun standa fyrir ráðstefnu meðan á hátíðinni stendur þar sem boðið verður upp pallborðsumræður, tengslamyndunarfundir og vinnusmiðjur. Á ráðstefnunni gefst gestum tækifæri til að heyra um það helsta sem er að gerast í tónlistarheiminum í dag, en tónlistariðnaðurinn er á stöðugri hreyfingu og fer ekki varhluta af framförum í tækni og samfélagsbreytingum og munu pallborðsumræður leitast við að skoða áhrif þessara breytinga á tónlistariðnaðinn hér heima sem og erlendis. DV settist niður með Bryndísi Jónatansdóttur, verkefnastjóra ÚTÓN, sem sagði nánar frá ráðstefnunni.

Mikilvæg tengslamyndun

„Þetta er í fjórða skipti sem ráðstefnan er haldin, sem er stofnuð af ÚTÓN. Meginmarkmið ráðstefnunnar er að styðja við íslenskan tónlistariðnað, kynna það helsta sem er í gangi í tónlistarheiminum, þær breytingar sem eru að eiga sér stað og þá þróun sem hefur verið í gangi, nýja tækni og fleira. Markmiðið er einnig að tengja saman íslenskan tónlistariðnað við bæði umboðsmenn, tónlistarfólk og fleiri sem vinna innan iðnaðarins við erlenda fagaðila sem koma til landsins fyrir hátíðina. Við erum með okkar virkni yfir fjóra daga, þar af eru þrír af dögum með megináherslu á tengslamyndun.

Við byrjum á miðvikudeginum í samstarfi við STEF. Þar verðum við með svokölluð „hlustunarsession“ með tónlistarstjórum. Stór partur af vinnu margra tónlistarmanna í dag er svokallað „sync“. Það er að selja og leigja tónlistina sína út í auglýsingar, sjónvarpsþætti, kvikmyndir og fleira og þar eru í lykilhlutverki tónlistarstjórar,“ segir Bryndís.

„Til landsins koma tónlistarstjórar sem sjá um velja tónlist í stærstu sjónvarpsþáttaseríur og auglýsingar í heiminum. Hlustunarsession virkar þannig að tónlistarfólk fær tækifæri á að spila tónlistina sína fyrir tónlistarstjórana sem síðan gefa því álit og hversu „sync“-hæf tónlistin sé. Eftir á getur það síðan myndað persónuleg tengsl við tónlistarstjórana og aðra tónlistarmenn. Út úr þessu hefur oft komið alls konar samstarf. Þetta er tækifæri fyrir tónlistarmennina til þess að fá álit og að vita hvort þeir séu tilbúnir að fara út í svona samstarf og mynda tengsl til þess að koma þeim af stað.“

Allir fá minnst einn fund

„Á fimmtudeginum erum við á fullu með tengslamyndunarfundum,“ segir Bryndís. „Fundirnir er nokkurn veginn eins og hradstefnumót. Tónlistarfólk fær tíu mínútna örfundi með umboðsmönnum, útgáfufyrirtækjum og áhrifafólki úr iðnaðinum. Þar gefst þeim tækifæri að sýna þeim tónlistina sína og mynda tengsl sem svo síðar gætu leitt til frekara samstarfs. Við bjuggum til skjal með myndum og upplýsingum með öllum fagaðilum sem mæta á fundina. Þennan lista

Þarna koma meðal annars bókarar frá stærstu tónlistarhátíðum í heimi líkt Eurosonic, Hróarskeldu og Great Escape.

sendum við svo út á tónlistarfólkid sem ætlar sér að mæta. Þeir geta svo lesið sér til um hvaða fagaðilar þetta eru og sótt um hvaða aðila þeir vilja hitta. Hver tónlistarmaður getur fengið sex fundi. Þessar upplýsingar sendum við svo á fagaðilana. Þeir geta þá séð hverjir þetta eru og kynnt sér tónlistarfólkid og undirbúið sig áður en fundur á sér stað. Þetta er gert til þess að allir geti fengið sem mest út úr hverjum fundi.

Það sem við erum einnig að gera í ár er að við erum með opinn lista yfir alla fagaðilana fyrir þá sem eru að spila á hátíðinni. Þar geta listamenn fundið tengiliðaupplýsingar um hverjir eru að mæta, geta sent þeim línu og sagt þeim hvar og hvenær þeir eru að spila og hvort þeir hafi áhuga að koma og horfa. Með þessu erum við að hvetja til tengslamyndunar. Það hefur gríðarlega mikil áhrif að fá rétta fólkid á tónleika og hitta rétta fólkid.“

Eru þessir viðburðir opnir öllum?

„Það þurfti að sækja um tengslamyndunarfundina. Allir gátu sótt um og allir gátu séð hverjir væru að fara að taka þátt í þessum fundum. Það er svo valið hverjir fá fund-

ina út frá því hversu mikið efni fólk er með, en við reynum að gefa öllum tækifæri til að fá að minnsta kosti einn fund. Fólk sem er að spila á hátíðinni hefur forgang. Þarna koma meðal annars bókarar frá stærstu tónlistarhátíðum í heimi líkt Eurosonic, Hróarskeldu og Great Escape.

Áherslan í ár er lögð á umgjörð tónlistarverkefna. Við höfum verið að leggja áherslu á að styðja við að það komi fleiri inn sem umboðsmenn og bókarar og umgjörðina í kringum tónlistarverkefni. Það eru margir umboðsmenn sem eru með íslensk verkefni sem eru að vinna alþjóðlega sem eru að koma til landsins. Þetta fólk mun miðla sinni þekkingu til þeirra sem eru nýir. Fólkid mun hittast á námskeiði á laugardeginum þar sem umboðsmenn verða með kynningar og segja frá starfi sínu, hverju á að passa sig á þegar farið er með listamanninn í útflutning, hvernig gera á útgáfusamninga og fræðslu um streymisveitur svo eitthvað sé nefnt.“

Frumkvöðlahugsun hjá yngri kynslóðinni

Eru þetta allt erlendir umboðsmenn?

„Það eru erlendir umboðsmenn að koma, en svo erum við að bjóða íslenskum umboðsmönnum líka sem eru með reynslu erlendis frá. Áhersla okkar er sú að fá umboðsmenn, sem hafa verið að vinna með íslensk verkefni á erlendri grundu, til að koma og deila sinni reynslu þannig að fólk geti öðlast forskot á það hvernig hægt sé að skipuleggja sig og hvernig hægt sé að koma íslensku verkefni í útrás. Hvað þarf til, hver eru fyrstu skrefin, hvað þarf að varast og svo framvegis.“

Það hafa ekki verið margir íslenskir umboðsmenn í gegnum tíðina. Er það að breytast?

„Það er rétt, þeir hafa ekki verið margir. Það virðist vera að það sé að koma upp öflugur hópur núna. Það er heilmikil frumkvöðlahugsun sem hefur átt sér stað hjá yngri kynslóðinni og það hefur verið gaman að fylgjast með hvernig sú þróun hefur verið. Það er heilmikil grasrót og mikil tækifæri. Það er verið að framleiða ofboðlega mikið af tónlist sem er að fá mikla athygli erlendis en það þarf ákveðna umgjörð til þess að fylgja því eftir. Það er að koma meiri áhugi á að byggja það upp hérna heima.“ ■

Ráðstefnan er haldin á Center Hótel Plaza, en STEF-viðburðurinn verður haldinn í húsakynnum STEF við Laufásveg. Allir viðburðir verða streymdir beint á Facebook-síðu ÚTÓN fyrir þá sem hafa áhuga.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðu ÚTÓN, www.uton.is.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



SAKAMÁL



5 ára morðskeiði Tholeni-skrímislins, Bulelanis Mabhayi frá Suður-Afríku, lauk í ágúst árið 2012. Frá árinu 2007 hafði Mabhayi myrt hvort tveggja konur og börn, um tuttugu talsins, sem hann nauðgaði fyrst. Fórarlömbin voru myrt með sveðju eða óxi, það yngsta 15 mánaða drengur, sem var þó ekki nauðgað. Áður en Tholeni-skrímlið barði barnið til bana hafði hann nauðgað og myrt móður barnsins og 13 ára systur þess. Mabhayi fékk tuttugu og fimm-faldan lífstíðardóm árið 2013.

GREIFVYNJAN OG PÍSL

Marie Tarnowska beitti töfrum sínum óspart ■ Ástmenn hennar hlutu ill örlög

Fegurð er ekki aðeins í andliti fólgin og stundum er sagt að fegurðin komi innan frá. Ekki verður lagt mat á þau orð, en óhætt er að segja að fegurð rússnesku greifvynjunnar Marie Tarnowska (Maria Nikolaevna O'Rourke) hafi frekar verið henni fjötur um fót en hitt, þegar upp var staðið.

Þannig var mál með vexti að rússneski greifinn Wassily Tarnowski kvæntist Marie árið 1895. Marie var þá 17 ára og talin með fegurstu fljóðum og svo heillandi að enginn karlmaður varð ósnortinn af kynnum við hana.

Svarar í sömu mynt

Wassily var ekki við eina fjölinna felldur í ástamálum og til að ná sér niðri á honum bauð Marie bróður hans til rekkju sinnar. Þegar Marie fékk leiða á bróðurnum sleit hún sambandinu og niðurbrotinn sá hann þann kost einan að binda endi á líf sitt.

Slíkt hið sama gerði næsti ástmaður hennar sem þurfti að víkja fyrir Alexis nokkrum Bozevski, liðsmanni keisaralega lífvarðarins.

Elskhugi skotinn

Sökum þess hve ofbeldishneigður Bozevski var ákvað Marie að hafa vaðið fyrir neðan sig þegar tími var til kominn að kasta honum fyrir róða. Hún setti á svið nauðgun þegar hún vissi að eiginmaður hennar sá til. Wassily hikaði hvergi, greip til byssunnar og skaut Bozevski til bana.

Marie beið ekki boðanna og sneri sér að næsta ástmanni. Fyrir valinu varð lögfræðingur að nafni Maximillian Prulikov.

Slypp og snauð eftir skilnað

Áform Marie voru að Prulikov beitti áhrifum sínum svo Wassily yrði sendur til Síberíu. Það gekk ekki eftir og í ofanálag komst Wassily að sannleikanum um „nauðgunina“ og skildi við Marie og hún stóð ein eftir, slypp og snauð.

Marie dó ekki ráðalaus og taldi Prulikov á að yfirgefa eiginkonu sína og börn og ferðast um Evrópu með henni.

Úr einum faðmi í annan

Þegar þau sneru heim frá Evrópu tók Marie saman við auðugan, eldri greifa, Pavel Kamarovsky. Í

„Ég er ólánsöm-ust kvenna í heimi hér. Ég er píslarvottur eigin fegurðar.“

gegnum Kamarovsky komst Marie á snoðir um vin hans, dr. Nicholas Naumov, sem var þekktur fyrir fyrirlitningu sína á konum.

Marie fékk engan veginn staðist þá freistingu að stofna til kynna við Naumov. Hún dró hann á talar og stundaði að brenna hann með sigarettum á meðan þau stunduðu kynlíf.

Ráðabrigg Marie

Nóg um það. Þess var skammt að bíða að Marie fengi sig fullsadda af þeim báðum. Fékk hún þá Kamarovsky til að kaupa líftryggingu upp á andvirði 20.000 sterlingspunda og gera hana að eina réttthafa bóta, ef svo óheppilega vildi til að hann yfirgæfi

Marie Tarnowska
Fegurðin færði henni ekki gæfu.



BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR



Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is



I grande processo dei Russi a Venezia
ritografia di tutti gli imputati eseguita durante il
più drammatico contraddittorio.



72 ára bandarísk kona, Donna Lou Bott, lifði ekki af innbrot Floyd Eugene Maestas þann 28. september 2004. Floyd braust inn á heimili hennar í Salt Lake í Utah og þegar hann hvarf af vettvangi var Donna lifð lík. Floyd gekk í skrokk á henni með hrottalegum barsmiðum, herti að hálsi hennar, stakk hana og hoppaði að lokum á líkama hennar með banvænum afleiðingum. Þann 6. febrúar, 2008, var Floyd dæmdur til dauða og skyldi dómnum fullnægt með banvænni sprautu.



IR FEGURÐARINNAR



Í höndum lögreglunnar Marie var handtekin í Evrópu.

jarðlífið. Síðan bað hún Naumov að drepa Kamarovsky. Að lokum hafði Marie samband við Prulikov, sem hafði sýnt henni tryggð gegnum súrt og sætt, og sagði honum að bíða með lögreglunni og standa klár á að handtaka Naumov þegar hann hefði banað Kamarovsky.

Morð, handtaka og dómur
Þann 3. september, 1907, dró til tíðinda í Feneyjum. Naumov skaut Kamarovsky til bana og var handtekinn af lögreglunni að Prulikov

viðstöddum. Fljótlega komst lögreglan að ráðabriggi Marie og hún var handtekin. Réttarhöld vegna málsins hófust 14. mars árið 1910 og lauk 20. maí sama ár.

Óhætt er að segja að hvorki Prulikov né Naumov hafi riðið feittum hesti frá sambandi sínu við Marie. Prulikov fékk 10 ára dóm en Naumov slapp með þriggja ára dóm.

Madame de Villemer
Marie sjálf var dæmd til átta ára

“Hún dró hann á talar og stundaði að brenna hann með sigarettum á meðan þau stunduðu kynlíf.

fangelsisvistar og var sleppt árið 1915, en þá var heilsu hennar farið að hraka sökum kókaíníknar. Um líf Marie Tarnowska eftir það er lítið vitað og frásagnir óáreiðanlegar.

Samkvæmt einni sögu þá bjó hún í Buenos Aires í Argentínu árið 1916 með nýjum ástmanni, Frakknum Alfred de Villemer. Marie er sögð hafa kallað sig Madame de Villemer á þeim tíma.

Grafín í fjölskyldugrafreitnum
Alfred de Villemer dó árið 1940 og Marie dó, samkvæmt einni frásögn, 23. janúar árið 1949. Sagt er að líkamsleifar hennar hafi verið fluttar til Úkraínu, sem þá tilheyrði Sovétríkjunum, og hún lögð til hinstu hvílu í fjölskyldugrafreitnum.

Sagt er að hún hafi muldrað á banabeðinum: „Ég er ólánsömum kvenna í heimi hér. Ég er píslarvottur eigin fegurðar.“ ■



Auðugur greifi Pavel Kamarowsky féll fyrir töfrum Marie.



Великой процесс Русская в Венеции фотографическое снимки некая отпечатана во время драматического судебного разбирательства.

Við réttarhöldin Marie og vitorðsmenn/ fórnarlömb hennar fengu misþunga dóma.



Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía
Íslensk framleiðsla



„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“



Hinn íslenski uppvakningi

HVAÐ MYNÐIR

Hverjar eru reglurnar? Á að taka til fóta eða finna góðan felustað?

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Nú þegar hrekkjavakan er komin og farin er kjörð tilefni um helgina til þess að halda upp á alls kyns skrímli, stökkbreytt fyrirbrigði sem og hina látnu og lafandi. Uppvakningar hafa alla tíð verið sérlega vinsælir hjá almenningi og skoðanir eru sífellt skiptar um hvort þeim fylgi meiri óhugnaður þegar þeir röla sultuslakir eða eru á hlaupum.

Það er góð regla í lífinu að vera öllu viðbúinn, sama hversu fjarstæðukenndar aðstæður er um að ræða. DV fór á stúfana og ræddi við nokkra sprellfjöruga en dygga aðdáendur uppvakninga og velti því fyrir sér hvað væri best að gera ef upp kæmu endalok heimsins í formi fyrirbæris sem nefnist „Zombie apocalypse“.

Væri ef til vill sniðugast að keyra í afskekktan bústað með gott útsýni og hafa riffil að vopni? Hvað með að loka hlerum Smáralindar og nýta sér auðlindirnar þar eða birgja sig upp í IKEA þar sem aldrei væri skortur á svefnplássi eða rými?

Sjáum hvað sérfræðingarnir segja.

„Hvað myndi ég gera ef að það kæmi íslenskur uppvakningafaraldur? Ég var með svipaða þælingu í þættinum um daginn. Flest höfum við séð myndir þar sem að hetjan er yfirbuguð og fjölskylda hetjunnar lendir í hremmingum. Oft hef ég hugsað mér að ég myndi taka æði ef að þetta væri ég, yfirbuga andstæðingana og bjarga fjölskyldunni. En sjálfsgagt yrði manni bara slátrað og fjölskyldan dregin á braut.“

Ég myndi alltaf reyna að bjarga fjölskyldu minni ef uppvakningar færu að ráfa um. Til að vera undirbúinn myndi ég byrja á því að steypa „bunker“ undir viðbygginguna við húsið mitt og safna vistum. Þá get ég brugist við og forðað öllum með stuttum fyrirvara. Líklega er best að forðast þéttbýl svæði og þess vegna er ég með breyttan fjallabíl klár- an í innkeyrslunni. Innsæið segir mér að halda til fjalla í stað þess að finna eyju. Á fjöllum gæti ég fundið kofa og verndað fjölskylduna þar. Á leiðinni myndi maður reyna af fremsta megni að ná sambandi við umheiminn og græja loftbrú af landinu bláa. Ég myndi ekki notast við skotvopn, hvellir bergmála í fjöllum og draga að sér frekari hjarðir uppvakninga. Ég myndi nota smíðaverkfæri sem vopn. Sérstaklega Estwig 20 únsu hamar. Ef ske kynni að maður þyrfti að flengjast með fjölskyldunni í kofanum myndi ég leggja gildirur fyrir sauðfé og veiða mér íslenskt fjallalamb til matar. Þetta myndi fjölskyldan borða ásamt Heinz-



baunum sem hafðar voru með úr byggð. Nóg er af vatni á fjöllum.

Ef lokabaráttan yrði háð við kofann myndi ég knúsa börnin mín og hughreysta konuna mína. Gefa henni lyklna að fjallajepnum og skunda út fyrir kofann með öll þau vopn sem hönd á festir. Ég myndi berjast við uppvakningana á meðan börnin og konan kæmst undan. Börnin myndu sjá mig, föður sinn, út um afturgluggann að senda þeim fingurkoss rétt áður en að ég myndi leggja í loka-atlöguna. Brosandi kveð ég svo þennan heim vitandi að ég dó sem hetja.“

– Ómar Úlfur Eypórsson, útvarpsmaður, smiður

„Það fyrsta sem ég myndi gera er að safna saman fjölskyldu og vinum og stofna hóp saman. Þá förum við öll og finnum leðurjakka og rifin fót. Síðan brjótumst við inn á hárgreiðslustofur og



Ómar Úlfur Eypórsson

stelum öllu hárspreyi og augnfárða sem finna má. Bara svo að við getum neglt niður þennan pönkstíl sem fylgir alltaf heimsenda, þá erum við allavega tilbúin fyrir áframhaldið.

Sjálfur bý ég í bænum Neskaupstað, og það góða við þann stað er að það er bara ein leið inn og út

úr þeim bæ, sem eru göngin sem voru nýlega byggð. Ég myndi láta loka göngunum og stilla upp fólki á vöktum sem passar að það komist ekki neitt í gegn. Þetta samfélag á nóg af vopnum vegna gæsa- og hreindýraveiða. En ef uppvakningarnir ná að brjótast í gegn myndi ég líklegast fara í höfnina þar sem síldarvinnslan er. Ég veit

ad það hús er með mikið af fiski í frosti og mikið er af hnífum þar. Það væri hægt að birgja sig upp og vonandi finna bát eða skip sem væri hægt að nota til þess að koma sér í burtu ef óvinurinn nálgast. En mikilvægasta spurningin er þó þessi: eru þetta andsetnir uppvakningar í stíl við Evil Dead eða sýktir brjalæðingar á

ad það hús er með mikið af fiski í frosti og mikið er af hnífum þar. Það væri hægt að birgja sig upp og vonandi finna bát eða skip sem væri hægt að nota til þess að koma sér í burtu ef óvinurinn nálgast. En mikilvægasta spurningin er þó þessi: eru þetta andsetnir uppvakningar í stíl við Evil Dead eða sýktir brjalæðingar á

Uppvakningafaraldur: DU GERAR?



spretti eins og úr 28 Days Later? Eða klassísku George Romero-uppvakningarnir? Held að það mundi skipta miklu máli þegar það kemur að því að lifa af svona faraldur. Persónulega mundi ég velja Evil Dead-uppvakninga því að það væru einhverjar líkur á því að ég gæti loksins hitt Bruce Campbell og tekið svo síðar við keflinu af honum."

- Hafsteinn Hafsteinsson - myndlistarmaður, rithöfundur, uppvakningaséni

„Þetta er spurning um „þegar“, ekki „ef“. En þegar „zombie apocalypse“ ber að garði mun ég líklega halda mig við áætlun félaga míns, hans Arnars Benjamíns Kristjánssonar. Ég hinkra í þrjá daga áður en ég aðhefst nokkuð til að leyfa öllum vitleysingunum að fara sér að voða og koma sér úr veginum. Svo hoppa ég á fararskjóta, helst mótörhjóli til að komast milli klesstra bíla, bruna í Búðardal til að birgja mig upp af dósamat og keyri eins langt norður á Hornstrandir og ég get. Þá tekur við löng ganga að Reykjavíri, sem er afskekktur og einangraður staður með góðri sundlaug.

Líkurnar á að rekast á eftirlifendur eða uppvakninga þar eru nánast engar, auk þess að gott aðgengi er að fuglabjörgum og fiskimiðum skammt frá. Sveðjur og hamrar verða geymd í hverju skúmasketi, tilbúin til notkunar, og á nokkrum árum væri hægt að

grafa gott síki, fyllt með beittum lurkum allt í kringum húsin. Svo er bara að taka því rólega í lauginni og bíða eftir því að þyrli komi að sækja mann – því það er jú flugvöllur þarna líka. En ef allt klikkar þá veit ég líka um hús nálægt Bifröst sem hefur skothelt gler í öllum gluggum sem er hreinlega að grátbiðja um að verða gert að virki.“

- Guðni Líndal Benediktsson - rithöfundur, kvikmyndagerðarmaður

Ummæli frá fleirum verða birt í vefútgáfu greinarinnar. ■

Kjarnareglur uppvakningafaraldurs – þetta þarft þú að vita!

LÉTTUR FARANGUR

Uppvakningar geta komið þér á óvart á hverri stundu. Því meiri farangur, því minni lífslíkur.

ÚTHALD

Til þess að flýja uppvakninga er nauðsynlegt að vera í góðu formi. Til þess að vera í góðu formi þarft að færa ýmsar fórnir. Því er sniðugt að skilja kanilsnúðana eftir, eða nota þá ef enga aðra fæðutegund er að finna. Það sakar heldur ekki að eiga góða hlaupaskó.

EINANGRUN

Það er sniðugast að láta draumóra um útilegur og varðeld eiga sig.

Þú veist aldrei hvað getur komið að þér.

EGGVOPN FREMUR EN SKOTVOPN

Hnífar, sveðjur og sambærileg vopn eru ekki þau bestu í svona faraldri, en að minnsta kosti þarftu ekki að hlaða þau.

NOTAÐU HÖFUÐIÐ

... og gættu þess að afhöfða óvinina við hvert gefið tækifæri. Enginn haus, enginn árangur – þetta á bæði við um þig og uppvakninga.

NJÓTTU SMÁATRÍÐANNA

Hvort sem það er faðmlag frá nánum einstaklingi, hreina loftið í kringum þig eða ótrufluð salernisferð. Lífið er stutt og það er í dag.

SKILTAGERÐ



BÍLAMERKINGAR



BANNER-UP




SÓLARFILMUR



Ráðgjöf Hönnun Framleiðsla Uppsetning



Sundaborg 3 - 104 Reykjavík - 777 2700 - xprent@xprent.is



Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum





Sjáðu úrvalið á goddi.is

Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Vinafólkið reyndist fjölkært en ekki kinkí

Fólk í opnum samböndum mætir fordómum

Kæra Ragga

Við hjónin eigum vinapar sem við umgöngumst mikið í matarboðum og fleiru. Þau eru gift og með börn, en eru nýverð búin að deila því með okkur að þau séu búin að opna sambandið og séu núna í „poly“-sambandi. Fyrst héldum við að þau væru alveg að fara að skilja og þetta væri síðasta hálmstráid, en það virðist ekki vera því þau eru vöðu samrýmnd og ástfangin. Okkur datt líka í hug að þetta væri eitthvað kinkí tímabil, en það virðist ekki vera. Þau eru farin að tala um deitin sem þau fara á, jafnvel um kærasta og kærustur, fyrir framan okkur og hvort annað. Mér finnst vandræðalegt að geta ekki verið alveg afslöppuð því ég lít á mig sem umburðarlynda manneskju. Áttu einhver ráð?

Með þökkum,
Sigríður

„Mér finnst vandræðalegt að geta ekki verið alveg afslöppuð því ég lít á mig sem umburðarlynda manneskju“

Kæra Sigríður

Við erum svo flink í norminu, í að fara eftir þeim viðmiðum sem nærumhverfið og samfélagið innrætir okkur rækilega frá frumbersku. Þetta á auðvitað ekki bara við um samfélagslega viðurkennd sambandsform - heldur allt það sem okkur finnst eðlilegt, án þess að hugsa út í ástæðurnar og óskrifuðu reglurnar. Ef eitthvað sem fellur utan normsins verður á vegi okkar, hriktir í stöðunum. Þetta geta verið alls konar hlutir - að borða eftirmatinn fyrir matinn, að klæðast sundbol einum fata fjarri sundlaug, að syngja upphátt í strætó, eða að stunda kynlíf sem er öðruvísi en okkar. Ef eitthvað „undarlegt“ kemur inn á radarinn eigum við það til að fara í vörn - líklega vegna þess að hið óþekkt og óvenjulega veldur okkur streitu.

Mér finnst fjölkæra vinafólkið sýna ykkur mikið traust með því að deila með ykkur sannleikanum um samband sitt. Fólk sem velur að lifa í einhvers konar opnum samböndum mætir oft miklum fordómum, og því ekki sjálfsagt enn sem komið er að stíga út úr skápnum með þær upplýsingar. Ég hvet ykkur til að reyna að leggja fordómanna til hliðar, notið

heldur tækifærið til að læra eitthvað nýtt og víkka sjóndeildarhringinn. Spyrjið að því sem vekur forvitni og slakið á og andið rólega þegar svörin koma. Fyrst vinnuhjón ykkar ákváðu að deila upplýsingunum með ykkur þykir mér líklegt að þau séu reiðubúin að svara spurningum ykkar. Þetta gæti verið frábært tækifæri til að vaxa og eflast í umburðarlyndi - og enginn er að segja að þið þurfið sjálf að opna ykkar samband, það er algengur misskilningur í umræðunni. Opin sambönd henta alls ekki öllum og eru alls ekki smitandi.

Bestu
kveðjur,
Ragga

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi
Spurningar og tímarpantanir:
raggaeiriks@gmail.com
www.raggaeiriks.com

ÚTSALA

30-50%

AFSLÁTTUR AF SKÍÐAVÖRUM



Íslensku
ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

David Stewart Vildi frá kynlíf fyrir áður samþykktar hraðahindranir.



Vildi fá kynlíf fyrir hraðahindranir

Undarlegt mál kom upp í Flórída fyrir skemmstu þegar borgarstjóri einn var sakaður um að heimta kynlíf fyrir að koma upp hraðahindrunum.


Síðaráð í borginni Lantana hefur tekið málið fyrir og komist að þeirri niðurstöðu að líklegt sé að borgarstjórnin, David Stewart, hafi reynt að fá konu að nafni Catherine Padilla til að stunda mök með honum. Hún hafði leitað til hans með ósk frá íbúum hverfisins sem hún býr í um að setja upp

hraðahindranir en borgarstjórnin hafði lofað þeim árið 2015. Þá sagði hún að Stewart hefði lofað henni hindrunum ef hún svæfi hjá honum.

Í tilkynningu frá síðaráðinu síðastliðinn miðvikudag segir að Stewart hafi „misnotað vald sitt til að reyna að fá konuna til að veita honum kynlífsgreiða.“

Stewart neitar sök í málinu en sagði við dagblaðið Daytona Beach News að það væri óviðeigandi að ræða það á þessu stigi.

Helgarkrossgátan



Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð

toll	hnallþóra	bein	biður
gras			
fött			
illgresi			
2 eins ætíð		filman	

↓	aldan	tónn	súrefnið	suðar	tíu	ítrekun			
	→					→	↘	borg fugl	
kona							flissar		
<i>krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510</i>	nægja heppnast						hestur hássæti		vitund
nært					þvalar skott	6			
miskunnar						2 eins		fangar 3 eins	
	duglausum		munstruð 2 eins						nuddaði
ábreiða			flakka	1	alúðlega vaggar				
gargar						reis klippurnar		8	dularfullan
2 eins			skóbotnar		áköf pírra			kyrrð	
		spyrntir danina				3			
magran	4				farvegur			uppástungan	óðagoti
	átti litaðar		sægur muldra				mykja		
raftur					þófann þrjónn				
hitann							deig		
storm		svei		áþekk		drykkur		ílát	elgurinn
dínámór						fugl	árfaðir		
		öðlast	5	samtök	2	öskrað strákapör	7		
fyrirgefur							klína		
vekja					steinninn				

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

6		9	1	3		2		5
					5		4	
				7				
	9	3				5	1	
			7	8			3	
1	4		9				8	
	7	5			8			
3	6	1		4		9		
			6	1				

Erfið

		9					6	1
5	3			4	2			9
7			9				5	4
		4			5			
			4	9		6		
	3			7		1		
	8							3
2	4		8	5				
							2	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Friðdóra Sólrún

Tryggvadóttir

Hamrahlíð 30

Vopnafirði

Lausnarorðið var **KLÁÐAMAUR**

Friðdóra hlýtur að launum bókina Kapítóla



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Hinir smánuðu og svívirtu

Höfundur: Fjodor Dostojevskí
Gunnar Þorri Pétursson þýddi, Ingibjörg Haraldsdóttir þýddi
Hinir smánuðu og svívirtu eftir Fjodor Dostojevskí er viðburðarík skáldsaga sem birtist fyrst á prenti árið 1861 og hefur frá upphafi notið mikillar hylli lesenda. Hún gerist í Sankti Pétursborg og fjallar um gæsku og illsku, ástir og svik, örvæntingu og stéttaskiptingu – og samspil alls þessa í lífi eftirminnilegra sögupersóna.

Vanja er upprennandi rithöfundur sem berst í bökkum. Flókin samskipti við æskuástina og hennar fólk eru honum erfið en raunir hans aukast enn þegar Nellý verður á vegi hans – kornung stúlka sem á engan að; af veikum mætti reynir hann að forða henni frá götunni og illmenninu Valkovskí fursta.

Ingibjörg Haraldsdóttir skáld (d. 2016) þýddi margar af helstu skáldsögum Dostojevskí á íslensku, fyrst Glæp og refsingu sem kom út 1984. Hún hóf þýðingu á Hinum smánuðu og svívirtu en varð snemma frá að hverfa sökum veikinda og við tók Gunnar Þorri Pétursson sem lauk þýðingunni á þessu mikla verki og ritar auk þess fróðlegar skýringar og eftirmála.

ÍSLENSKIR F

Áhrifamenn í þjóðfélaginu ■ Leynd yfir gögnum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Mikil dulúð hefur löngum sveipað Frímúrararegluna, mun meiri en annarra bræðralaga svo sem Kiwanis eða Rotary. Vilja sumir meina að þeir stjórni heiminum en aðrir að þetta sé eingöngu mannræktarfélag. Hvað sem því líður er það sem fram fer á frímúrararafundum leyndarmál.


Þúsundir Íslenskra karlmanna eru frímúrarar og má glögg þekkja þá af hringunum sem þeir bera. Uppruni reglunnar er í Bretlandi og þaðan barst hún út um allan heim. Fyrsta stúkan hérlendis var stofnuð árið 1919 og sjálfstæð regla árið 1951. Yfirmaður reglunnar, eða stórmeistari, var þá enginn annar en forseti lýðveldisins, Sveinn Björnsson.

Leynd fræði

Samkvæmt lögum reglunnar er markmiðið að göfga og bæta mannlífið og eru þar upptalin sjö gildi, eða hyrningarsteinar: Trúin á guð – Hinn hæsta, dyggðin, kærlekurinn, ein-drægnin, þagmælskan, iðju-semin og stöðuglyndið. „Trúin eða dýrkun Guðs, Hins Hæsta, er upphaf og kjarni Reglunnar,“ segir þar.

Aðeins karlmenn eru teknir inn í regluna og þurfa þeir meðmæli frá tveimur reglubræðrum. Þeir verða að játa kristna trú, hafa óflekkað mannorð og vera sjálfráðir eigna sinna. Hægt er að draga umsóknina til baka í matsferlinu en eftir það er ekki hægt að ganga út nema í „sérstökum tilvikum.“

Þagmælskan er tekin alvarlega og í reglum stendur: „Utan vébanda Reglunnar er honum (reglubróður) alls óheimilt að ræða við nokkurn mann um innri störf eða siði hennar,



nema því aðeins, að hann sé fullviss um, að hann tali við frímúrarabróður og viti stigtign hans. Skal hann þá haga orðum sínum eftir því.“ Þá er reglubræðrum bannað að ganga í önnur félög sem byggja á leynd. Enn fremur: „Frímúrarabróður er stranglega bannað, án sérstakrar heimildar hverju sinni, að hafa í sinni vörslu nokkur

gögn er varða hin leyndu fræði Reglunnar, hverju nafni sem nefnast, hvorki frumgögn né eftirmyndir.“

Fjölmargir áhrifamenn í íslensku þjóðfélagi hafa verið og eru frímúrarar. DV tók saman nokkur nöfn núverandi og fyrrverandi reglubræðra. ■

„Utan vébanda Reglunnar er honum alls óheimilt að ræða við nokkurn mann um innri störf eða siði hennar, nema því aðeins, að hann sé fullviss um, að hann tali við frímúrarabróður og viti stigtign hans.“

Gunnar Bragi Sveinsson

Þingmaður Miðflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra. Dró Ísland úr ESB-viðræðum.



Ragnar Öundurson

Fyrrverandi bankastjóri lónaðarbankans. Gagnrýndi þingkonu fyrir próffilmmynd.



Jakob Frímann Magnússon

Tónlistarmaður og Stuðmaður. Barðist fyrir réttindum tónlistarmanna í STEF.



RÍMÚRARARAR

Júlíus Vífill Ingvarsson
Fyrirverandi framkvæmdastjóri Ingvars Helgasonar og borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Nýlega ákærður fyrir peningabætti.



Vilhjálmur Egilsson
Rektor háskólans á Bifröst og þingmaður Sjálfstæðisflokksins árin 1991 til 2003. Rektor og fyrirverandi þingmaður.



Vigfús Bjarni Albertsson
Sjúkrahúsprestur og forsetaframbjóðandi. Vildi verða forseti.



Jón Jósep Snæbjörnsson Tónlistarmaður og söngvari í svörtum fötum. Tvisvar sungið í Eurovision.



Pálmi Gestsson
Leikari og Spaugstofumaður. Ræddi regluna árið 2004.




Björn Ingi Hrafnsson
Athafnamaður og fyrirverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. Fyrirverandi borgarfulltrúi og fjölmiðlamaður.




Hilmir Snær Guðnason
Leikari hjá Þjóðleikhúsinu. Einn ástsælasti leikari Íslands.




Pórir Stephensen
Fyrirverandi dómkirkjuprestur. Játaði kynferðisbrot á Biskupsstofu.




Örn Bárður Jónsson
Fyrirverandi sóknarprestur Neskirkju. Hefur munninn fyrir neðan nefið.



Vilhjálmur Þór
Utanríkisráðherra og seðlabankastjóri. Einn áhrifamesti maður á Íslandi.



Jóhannes S. Kjarval
Fremsti landslagsmyndlistarmaður Íslands.




Ásgeir Ásgeirsson
Annar forseti lýðveldisins og forsætisráðherra. Annar forseti lýðveldisins.



Albert Guðmundsson
Ráðherra, þingmaður og atvinnumaður í knattspyrnu. Steig úr ráðherrastól í Hafskipsmálinu.




Grímur Thomsen
Skáld og þingmaður. Rómantískt skáld og bjó á Bessastöðum.



Sveinn Björnsson
Fyrsti forseti lýðveldisins og æðsti maður reglunnar. Fyrsti forseti Íslands.




Carlsen ver heimsmeistararadtitillinn gegn Caruana

■ Magnus ver titillinn í fjórða sinn ■ Caruana gæti skapað skákæði í Bandaríkjunum

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Næstkomandi fimmtudag, 9. nóvember, hefst heimsmeistarainvígí í skák milli Norðmannsins Magnusar Carlsen og Bandaríkjamannsins Fabianos Caruana. Óhætt er að segja að skákáhugamenn um allan heim nœtri af spennu því Caruana hefur verið á mikilli siglingu undanfarið og telja margir að hann sé líklegur til þess að velta Norðmanninum ómannlega úr sessi.

Einvígíð fer fram í The Collage í Holborn-hverfi í London. Kapparnir munu tefla 12 kappskákir um titillinn en verði jafnt á metunum munu þeir tefla bráðabana með styttri tímamörkum. Í styttri tímamörkunum er Carlsen sterkari og það telja íslenskir sérfræðingar að geti ráðið úrslitum. Þá má geta þess að stórmeistarinn Jóhann



Hjartarson verður einn af þremur einstaklingum sem verður í áfrýjunarnefnd einvígisins. Sú nefnd mun takast á við þær deilur eða álitamál sem kunna að koma upp í viðureignum kappanna.

DV fer hér stuttlega yfir feril undrabarnanna Carlsen og Caruana sem munu kljást í London.

Af ítölsku bergi brotinn

Fabiano Luigi Caruana fæddist í júlí 1992 og er tveimur árum yngri en Magnus Carlsen. Fabiano er fæddur í Miami-borg í Bandaríkjunum en foreldrar hans eru af ítölsku bergi brotnir. Fabiano ólst upp í Brooklyn-hverfi New

York-borgar. Hann náði fljótlega eftirtektarverðum árangri og svo fór að foreldrar hans ákváðu að flytjast með hann til meginlands Evrópu þar sem mun meira af sterkum skákmótum eru haldin. Þá ákváðu þau að Fabiano myndi tefla undir ítölsku flaggi því þar var meiri stuðning að fá. Fabiano varð stórmeistari í skák 14 ára og 11 mánaða gamall og er númer 34 á lista yfir yngstu skákmennina sem lönduðu þeim titli. Til samanturðar er Magnus sá sjötti yngsti í skáksöggunni til þess að landa titlinum.

Caruana hefur sótt Ísland tvisvar heim og í þeim tilgangi að tefla í alþjóðlega Reykjavíkurskákmótinu. Hann hafði sigur á mótinu í seinna skiptið, árið 2012, þá aðeins 19 ára að aldri.

Fabiano tefldi fyrir Ítalíu til ársins 2015 þegar hann ákvað að tefla aftur fyrir Bandaríkin. Sú ákvörðun hefur reynst honum happadhrjúg en hann hefur blómstrað síðan og hefur meðal annars landað Ólympíugull með ógnarsterkri skáksveit Bandaríkjaanna. Vonir standa til að væntanlegt invígí hans við Magnus Carlsen muni skapa sannkallað skákæði í Bandaríkjunum. Það mun tíminn einn leiða í ljós en hafi Fabiano sigur þá mun það eflaust skapa mikið umtal vestra.

Undradregurinn frá Noregi

Norðmaðurinn ótrúlegi, Magnus Carlsen, hefur drottnað yfir alþjóðlega skákheiminum í rúm átta ár. Ólíkt mörgum öðrum undrabörnum hefur ferill Magnus verið nánast ein samfelld sigurganga. Hann varð stigahæsti skákmað-



Lenka Ptacnikova, stórmeistari kvenna



Jón Viktor Gunnarsson, alþjóðlegur meistari í skák

ur heims árið 2010 og hefur haldið þeirri stöðu æ síðan. Þá er hann sá einstaklingur sem hefur náð hæstu skákstigum sögunnar, 2.882 í maí 2014. Hann varð sextándi heimsmeistari í skák árið 2013 þegar hann lagði ríkjandi heimsmeistara, Viswanathan Anand, örugglega að velli í invígí. Carlsen varði titillinn síðan í öðru invígí gegn Anand árið 2014. Þá stóð Carlsen af sér atögu Rússans Sergeys Karjakin árið 2016 en það invígí endaði í bráðabana.

Mikill Íslandsvinur – Vakti heimsathygli hér á landi

Carlsen hefur margoft sótt Ísland heim og kann vel við sig hér á landi. Hann tók nokkrum sinnum þátt í Alþjóðlega Reykjavíkurmótinu auk þess sem hann tefldi fyrir hönd Noregs á Evrópumóti landsliða í höfuðborginni um árið. Hér vakti hann líka fyrst verulega alþjóðlega athygli en það var þegar honum var boðið sæti á Reykjavík Rapid, ógnarsterku atskákmóti sem fram fór í mars 2004. Sjálfur Kasparov var meðal þátttakenda og örlögin höguðu því þannig að kapparnir mættust í tveggja skáka útsláttareinvígí í mótinu. Það vakti gífurlegt umtal þegar Kasparov þurfti að berjast fyrir jafntefli í fyrri skákinni en svo hafði sá rússneski sigur í þeirri seinni og sló Carlsen út úr

mótinu. „Ég tefldi eins og barn,“ sagði norska undrabarnið eftir þá rimmu.

Carlsen hefur betra skor


Carlsen og Caruana hafa eldað grátt silfur saman á sterkustu skákmótum heims undanfarið ár. Þeir bera virðingu fyrir hvor öðrum og samskipti þeirra eru kurteisileg, en þeir eru engir vinir. Í dag er Carlsen stigahæsti skákmaður heims með 2.835 stig en Caruana fylgir í humátt á eftir með 2.832 stig. Á dögnum tefldi Carlsen síðustu skákir sínar fyrir heimsmeistarainvígíð þegar hann tók þátt í Evrópumóti taflfélaga í Porto Carras í Grikklandi. Þar var Magnus í nauðvörn gegn rússneska ofurstórmeistararum Peter Svidler og mátti sjá á þeim norska að það saud á honum. Tap hefði þýtt að Caruana hefði verið stigahærri en Carlsen þegar heimsmeistarainvígíð hæfist. Sá norski var ekki að fara að láta það gerast. Hann hélt jöfnu og bjargaði sér fyrir horn.

Carlsen og Caruana hafa teflt 33 kappskákir á ferli sínum. Sá norski hefur unnið tíu skákir en Caruana fimm. Átján hafa endað með jafntefli. Það skor mun þó hafa lítið að segja í London. Caruana er afar hungraður og hann óttast Magnus ekki. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Hvernig fer invígíð – íslenskir sérfræðingar spá í spilin:

Hjörvar Steinn Grétarsson, stórmeistari

Loksins fá skákáhugamenn invígí þar sem óhætt er að segja að tveir bestu skákmenn í heimi etji kappi. Caruana hefur undanfarið sýnt styrkleika sem við höfum ekki séð áður en ég tel engu að síður Carlsen vera sigurstranglegrí. Þá sérstaklega vegna reynslunnar sem hann hefur af invígum sem þessum. Carlsen er flottur fulltrúi skákarinnar og það er mikilvægt að hann verði það áfram.

Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands

Ég held að þetta verði erfiðasta invígíð fyrir Magnus hingað til. Munurinn á honum og Fabiano er einfaldlega minni en hann hefur verið hingað til. Samt átti hann í erfiðleikum með að kreista fram sigur gegn Karjakin og Anand.

Fabiano hefur auk þess gott bakland í Bandaríkjunum sem mun styðja hann með ráðum og dád. Ég tel samt að Magnús muni hafa þetta. Sennilega þarf til bráðabana og jafnvel mun koma til þess að sá norski jafni metin í næstsíðustu eða jafnvel síðustu skákinni.

Ég mun halda með frænda okkar og stefni á að vera viðstaddur einhverjar skákir einvígisins.

Lenka Ptacnikova, stórmeistari kvenna

Ef maður horfir aðeins á síðustu úrslit á milli Carlsen og Caruana, þá hefur Magnus vinninginn. Í invígí skiptir ekki svo miklu máli hver var sigursælli í mótum, heldur hvernig stíll andstæðingsins passar manni. Í þessu tilviki mun Magnus reynast óþægur ljár í þúfu fyrir þann bandaríska. Caruana er hins vegar búinn að bæta sig mikið og undirbúningur hans er mjög djúpur. Heimsmeistarainvígí er afar sérstakur viðburður, sem mun valda gríðarlegu álagi á keppendur. Magnus hefur mikla reynslu af því. Á móti kemur að Fabiano er mjög hungraður að komast á toppinn og það gæti gefið honum auka orku. Ég held að invígíð verði mjög skemmtilegt og spennandi en Carlsen vinnur að lokum!

Jón Viktor Gunnarsson, alþjóðlegur meistari

Magnus Carlsen vinnur invígíð. Það sem mun hjálpa honum er reynslan úr svona invígum, hana ber seint að vanmeta. Það er ekki ólíklegt að kapparnir verðir jafnir eftir 12 skákir. Þá munu þeir þurfa að tefla styttri tímamörk og þar er Magnus töluvert sterkari í atskákinni og hraðskákum.

Marmot®

Vetrardagar 1.-3. nóvember

Rýmum fyrir nýjum vörum

20-50%
afsláttur
af Marmot vetrarvörum



Marmot

SCARPA

Smartwool
Go far. Feel good.

PETZL

Black Diamond

Julbo

FJALLA
KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



MANST ÞÚ EFTIR MIKLAGARÐI?

■ Fyrsti stórmarkaðurinn ■ Starfsmenn eins og fjölskylda ■ Mörg pör urðu til í Miklagarði

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Margir muna eftir Miklagarði sem var stærsta verslun landsins á níunda áratugnum. Var verslunin opnuð í Holtagörðum í nóvember árið 1983 og var verslunarrýmið heilir 4.700 fermetrar. Í verslunum Miklagarðs var á sínum tíma hægt að nálgast Miklagarðstíðindi en þar mátti finna nýjustu fréttir af þeim tilboðum og uppákomum sem voru í gangi í hverju sinni. Myndirnar tók Óli Jónsson, fyrrverandi starfsmaður Miklagarðs, og eru þær teknar á níunda áratugnum.

Síðar meir áttu eftir að vera starfræktar fimm stórverslanir á höfuðborgarsvæðinu en auk verslunarinnar í Holtagörðum mátti einnig finna útibú í Garðabæ, Hafnarfirði, í Vesturbænum

og í Mjódd. Fyrirtækið var rekið af SÍS en varð gjaldþrota árið 1993 og lögðu verslanirnar þá upp laupana. Pressan ræddi á sínum tíma við Elísu G. Jónsdóttur sem starfaði í Miklagarði og lýsti honum sem fyrsta stórmarkaðinum á Íslandi.

„Þabbi var framkvæmdastjóri og maður var alltaf með annan fótinn þarna þangað til ég byrjaði að vinna þar árið 1988 og bræður mínir unnu þar líka,“ sagði Elísa. „Við vorum eins og ein stór fjölskylda. Samheldnin og andrúmsloftið sem ríkti á hverjum degi var alveg frábært. Við sem unnum þarna sem unglingar kynntumst mörg okkar bestu vinum og eigum öll hlýjar minningar frá þessum árum. Svo má ekki gleyma Miklagarðs-pörunum sem urðu til á þessum tíma,“ bætti Elísa við og hló. ■



„Við vorum eins og ein stór fjölskylda“



GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA



Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola Hugsum áður en við hendum!



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Pantaðu græna tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



My/Senso

Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

Tími þotuliðsins í Keflavík

Ari Brynjólfsson
ari@div.is




Flugsaga Íslendinga er nátengd stríðsrekstri Bandamanna í síðari heimsstyrjöld og síðar Bandaríkjamanna í Kalda stríðinu. Íslendingar ferðuðust lítið framan af öldinni og var fólkíð sem fór með flugvélum til framandi staða eins og Lúxemborgar uppnefnt þotulið. Hægt og rólega fór ferðum fjölgandi og Íslendingar byrjuðu að leita í sólina, fór svo að Leifsstöð var byggð árið 1987. Fram að því var flugstöðin inni á varnarsvæði herstöðvarinnar og eiga margir góðar minningar af því að koma þar við, upplifa að vera hluti af þotuliðinu og kaupa filmur í myndavélina á leiðinni út og forboðnar veigar eins og bjór á leiðinni heim.

Edda Björk Bogadóttir starfaði í farþegaafgreiðslunni á flugvöllinum

frá 1964–67. Hún segir ótrúlega skemmtilegar minningar vakna við að sjá þessar myndir. „Lengi vel var aðeins einn útgangur og var hann ólæstur sem olli því að farþegar vildu stundum ráfa út á flughlað eða jafnvel lengra,“ segir Edda Björk. Hún segir að þegar það var vont veður, stórhrið og hálfka réð ríkjum, þá hafi verið erfitt fyrir farþegana að fóta sig og komast í hús. Hún man eftir kvenfólki á hælahaum skóm og karlmönnum með hatta sem oft og tíðum fuku langar leiðir. „Seinkun var algeng hjá Loftleiðum og þá leituðu farþegar oft í klúbbana sem tilheyrðu herstöðinni og þýddi það að við þurftum að leita þá uppi þegar flugvélin var tilbúin til brottfarar.“

Meðfylgjandi ljósmyndir voru í vörslu Friðriks Friðrikssonar sem gaf DV góðfúslegt leyfi til að birta þær. ■



NOKIA 3.1

13 MP MYNDAVÉL
TEKUR 2 SIMKORT
5.2" 18:9 SKJÁR MEÐ
GORILLA GLASS

NOKIA androidone



Ótrúleg
verð!



Stórsýning á húsbílum í Reykjanesbæ um helgina

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 58: Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling ofl.ofl.
Ótrúlegt verð, frá: 6.490.000

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 64: Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling ofl. ofl.
Ótrúlegt verð, frá: 7.590.000

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 67: Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.
Ótrúlegt verð: 7.790.000

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 68: Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.
Ótrúlegt verð: 7.990.000

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 69 L: Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, hjónarúm aðgengilegt beggja vegna, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.
Ótrúlegt verð: 8.190.000

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight Cliff 640: Árgerð 2018. FIAT Maxi grindin, 16", markísa, gott geymslupláss aftur í, LED lýsing, 12V pressuískápur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, bakskynjarar o.fl. ofl.
Ótrúlegt verð: 9.350.000.

SÝNINGARTILBOÐ



LMC Breezer H 737 G: Árgerð 2017. Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, bakmyndavél o.fl. o.fl.
Ótrúlegt verð: 9.980.000.

SÝNINGARTILBOÐ



Dethleffs Trend T 7057 DBM: Árgerð 2018. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, breið inngangshurð með samlæsingu, rafmagnsdrifð fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.
Ótrúlegt verð: 10.890.000.

Frábært úrval
stórglæsilegra tækja á
ótrúlegum verðum,
frá 5.990.000,
árgerðir 2014-2018

Sunlight

Dethleffs

McRent

LMC

Opnunartímar

Laugardaginn 3. og 10. nóvember frá kl. 12-16
Sunnudaginn 4. og 11. nóvember frá kl. 12-16

Opið virka daga frá 10 - 17

Helgaropnanir auglýstar nánar á heimasíðu P. Karlsson.



P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200 | www.pkarlsson.is



Lítt þekkt ættartengsl

Verkalýðsforinginn og ráðherrann

Á dögunum var Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, kjörin forseti ASÍ. Hún er fyrst kvenna til að gegna því starfi. Drífa er vinstri sinnuð baráttukona með ríka sómakennnd. Til marks um það sagði hún sig úr Vinstri grænum þegar flokkurinn gekk til stjórnarsamstarfs við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn. Drífa á ekki langt að sækja blóðrauðan baráttuandann. Afi hennar var Stefán Ögmundsson, eldheitur sósíalisti og baráttumaður fyrir kjörum íslenskra prentara. Hann var um tíma varaforseti ASÍ. Systursonur Stefáns, og þar með náfrænda Drífu, er annar baráttumaður. Það er Ögmundur Jónasson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.



Lítt þekkt ættartengsl

Neytendaforinginn og alþingismaðurinn

Í vikunni var Breki Karlsson kjörinn nýr formaður Neytendasamtakanna. Fjórir voru í framboði en Breki hlaut 53% greiddra atkvæða. Breki státar af meistaraþrófi í hagfræði frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn og hefur um árabíl starfað sem forstöðumaður Samtaka um fjármálalæsi. Áhugann á fjármálum á Breki sameiginlegan með móðurbróður sínum, alþingismanninum Pétri H. Blöndal heitnum.



Sigga Maja leitar að góðhjúrtuðum þungarokkara

Sigríður María Eypórsdóttir, sem búsett er í Grindavík, leitar að manni sem aðstoðaði dóttur hennar í verslun bæjarins á miðvikudag.

Tílefnið var það að níu ára gömul dóttir hennar vildi taka þátt í verkefninu Jól í skókassa, þar sem jólagjöfum með leikföngum og nauðþurftum er safnað fyrir börn í Úkraínu. „Ég lét hana hafa 10.000 krónur og hún var með góða hugmynd um hvað ætti að fara í kassann, en vildi gefa gjöfina dreng á sínum aldri,“ segir Sigga Maja í samtali við DV.

Þegar hún kom í búðina tók gjafagleðin yfir og ljóst var að upphæðin dugði ekki til. „Hún keypti alls konar: vasareikni, blýanta, nammi og fleira. Jól í skókassa gefa út lista með leiðbeiningum um hvað má fara í kassann, en hana langaði að kaupa bara allt.“

Þegar á kassann var komið var ljóst að upphæðin var yfir 15 þúsund og því góð ráð dýr fyrir þá stuttu, sem tvísteig við kassann. Þá steig fram ungur maður sem greiddi afganginn, rúmlega fimm þúsund, óskaði dótturinni gleðilegrar hrekkjavöku og hvarf út í myrkrið.

„Ég kann engin deili á þessum manni en að sögn er hann örugglega bestasti maður í Grindavík, er frekar ungur og lítur út fyrir að hlusta á Skálmöld,“ segir Sigga Maja og bætir við að líklega vilji maðurinn ekki endurgreiðslu þar sem hann hefur enn ekki gefið sig fram. „En mig langar bara að taka í höndina á honum og þakka honum fyrir fallega framkomu og náungakærleikann.“

Auður Líf Benediktsdóttir og þar er hún með jólakortid sem hún sendi með pakknum.





BACON QUESADILLA



STÖK 1099 KR.

Mjúk tortilla, beikon, ostur, creamy jalapeñosósa og kjúklingur.



MÁLTÍÐ 1699 KR.

Bacon Quesadilla, nachos með ostasósu, gos og bleikar fylltar Appolloreimar.



Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is